REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1013/2006

frá 14. júní 2006

um tilflutning úrgangs

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Helsta og mikilvægasta markmið og inntak þessarar reglugerðar er vernd umhverfisins en ef hún hefur áhrif á alþjóðaviðskipti er það ekki af ásettu ráði.

2) Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([3]) hefur ítrekað verið breytt verulega og þörf er á frekari breytingu. Einkum er nauðsynlegt að fella inn í reglugerðina efni ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB frá 24. nóvember 1994 varðandi staðlaða fylgibréfið sem um getur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 ([4]) og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/412/EB frá 3. júní 1999 varðandi spurningalista sem aðildarríkin nota við skýrslugerð skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 259/93 ([5]). Til glöggvunar skal því skipta út reglugerð (EBE) nr. 259/93.

3) Ákvörðun ráðsins 93/98/EBE ([6]) varðar, af hálfu Bandalagsins, samþykkt Basel-samningsins frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra ([7]), sem Bandalagið hefur verið aðili að frá 1994. Með því að samþykkja reglugerð (EBE) nr. 259/93 hefur ráðið komið á reglum til að takmarka og hafa eftirlit með slíkum flutningi sem m.a. er ætlað að sjá til þess að gildandi kerfi Bandalagsins um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs uppfylli kröfurnar í Basel-samningnum.

4) Ákvörðun ráðsins 97/640/EB ([8]) varðar samþykki Bandalagsins á breytingu á Basel-samningnum eins og mælt er fyrir um í ákvörðun III/1 aðila að Basel-samningnum. Með þeirri breytingu er allur útflutningur hættulegs úrgangs, sem ætlaður er til förgunar, frá löndum sem tilgreind eru í VII. viðauka við samninginn til landa sem ekki eru skráð þar bannaður frá og með 1. janúar 1998 ásamt öllum slíkum útflutningi hættulegs úrgangs sem um getur í a-lið 1. mgr. 1. gr. samningsins og ætlaður er til endurnýtingar. Reglugerð (EBE) nr. 259/93 var breytt til samræmis með reglugerð ráðsins (EB) nr. 120/97 ([9]).

5) Í ljósi þess að Bandalagið hefur samþykkt ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar (ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar) í því skyni að samræma úrgangsskrár ákvæðum Basel-samningsins og endurskoða tilteknar aðrar kröfur er nauðsynlegt að fella efni þeirrar ákvörðunar inn í löggjöf Bandalagsins.

6) Bandalagið hefur undirritað Stokkhólmssamninginn frá 22. maí 2001 um þrávirk, lífræn mengunarefni.

([1]) Stjtíð. ESB C 108, 30.4.2004, bls. 58.
([2]) Álit Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2003 (Stjtíð. ESB C 87 E, 7.4.2004, bls. 281), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. júní 2005 (Stjtíð. ESB C 206 E, 23.8.2005, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 25. október 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 29. maí 2006.
([3]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).
([4]) Stjtíð. EB L 310, 3.12.1994, bls. 70.
([5]) Stjtíð. EB L 156, 23.6.1999, bls. 37.
([6]) Stjtíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 3.
([8]) Stjtíð. EB L 272, 4.10.1997, bls. 45.
([9]) Stjtíð. EB L 22, 24.1.1997, bls. 14.

7) Mikilvægt er að skipuleggja og setja reglur um umsjón og eftirlit með tilflutningi úrgangs með tilliti til þeirrar nauðsynjar að varðveita, vernda og auka gæði umhverfisins og heilbrigði manna þannig að stuðlað sé að samræmdari beitingu reglugerðarinnar í Bandalaginu.

8) Einnig er mikilvægt að hafa í huga þá kröfu, sem mælt er fyrir um í d-lið 2. mgr. 4. gr. Basel-samningsins, um að draga skuli sem mest úr tilflutningi hættulegs úrgangs sem er í samræmi við umhverfisvæna og skilvirka meðhöndlun slíks úrgangs.

9) Enn fremur er mikilvægt að hafa í huga rétt hvers aðila að Basel-samningnum, skv. 1. mgr. 4. gr., til að banna innflutning hættulegs úrgangs eða úrgangs sem tilgreindur er í II. viðauka við samninginn.

10) Tilflutningur úrgangs frá herafla eða hjálparstofnunum skal undanþeginn gildissviði þessarar reglugerðar þegar hann er fluttur inn í Bandalagið við tilteknar aðstæður (þ.m.t. umflutningur innan Bandalagsins ef úrgangurinn er fluttur inn í Bandalagið). Fara skal að kröfum þjóðaréttar og alþjóðasamningum í tengslum við slíka tilflutninga. Í slíkum tilvikum skal tilkynna lögbæru umflutningsyfirvaldi og lögbæru viðtökuyfirvaldi í Bandalaginu fyrir fram um tilflutninginn og ákvörðunarstaðinn.

11) Nauðsynlegt er að koma í veg fyrir skörun við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([1]) sem inniheldur þegar ákvæði sem taka almennt til sendingar, dreifingar og tilfærslu (þ.e. söfnunar, flutnings, meðhöndlunar, vinnslu, notkunar, endurnýtingar eða förgunar, skráahalds, fylgiskjala og rekjanleika) aukaafurða úr dýrum innan Bandalagsins, inn í það og út úr því.

12) Framkvæmdastjórnin skal eigi síðar en gildistökudag reglugerðarinnar leggja fram skýrslu um tengslin milli annars vegar gildandi, sértækrar löggjafar um heilbrigði dýra og manna og hins vegar ákvæða þessarar reglugerðar og skal hún leggja fram hugsanlegar tillögur fyrir gildistökuna sem nauðsynlegar eru til að samræma slíka löggjöf þessari reglugerð til að ná sambærilegu eftirliti.

13) Þótt umsjón og eftirlit með tilflutningi úrgangs innan aðildarríkis heyri undir viðkomandi aðildarríki skulu landsbundin kerfi, er varða tilflutning úrgangs, miðast við þörfina á samræmi við kerfi Bandalagsins til að tryggja öfluga vernd umhverfis og heilbrigðis manna.

14) Ef um er að ræða tilflutning úrgangs sem ætlaður er til förgunar eða úrgang, sem ætlaður er til endurnýtingar og er ekki tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A eða B, er rétt að tryggja hámarksumsjón og -eftirlit með því að krefjast þess að fyrir liggi skriflegt samþykki fyrir slíkum tilflutningum. Slíkt ferli skal hafa í för með sér fyrirframtilkynningu sem gerir lögbærum yfirvöldum kleift að vera vel upplýst svo að þau geti gert allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda heilbrigði manna og umhverfið. Viðkomandi yfirvöldum skal einnig gert kleift að hreyfa rökstuddum andmælum gegn slíkum tilflutningi.

15) Ef um er að ræða tilflutning úrgangs, sem ætlaður er til endurnýtingar og er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A eða B, er rétt að tryggja hámarksumsjón og -eftirlit með því að krefjast þess að slíkum tilflutningi fylgi tilteknar upplýsingar.

16) Í ljósi nauðsynjar þess að beita þessari reglugerð á samræmdan hátt og til þess að starfsemi innri markaðarins verði með eðlilegum hætti er nauðsynlegt til að auka skilvirkni að krefjast þess að lögbært yfirvald í sendingarríki taki tilkynningar til meðferðar.

17) Einnig er mikilvægt að skýra kerfi fyrir fjárhagslegar tryggingar eða sambærilegar tryggingar.

18) Með hliðsjón af ábyrgð framleiðenda úrgangs að því er varðar umhverfisvæna meðhöndlun hans skulu framleiðendurnir, þar sem því verður við komið, fylla út tilkynningar- og flutningsskjölin er varða tilflutning úrgangs.

19) Nauðsynlegt er að setja réttarfarsreglur fyrir tilkynnanda, bæði vegna réttaröryggis og til að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar og eðlilega starfsemi innri markaðarins.

20) Ef um er að ræða tilflutning úrgangs sem ætlaður er til förgunar skulu aðildarríkin taka tillit til nándarreglunnar og meginreglnanna um að setja endurnýtingu og sjálfsnægtir í forgang á vettvangi Bandalagsins og í hverju aðildarríki fyrir sig, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([2]), með því að gera ráðstafanir í samræmi við sáttmálann til að banna alveg eða að hluta slíkan tilflutning eða andmæla honum kerfisbundið. Einnig skal taka tilliti til þeirrar kröfu, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/12/EB, um að aðildarríkin skuli setja á stofn samþætt og fullnægjandi kerfi förgunarstöðva sem á að gera Bandalaginu í heild fært um að sjá sjálft um förgun eigin úrgangs og gera hverju aðildarríki um sig kleift að ná þessu markmiði þar sem tillit er tekið til landfræðilegra aðstæðna eða þeirrar þarfar sem er fyrir sérhæfðar stöðvar fyrir tilteknar tegundir úrgangs. Aðildarríkjunum skal einnig vera kleift að sjá til þess að

([1]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 416/2005 (Stjtíð. ESB L 66, 12.3.2005, bls. 10).

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

sorpmeðhöndlunarstöðvar, sem falla undir tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun ([1]), noti bestu, fáanlegu tækni, eins og skilgreint er í fyrrgreindri tilskipun, í samræmi við leyfi stöðvarinnar, og að úrgangurinn sé meðhöndlaður í samræmi við lagalega bindandi umhverfisverndarstaðla í tengslum við förgunaraðgerðir sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins.

21) Ef um er að ræða tilflutning úrgangs til förgunar skal aðildarríkjunum vera kleift að sjá til þess að sorpmeðhöndlunarstöðvar, sem falla undir tilskipun 96/61/EB, noti bestu, fáanlegu tækni eins og hún er skilgreind í þeirri tilskipun í samræmi við leyfi stöðvarinnar. Aðildarríkjunum skal einnig vera kleift að sjá til þess að úrgangur sé meðhöndlaður í samræmi við lagalega bindandi umhverfisverndarstaðla í tengslum við endurnýtingaraðgerðir sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins og að úrgangurinn, að teknu tilliti til 4. mgr. 7. gr. í tilskipun 2006/12/EB, sé meðhöndlaður í samræmi við áætlanir um meðhöndlun úrgangs, sem kveðið er á um í fyrrgreindri tilskipun, í því skyni að tryggja framkvæmd lagalega bindandi skuldbindinga um endurnýtingu eða endurvinnslu sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins.

22) Setning lögboðinna krafna að því er varðar sorpmeðhöndlunarstöðvar og meðhöndlun tiltekinna úrgangsefna á vettvangi Bandalagsins getur ásamt gildandi ákvæðum í lögum Bandalagsins stuðlað að víðtækri umhverfisvernd í Bandalaginu, stuðlað að jöfnum samkeppnisskilyrðum í tengslum við endurnýtingu og stuðlað að því að tryggja að myndun fjárhagslega hagkvæms innri markaðar fyrir endurnýtingu sé ekki hindruð. Því er þörf á að jafna samkeppnisskilyrði í Bandalaginu í tengslum við endurnýtingu með beitingu sameiginlegra staðla á tilteknum svæðum þar sem við á í því skyni að auka gæði endurnýtingar, þ.m.t. í tengslum við afleidd efni. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, leggja fram tillögur um slíka staðla fyrir tiltekinn úrgang og ákveðnar endurnýtingarstöðvar eins fljótt og auðið er á grundvelli frekari athugunar í tengslum við áætlun um úrgang og með tilliti til gildandi löggjafar Bandalagsins og aðildarríkjanna. Þangað til skal undir tilteknum kringumstæðum vera unnt að andmæla fyrirhuguðum tilflutningum ef tengd endurnýting samrýmist ekki landslögum í sendingarríkinu um endurnýtingu úrgangs. Í millitíðinni skal framkvæmdastjórnin jafnframt endurskoða tilvik er varða hugsanlega, óæskilega tilflutninga úrgangs til nýju aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, leggja fram viðeigandi tillögur til að takast á við slík tilvik.

23) Aðildarríkjunum skal gert skylt að sjá til þess, í samræmi við samning efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UNECE) um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum frá 25. júní 1998 (Árósasamningurinn), að viðkomandi lögbær yfirvöld veiti almenningi aðgang á viðeigandi hátt að upplýsingum um tilkynningar um tilflutninga séu slíkar upplýsingar ekki trúnaðarmál samkvæmt landslögum eða löggjöf Bandalagsins.

24) Mæla skal fyrir um þá skyldu að ef tilflutningur úrgangs hefur ekki farið fram eins og fyrirhugað hafði verið skal senda úrganginn til baka til sendingarríkisins eða hann endurnýttur eða honum fargað á annan hátt.

25) Þeim sem er ábyrgur fyrir ólöglegum tilflutningi skal gert skylt að taka viðkomandi úrgang til baka eða gera aðrar ráðstafanir til endurnýtingar hans eða förgunar. Ef viðkomandi gerir það ekki skulu lögbær sendingar- eða viðtökuyfirvöld, eftir því sem við á, sjálf hafa afskipti af málinu.

26) Í því skyni að vernda umhverfið í viðkomandi ríkjum er nauðsynlegt að skýra gildissvið bannsins sem mælt er fyrir um í samræmi við Basel-samninginn um útflutning frá Bandalaginu á úrgangi sem ætlaður er til förgunar í þriðja landi sem ekki er EFTA-land (Fríverslunarsamtök Evrópu).

27) Lönd, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, geta samþykkt þær eftirlitsaðferðir sem gilda um tilflutninga innan Bandalagsins.

28) Í því skyni að vernda umhverfið í viðkomandi ríkjum er einnig nauðsynlegt að skýra gildissvið bannsins við útflutningi á hættulegum úrgangi, sem ætlaður er til endurnýtingar í landi sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, og sem einnig er mælt fyrir um í samræmi við Basel-samninginn. Einkum er nauðsynlegt að skýra skrána yfir úrgang sem bannið gildir um og sjá til þess að hún taki einnig til úrgangs sem tilgreindur er í II. viðauka við Basel-samninginn, nánar tiltekið til sorps, sem safnað er frá heimilum, og leifa frá brennslu húsasorps.

29) Viðhalda skal sérstöku fyrirkomulagi að því er varðar útflutning hættulauss úrgangs til endurnýtingar í löndum sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunar og skal setja ákvæði þar að lútandi sem verða aðlöguð frekar síðar.

30) Innflutningur úrgangs inn í Bandalagið til förgunar skal leyfður ef útflutningslandið er aðili að Basel-samningnum. Innflutningur úrgangs inn í Bandalagið til endurnýtingar skal leyfður ef útflutningslandið fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða ef það er aðili að Basel-samningnum. Í öðrum tilvikum skal hins vegar einungis leyfa innflutning ef útflutningslandið er bundið tvíhliða eða marghliða samningi eða samkomulagi sem samrýmist löggjöf Bandalagsins og er í samræmi við 11. gr. Basel-

([1]) Stjtíð. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 166/2006 (Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2006, bls. 1).

samningsins, nema ekki sé unnt að koma því við vegna hættuástands, friðarumleitana, friðargæslu eða stríðs.

31) Beita skal þessari reglugerð í samræmi við alþjóðleg siglingalög.

32) Þessi reglugerð skal endurspegla reglur um útflutning og innflutning úrgangs til og frá löndum og umdæmum handan hafsins sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um samtök landa og umdæma handan hafsins við Evrópubandalagið ([1]).

33) Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, í samræmi við tilskipun 2006/12/EB og aðra löggjöf Bandalagsins um úrgang, að farið sé þannig með úrgang, sem fluttur er innan Bandalagsins, og úrgang, sem fluttur er inn í Bandalagið, meðan á tilflutningi stendur og við endurnýtingu eða förgun í viðtökulandinu að heilbrigði manna sé ekki stofnað í hættu og án þess að notaðar séu vinnsluaðferðir eða -ferli sem gætu skaðað umhverfið. Að því er varðar útflutning frá Bandalaginu, sem er ekki bannaður, skal leitast við að tryggja að farið sé með úrganginn á umhverfisvænan hátt meðan á tilflutningi stendur og við endurnýtingu eða förgun í því þriðja landi sem er viðtökuland. Stöðin, sem tekur við úrganginum, skal rekin í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisverndarstaðla sem eru að miklu leyti jafngildir þeim stöðlum sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins. Taka skal saman skrá yfir viðmunarreglur, sem ekki eru bindandi, um umhverfisvæna meðferð úrgangs.

34) Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar er varða framkvæmd þessarar reglugerðar, bæði á formi skýrslna sem lagðar eru fyrir skrifstofu Basel-samningsins og á grundvelli sérstakra spurningalista.

35) Nauðsynlegt er að tryggja að niðurrif skipa fari fram á öruggan og vistvænan hátt til að vernda heilbrigði manna og umhverfið. Að auki er athygli vakin á því að skip getur talist úrgangur samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. Basel-samningsins en jafnframt verið skilgreint sem skip samkvæmt öðrum alþjóðareglum. Mikilvægt er að hafa í huga að nú stendur yfir vinna, sem felur í sér samvinnu milli Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO), Alþjóða-siglingamálastofnunarinnar og skrifstofu Basel-samningsins í því skyni að setja lögboðnar kröfur á heimsvísu sem tryggja skilvirka og áhrifaríka lausn á vandanum er varðar niðurrif skipa.

36) Skilvirk alþjóðasamvinna að því er varðar eftirlit með tilflutningi úrgangs á stóran þátt í að tryggja að eftirlit sé haft með tilflutningi hættulegs úrgangs. Hvetja skal til upplýsingaskipta, sameiginlegrar ábyrgðar og samvinnu milli Bandalagsins og aðildarríkjanna og þriðju landa í því skyni að tryggja að farið sé með úrgang á traustan hátt.

37) Framkvæmdastjórnin skal samþykkja tiltekna viðauka við þessa reglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB. Þessi málsmeðferð gildir einnig um breytingar á viðaukunum með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni, breytinga á viðeigandi löggjöf Bandalagsins eða tilvika sem tengjast ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða Basel-samningnum og öðrum tengdum alþjóðasamþykktum og -samningum.

38) Við gerð leiðbeininga um hvernig skuli fylla út tilkynningar- og flutningsskjölin í I. viðauka C skal framkvæmdastjórnin, með hliðsjón af ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar og Basel-samningnum, m.a. tilgreina að tilkynningar- og flutningsskjölin skuli eftir því sem unnt er vera á tveimur blaðsíðum ásamt því að tilgreina nákvæma tímasetningu fyrir útfyllingu tilkynningar- og flutningsskjala í I. viðauka A og I. viðauka B, að teknu tilliti til II. viðauka. Ef munur er á hugtakanotkun og kröfum milli annars vegar ákvörðunar Efnahags- og framfarastofnunar og Basel-samningsins og hins vegar þessarar reglugerðar skal skýra sértæku kröfurnar.

39) Þegar metið er hvaða blöndum úrgangstegunda skuli bætt við í III. viðauka A skal m.a. taka mið af eftirfarandi upplýsingum: eiginleikum úrgangsins, t.d. hugsanlega hættulegum eiginleikum, möguleika á mengun, eðlisástandi, atriðum er varða meðferð hans, t.d. tæknikunnáttu að því er varðar endurnýtingu úrgangsins og umhverfislegan ávinning vegna endurnýtingar, þ.m.t. hvort eitthvað kunni að hamla umhverfisvænni meðhöndlun úrgangs. Framkvæmdastjórnin skal leitast eins og framast er unnt við að ljúka við þennan viðauka fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og ljúka þessu verkefni eigi síðar en sex mánuðum eftir þann dag.

40) Framkvæmdastjórnin skal einnig samþykkja viðbótarráðstafanir í tengslum við framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB. Þessar ráðstafanir skulu fela í sér að sett er fram aðferð við útreikning á fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu sem framkvæmdastjórnin skal ljúka við, ef unnt er, fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar.

41) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

42) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja umhverfisvernd við

([1]) Stjtíð. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

tilflutning úrgangs, og vegna umfangs hennar og áhrifa, verður þeim betur náð á vettvangi Bandalagsins og af þeim sökum er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. BÁLKUR

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um aðferðir og eftirlitsáætlanir fyrir tilflutning úrgangs eftir uppruna, áfangastað og flutningsleið, tegund þess úrgangs, sem er fluttur, og þeirri meðhöndlun sem úrgangurinn fær á ákvörðunarstað.

2. Þessi reglugerð gildir um tilflutning úrgangs:

a) milli aðildarríkjanna innan Bandalagsins eða við umflutning um þriðju lönd,

b) sem er fluttur inn í Bandalagið frá þriðju löndum,

c) sem er fluttur út úr Bandalaginu til þriðju landa,

d) við umflutning um Bandalagið á leið frá þriðju löndum og til þeirra.

3. Eftirfarandi er undanskilið gildissviði þessarar reglugerðar:

a) afferming úrgangs, sem verður til við venjulegan rekstur skipa og grunnsævispalla, þ.m.t. skólp og leifar, að því tilskildu að slíkur úrgangur falli undir kröfur alþjóðasamningsins um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 eins og honum var breytt með bókuninni við hann frá 1978 (MARPOL-samningurinn frá 73/78) eða annarra bindandi, alþjóðlegra gerninga,

b) úrgangur, sem verður til um borð í ökutækjum, lestum, flugvélum eða skipum, þar til slíkur úrgangur er affermdur til endurnýtingar eða förgunar,

c) tilflutningur geislavirks úrgangs, eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar ráðsins 92/3/KBE frá 3. febrúar 1992 um umsjón og eftirlit með flutningi geislavirks úrgangs milli aðildarríkjanna og inn í Bandalagið og út úr því ([1]),

d) tilflutningur úrgangs sem fellur undir kröfur um samþykki í reglugerð (EB) nr. 1774/2002,

e) tilflutningur úrgangs, sem um getur í ii., iv. og v. lið b-liðar 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2006/12/EB svo fremi slíkir tilflutningar falli þegar undir aðra löggjöf Bandalagsins sem inniheldur sambærileg ákvæði,

f) tilflutningur úrgangs frá Suðurskautslandinu inn í Bandalagið sem er í samræmi við kröfurnar í bókuninni við Suðurskautssamninginn um umhverfisvernd (1991),

g) innflutningur úrgangs inn í Bandalagið frá herafla eða hjálparstofnunum í hættuástandi, við friðarumleitanir eða friðargæslu þar sem viðkomandi herafli eða hjálparstofnanir flytja úrganginn, eða hann er fluttur á þeirra vegum, beint eða óbeint inn í viðtökulandið. Í slíkum tilvikum skal tilkynna lögbæru umflutningsyfirvaldi og lögbæru viðtökuyfirvaldi í Bandalaginu fyrir fram um tilflutninginn og ákvörðunarstaðinn.

4. Tilflutningur úrgangs frá Suðurskautslandinu til landa utan Bandalagsins með flutningi um Bandalagið fellur undir 36. og 49. gr.

5. Tilflutningur, sem á sér einungis stað innan aðildarríkis, fellur eingöngu undir 33. gr.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „úrgangur“: eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

2. „hættulegur úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ([2]),

3. „blanda úrgangstegunda“ : úrgangur sem verður til við blöndun tveggja eða fleiri mismunandi tegunda úrgangs af ásetningi eða án ásetnings og sem engin ein færsla er til fyrir í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A. Úrgangur, sem er fluttur í einni sendingu og er úr tveimur eða fleiri úrgangstegundum þar sem hver tegund er aðskilin, er ekki blanda úrgangstegunda,

4. „förgun“: eins og skilgreint er í e-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

5. „bráðabirgðaförgun“: förgunaraðgerðir D 13 til D 15 eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB,

6. „endurnýting“: eins og skilgreint er í f-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

([1]) Stjtíð. EB L 35, 12.2.1992, bls. 24.

([2]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/31/EB (Stjtíð. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

7. „bráðabirgðaendurnýting“: endurnýtingaraðgerðir R 12 og R13 eins og skilgreint er í II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB,

8. „vistvæn meðhöndlun úrgangs“: meðhöndlun þar sem allar raunhæfar ráðstafanir eru gerðar til að tryggja að farið sé þannig með úrgang að heilbrigði manna og umhverfið sé verndað gegn skaðlegum áhrifum sem gætu stafað af slíkum úrgangi,

9. „framleiðandi“: hver sá sem rekur starfsemi þar sem til fellur úrgangur (upphaflegur framleiðandi) og/eða hver sá aðili sem annast forvinnslu, blöndun eða aðra starfsemi sem veldur því að eðli eða samsetning slíks úrgangs breytist (nýr framleiðandi) (eins og skilgreint er í b-lið 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 2006/12/EB),

10. „úrgangshafi“: framleiðandi úrgangs eða einstaklingurinn eða lögaðilinn sem hefur hann í vörslu sinni (eins og skilgreint er í c-lið 1. mgr. 1. gr. í tilskipun 2006/12/EB),

11. „söfnunaraðili“: sá sem sér um söfnun úrgangs eins og skilgreint er í g-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

12. „söluaðili“: sá sem á eigin ábyrgð kaupir úrgang og selur hann síðan aftur, þ.m.t. þeir söluaðilar sem taka ekki úrganginn í vörslu sína, og eins og um getur í 12. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

13. „miðlari“: sá sem sér um endurnýtingu eða förgun úrgangs fyrir hönd annarra, þ.m.t. miðlarar sem taka ekki slíkan úrgang í vörslu sína, eins og um getur í 12. gr. tilskipunar 2006/12/EB,

14. „viðtakandi“: einstaklingur eða fyrirtæki í lögsögu viðtökulandsins sem úrgangurinn er fluttur til, annaðhvort til endurnýtingar eða förgunar,

15. „tilkynnandi“:

    a) ef um er að ræða tilflutning sem hefst í aðildarríki: einstaklingur eða lögaðili í lögsögu viðkomandi aðildarríkis sem hyggst flytja úrgang eða hyggst láta flytja úrgang og sem hefur tilkynningarskyldu. Tilkynnandi er einn af eftirfarandi aðilum sem valinn er í samræmi við þessa röð:

        i. upprunalegi framleiðandinn,

        ii. nýi framleiðandinn sem hefur hlotið leyfi og sér um aðgerðir fyrir tilflutning,

        iii. söfnunaraðili, sem hefur hlotið leyfi og hefur safnað saman litlu magni af sams konar úrgangi frá ýmsum upptökum fyrir tilflutning sem skal hefjast frá einum tilkynntum stað,

        iv. skráður söluaðili sem hefur fengið skriflegt leyfi frá upprunalega framleiðandanum, nýja framleiðandanum eða söfnunaraðila með leyfi, sem er tilgreindur í i., ii. eða iii. lið, til að koma fram fyrir hönd hans sem tilkynnandi,

        v. skráður miðlari sem hefur fengið skriflegt leyfi frá upprunalega framleiðandanum, nýja framleiðandanum eða söfnunaraðila með leyfi, sem er tilgreindur í i., ii. eða iii. lið, til að koma fram fyrir hönd hans sem tilkynnandi,

        vi. ef allir, sem eru tilgreindir í i., ii., iii., iv. og v. lið eru óþekktir eða ógjaldfærir, er úrgangshafi tilkynnandi.

    Ef tilkynnandi, sem er tilgreindur í iv. eða v. lið, uppfyllir ekki endurviðtökuskyldu, sem sett er fram í 22.–25. gr., telst upprunalegi framleiðandinn, nýi framleiðandinn eða söfnunaraðili með leyfi, sem tilgreindir eru í i., ii. og iii. lið (í sömu röð) og heimiluðu að söluaðili eða miðlari kæmi fram fyrir þeirra hönd, vera tilkynnandi að því er varðar fyrrgreindar endurviðtökuskyldur. Ef um er að ræða ólöglegan tilflutning, sem söluaðili eða miðlari sem tilgreindur er í iv. eða v. lið tilkynnir um, telst sá sem tilgreindur er í i., ii. eða iii. lið og heimilaði söluaðilanum eða miðlaranum að koma fram fyrir sína hönd vera tilkynnandi að því er varðar þessa reglugerð,

    b) ef um er að ræða innflutning í eða flutning um Bandalagið á úrgangi sem á sér ekki uppruna í aðildarríki: annar af eftirfarandi einstaklingum eða lögaðilum í lögsögu viðtökulands sem hyggst flytja úrgang eða láta flytja úrgang, eða hefur flutt eða látið flytja úrgang:

        i. einstaklingurinn, sem er tilnefndur samkvæmt lögum viðtökulandsins, eða, ef slík tilnefning er ekki fyrir hendi,

        ii. úrgangshafinn á þeim tímapunkti þegar útflutningurinn átti sér stað,

16. „Basel-samningurinn“: samningurinn frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra,

17. „ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar“: ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)/107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar,

18. „lögbært yfirvald“:

    a) ef um er að ræða aðildarríkin: stofnunin sem viðkomandi aðildarríki tilnefnir í samræmi við 53. gr. eða

    b) ef um er að ræða land utan Bandalagsins sem er aðili að Basel-samningnum: stofnunin sem viðkomandi land tilnefnir sem lögbært yfirvald að því er varðar samninginn í samræmi við 5. gr. hans eða

c) ef um er að ræða land sem ekki getur um í a- eða b-lið: stofnunin sem viðkomandi land eða svæði hefur tilnefnt sem lögbært yfirvald eða, ef slík tilnefning er ekki fyrir hendi, eftirlitsyfirvaldið í landinu eða á svæðinu, eftir því sem við á, sem hefur lögsögu yfir tilflutningum úrgangs til endurnýtingar, förgunar eða umflutnings,

19. „lögbært sendingaryfirvald“: lögbært yfirvald á svæðinu sem tilflutningur er fyrirhugaður frá eða þar sem hann hefst,

20. „lögbært viðtökuyfirvald“: lögbært yfirvald á svæðinu sem tilflutningurinn er fyrirhugaður til eða þar sem hann fer fram eða þar sem úrgangur er lestaður fyrir endurnýtingu eða förgun á svæði sem fellur ekki undir lögsögu neins lands,

21. „lögbært umflutningsyfirvald“: lögbært yfirvald í landi, öðru en landi lögbærs sendingar- eða viðtökuyfirvalds, sem tilflutningur er fyrirhugaður um eða þar sem hann fer fram,

22. „sendingarland“: land sem tilflutningur úrgangs er fyrirhugaður frá eða þar sem hann hefst,

23. „viðtökuland“: land sem tilflutningur úrgangs er fyrirhugaður til eða þar sem hann fer fram til endurnýtingar eða förgunar þar, eða þar sem úrgangur er lestaður fyrir endurnýtingu eða förgun á svæði sem fellur ekki undir lögsögu neins lands,

24. „umflutningsland“: land, annað en sendingar- eða viðtökuland, sem tilflutningur er fyrirhugaður um eða þar sem hann fer fram,

25. „svæði undir lögsögu lands“: landsvæði eða hafsvæði þar sem ríki hefur samkvæmt þjóðarétti með höndum stjórnsýslu og lagasetningu að því er varðar heilsuvernd manna og umhverfisvernd,

26. „lönd og umdæmi handan hafsins“: þau lönd og umdæmi handan hafsins sem tilgreind eru í I. viðauka A við ákvörðun 2001/822/EB,

27. „útflutningstollstöð í Bandalaginu“: tollstöð eins og hún er skilgreind í 5. mgr. 161. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2913/92 frá 12. október 1992 um setningu tollareglna Bandalagsins ([1]),

28. „brottflutningstollstöð í Bandalaginu“: tollstöð eins og hún er skilgreind í 2. mgr. 793. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2454/93 frá 2. júlí 1993 um setningu ákvæða til framkvæmdar reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2913/92 um setningu tollareglna Bandalagsins ([2]),

29. „aðflutningstollstöð í Bandalaginu“: tollstöð sem úrgangur, sem er færður inn á tollsvæði Bandalagsins, skal fluttur til í samræmi við 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2913/92,

30. „innflutningur“: allur aðflutningur úrgangs inn í Bandalagið, að undanskildum umflutningi gegnum Bandalagið,

31. „innflutningur“: allur brottflutningur úrgangs út úr Bandalaginu, að undanskildum umflutningi gegnum Bandalagið,

32. „umflutningur“: tilflutningur úrgangs eða fyrirhugaður tilflutningur úrgangs um eitt eða fleiri lönd, önnur en sendingar- eða viðtökuland,

33. „flutningur“: það að flytja úrgang á vegum, með járnbrautum, loftleiðis eða sjóleiðis eða á skipgengum vatnaleiðum,

34. „tilflutningur“: flutningur úrgangs til endurnýtingar eða förgunar sem er fyrirhugaður eða á sér stað:

a) frá einu landi til annars,

b) milli tiltekins lands og landa eða umdæma handan hafsins eða annarra svæða sem njóta verndar viðkomandi lands,

c) milli tiltekins lands og landsvæðis sem er ekki hluti af neinu landi samkvæmt þjóðarétti,

d) milli tiltekins lands og Suðurskautslandsins,

e) frá einu landi um eitthvert svæðanna sem um getur hér að ofan,

f) innan tiltekins lands um eitthvert svæðanna, sem um getur hér að framan og sem hefst og lýkur í sama landinu, eða

g) frá landsvæði, sem heyrir ekki undir lögsögu neins lands, til tiltekins lands,

35. „ólöglegur tilflutningur“: allur tilflutningur úrgangs:

a) sem fer fram án tilkynningar til allra viðkomandi lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð,

b) sem fer fram án samþykkis viðkomandi lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð,

([1]) Stjtíð. EB L 302, 19.10.1992, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2005 (Stjtíð. ESB L 117, 4.5.2005, bls. 13).

([2]) Stjtíð. EB L 253, 11.10.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 215/2006 (Stjtíð. ESB L 38, 9.2.2006, bls. 11).

c) sem fer fram með samþykki sem er fengið frá viðkomandi lögbærum yfirvöldum með fölsun, röngum staðhæfingum eða svikum,

d) sem fer fram á þann hátt sem ekki er skýrt tilgreindur í tilkynningar- eða flutningsskjölunum,

e) sem fer fram á þann hátt sem leiðir til endurnýtingar eða förgunar sem brýtur gegn reglum Bandalagsins eða alþjóðareglum,

f) sem fer fram í andstöðu við 34., 36., 39., 40., 41. og 43. gr. eða

g) þegar, í tengslum við tilflutning úrgangs, sem um getur í 2. og 4. mgr. 3. gr., kemur í ljós:

i. að úrgangurinn er ekki tilgreindur í III. viðauka, III. viðauka A eða III. viðauka B,

ii. að ekki er farið að 4. mgr. 3. gr. eða

iii. að tilflutningurinn fer fram á þann hátt sem ekki er skýrt tilgreindur í skjalinu sem sett er fram í VII. viðauka.

II. BÁLKUR

TILFLUTNINGUR INNAN BANDALAGSINS MEÐ EÐA ÁN UMFLUTNINGS UM ÞRIÐJU LÖND

3. gr.

Almennur málsmeðferðarrammi

1. Tilflutningar eftirfarandi úrgangs skulu sæta málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og fyrirframsamþykki eins og mælt er fyrir um í ákvæðunum í þessum bálki:

a) ef til förgunar:

allur úrgangur,

b) ef til endurnýtingar:

i. úrgangur, sem tilgreindur er í IV. viðauka, m.a. úrgangur sem tilgreindur er í II. og VIII. viðauka við Basel-samninginn,

ii. úrgangur sem er tilgreindur í IV. viðauka A,

iii. úrgangur, sem ekki fellur undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A,

iv) blöndur úrgangstegunda, sem falla ekki undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A, nema þær séu tilgreindar í III. viðauka A.

2. Tilflutningar eftirfarandi úrgangs, sem ætlaður er til endurnýtingar, skulu falla undir almennar upplýsingakröfur, sem mælt er fyrir um í 18. gr., ef úrgangurinn, sem er fluttur til, vegur meira en 20 kg:

a) úrgangur, sem er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka B,

b) blöndur, sem falla ekki undir eina færslu í III. viðauka, úr tveimur eða fleiri úrgangstegundum, sem tilgreindar eru í III. viðauka, að því tilskildu að samsetning þessara blandna hamli ekki umhverfisvænni endurnýtingu og að því tilskildu að slíkar blöndur séu tilgreindar í III. viðauka A, í samræmi við 58. gr.

3. Ef úrgangurinn býr yfir einhverjum af þeim hættulegu eiginleikum, sem tilgreindir eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, skal úrgangurinn sem er tilgreindur í III. viðauka, í undantekningartilvikum, sæta þeim ákvæðum sem giltu um hann ef hann væri tilgreindur í IV. viðauka. Með þessi tilvik skal farið í samræmi við 58. gr.

4. Tilflutningar úrgangs, sem er sérstaklega ætlaður til greiningar á rannsóknarstofu til að meta annaðhvort eðlis- eða efnafræðilega eiginleika eða til að ákvarða hvort hann henti til endurnýtingar eða förgunar, skulu ekki sæta málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki eins og lýst er í 1. mgr. Þess í stað gilda kröfurnar um málsmeðferð í 18. gr. Magn slíks úrgangs, sem er undanþegið þegar úrgangurinn er sérstaklega ætlaður til greiningar á rannsóknarstofu, skal ákvarðað út frá því lágmarksmagni sem þörf er á til að unnt sé að framkvæma greininguna með viðhlítandi hætti í hverju tilviki fyrir sig og skal það ekki fara yfir 25 kg.

5. Tilflutningar blandaðs húsasorps (úrgangsfærsla 20 03 01), þ.m.t. þau tilvik þar sem slík söfnun tekur einnig til slíks sorps frá öðrum framleiðendum, til endurnýtingar- eða förgunarstöðva skal, í samræmi við þessa reglugerð, falla undir sömu ákvæði og tilflutningar úrgangs til förgunar.

1. KAFLI

Skrifleg fyrirframtilkynning og skriflegt fyrirframsamþykki

4. gr.

Tilkynning

Ef tilkynnandi hyggst flytja til úrgang, sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 3. gr., skal hann leggja skriflega fyrirframtilkynningu fyrir lögbært sendingaryfirvald sem sendir hana áfram og, ef hann leggur fram sameiginlega tilkynningu, fara að 13. gr.

Þegar tilkynning er lögð fram skulu eftirfarandi kröfur uppfylltar:

1. Tilkynningar- og flutningsskjöl:

Við tilkynningu skal nota eftirfarandi skjöl:

a) tilkynningarskjalið sem sett er fram í I. viðauka A og

b) flutningsskjalið sem sett er fram í I. viðauka B.

Þegar tilkynning er lögð fram skal tilkynnandi fylla út tilkynningarskjalið og, ef við á, flutningsskjalið.

Ef tilkynnandinn er ekki upprunalegi framleiðandinn í samræmi við i. lið a-liðar 15. liðar 2. gr. skal tilkynnandinn tryggja að þessi framleiðandi eða einn af þeim, sem tilgreindir eru í ii. eða iii. lið a-liðar 15. liðar 2. gr., verði því komið við, skrifi einnig undir tilkynningarskjalið sem sett er fram í I. viðauka A.

Lögbært sendingaryfirvald skal gefa út tilkynningar- og flutningsskjalið til handa tilkynnanda.

2. Upplýsingar og gögn í tilkynningar- og flutningsskjölunum:

Tilkynnandi skal færa inn í tilkynningarskjalið, eða láta koma fram sem viðauka, þær upplýsingar og þau gögn sem eru tilgreind í 1. hluta í II. viðauka. Tilkynnandi skal færa inn í flutningsskjalið, eða láta koma fram sem viðauka, þær upplýsingar og þau gögn sem eru tilgreind í 2. hluta í II. viðauka, eftir því sem unnt er við tilkynningu.

Rétt telst hafa verið staðið að tilkynningu ef lögbært sendingaryfirvald er þess fullvisst að tilkynningar- og flutningsskjalið hafi verið fyllt út í samræmi við fyrstu undirgrein.

3. Viðbótarupplýsingar og -gögn:

Ef eitt af viðkomandi lögbærum yfirvöldum óskar þess skal tilkynnandinn leggja fram viðbótarupplýsingar og -gögn. Skrá yfir viðbótarupplýsingar og -gögn, sem má óska eftir, er sett fram í 3. hluta II. viðauka.

Rétt telst hafa verið staðið að tilkynningu ef lögbært viðtökuyfirvald er þess fullvisst að tilkynningar- og flutningsskjalið hafi verið fyllt út og að tilkynnandi hafi lagt fram upplýsingarnar og gögnin sem eru tilgreind í 1. og 2. hluta II. viðauka svo og þær viðbótarupplýsingar og -gögn sem kann að hafa verið óskað eftir í samræmi við þessa málsgrein og eins og tilgreint er í 3. hluta II. viðauka.

4. Samningsgerð milli tilkynnanda og viðtakanda:

Tilkynnandi skal gera samning, sem lýst er í 5. gr., við viðtakanda um endurnýtingu eða förgun tilkynnts úrgangs.

Leggja skal sönnun um þennan samning eða yfirlýsingu sem vottun fyrir því að hann hafi verið gerður í samræmi við I. viðauka A fyrir viðkomandi lögbær yfirvöld á tilkynningartímanum. Tilkynnandi eða viðtakandi skal, að beiðni viðkomandi lögbærs yfirvalds, leggja fram afrit af samningnum eða hverja þá sönnun um tilvist hans sem lögbært yfirvald telur fullnægjandi.

5. Stofnun fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildrar tryggingar:

Stofna skal til fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildrar tryggingar eins og lýst er í 6. gr. Tilkynnandi skal gefa út yfirlýsingu þess efnis með því að fylla út viðeigandi hluta tilkynningarskjalsins sem sett er fram í I. viðauka A.

Fjárhagsleg trygging eða jafngild trygging (eða, ef lögbært yfirvald leyfir, sönnun fyrir slíkri tryggingu eða yfirlýsingu sem vottun fyrir því að hún sé fyrir hendi) skal lögð fram sem hluti af tilkynningarskjalinu á tilkynningartímanum eða, ef lögbært yfirvald leyfir það samkvæmt landslöggjöf, á tilteknum tímapunkti áður en tilflutningur hefst.

6. Umfang tilkynningarinnar:

Tilkynning skal taka til tilflutnings úrgangs frá upphaflegum sendingarstað ásamt bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun og endurnýtingu eða förgun sem ekki er til bráðabirgða.

Ef síðari bráðabirgðaaðgerðir eða aðgerðir, sem ekki eru til bráðabirgða, fara fram í öðru landi en fyrsta viðtökulandi skal tilgreina aðgerðina, sem ekki er til bráðabirgða, og viðtökustaðinn í tilkynningunni og gildir f-liður 15. gr.

Hver tilkynning skal aðeins taka til eins auðkenniskóða, nema um sé að ræða:

a) úrgang sem ekki fellur undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A. Í slíku tilviki skal aðeins tilgreina eina tegund úrgangs,

b) blöndur úrgangstegunda, sem ekki falla undir eina færslu í III. viðauka, III. viðauka B, IV. viðauka eða IV. viðauka A, nema þær séu tilgreindar í III. viðauka A. Í slíku tilviki skal tilgreina kóðann fyrir hvern hluta úrgangsins eftir mikilvægi.

5. gr.

Samningur

1. Allur tilflutningur úrgangs, sem skylt er að tilkynna, skal falla undir kröfuna um gerð samnings milli tilkynnanda og viðtakanda um endurnýtingu eða förgun tilkynnta úrgangsins.

2. Samningurinn skal gerður og vera í gildi á tilkynningartímanum og meðan á tilflutningnum stendur þar til vottorð er gefið út í samræmi við e-lið 15. gr., e-lið 16. gr. eða, eftir því sem við á, d-lið 15. gr.

3. Í samningnum skal felast skuldbinding af hálfu:

a) tilkynnanda um að taka úrganginn aftur ef tilflutningur eða endurnýting eða förgun hefur ekki farið fram eins og fyrirhugað hafði verið eða tilflutningurinn telst ólöglegur, í samræmi við 22. gr. og 2. mgr. 24. gr.,

b) viðtakanda um að endurnýta eða farga úrganginum ef tilflutningurinn telst ólöglegur, í samræmi við 3. mgr. 24. gr., og

c) stöðvar um að leggja fram, í samræmi við e-lið 16. gr., vottorð um að úrgangurinn hafi verið endurnýttur eða honum hafi verið fargað í samræmi við tilkynninguna og skilyrðin, sem þar eru tilgreind, og kröfurnar í þessari reglugerð.

4. Ef úrgangurinn, sem verið er að flytja til er ætlaður til bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar skal samningurinn fela í sér eftirfarandi viðbótarskuldbindingar:

a) þá skuldbindingu af hálfu viðtökustöðvarinnar að leggja fram, í samræmi við d-lið 15. gr. og, þar sem við á, e-lið 15. gr., vottorð um að úrgangurinn hafi verið endurnýttur eða honum hafi verið fargað í samræmi við tilkynninguna og skilyrðin, sem þar eru tilgreind, og kröfurnar í þessari reglugerð og

b) þá skuldbindingu af hálfu viðtakanda að leggja, eftir því sem við á, tilkynningu fyrir upphaflegt, lögbært yfirvald í upphaflegu sendingarlandi í samræmi við ii. lið f-liðar 15. gr.

5. Ef úrgangur er fluttur til milli tveggja starfsstöðva sem eru undir stjórn sama lögaðila getur yfirlýsing frá viðkomandi aðila, sem skuldbindur sig til að endurnýta eða farga tilkynnta úrganginum, komið í stað samningsins

6. gr.

Fjárhagsleg trygging

1. Allir tilflutningar úrgangs, sem skylt er að tilkynna, lúta kröfum um fjárhagslega tryggingu eða jafngilda tryggingu sem skal nægja fyrir:

a) flutningskostnaði,

b) kostnaði við endurnýtingu eða förgun, þ.m.t. bráðabirgðameðhöndlun, og

c) kostnaði við geymslu í 90 daga.

2. Fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu er ætlað að nægja fyrir kostnaði í tengslum við:

a) tilvik þar sem ekki er unnt að ljúka tilflutningi, endurnýtingu eða förgun eins og fyrirhugað er, eins og um getur í 22. gr., og

b) tilvik þar sem tilflutningur, endurnýting eða förgun er ólögleg eins og um getur í 24. gr.

3. Tilkynnandinn, eða annar einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd hans, skal koma á fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu sem skal vera í gildi þegar tilkynningin á sér stað eða í síðasta lagi við upphaf tilflutnings, ef lögbæra yfirvaldið, sem samþykkir fjárhagslegu trygginguna eða jafngilda tryggingu, leyfir það, og skal hún gilda um tilkynnta tilflutninginn í síðasta lagi við upphaf hans.

4. Lögbært sendingaryfirvald skal samþykkja fjárhagslega tryggingu eða jafngilda tryggingu, þ.m.t. form hennar, orðalag og upphæð.

Ef um er að ræða innflutning til Bandalagsins skal lögbært viðtökuyfirvald í Bandalaginu endurskoða upphæð tryggingarinnar og, ef nauðsyn krefur, samþykkja frekari, fjárhagslega tryggingu eða jafngilda tryggingu.

5. Fjárhagslega tryggingin eða jafngilda tryggingin skal gilda fyrir og nægja fyrir tilkynnta tilflutningnum og til að ljúka endurnýtingu eða förgun tilkynnta úrgangsins.

Fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu skal aflétt þegar viðkomandi lögbært yfirvald hefur móttekið vottorðið, sem um getur í e-lið 16. gr. eða, eftir því sem við á, e-lið 15. gr. að því er varðar bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun.

6. Þrátt fyrir 5. mgr. er heimilt ef úrgangurinn, sem er fluttur til, er ætlaður til bráðabirgðaendurnýtingar eða förgunar og frekari endurnýting eða förgun fer fram í viðtökulandinu, að aflétta fjárhagslegu tryggingunni eða jafngildu tryggingunni þegar úrgangurinn fer úr bráðabirgðastöðinni og viðkomandi lögbæru yfirvaldi hefur borist vottorðið sem um getur í d-lið 15. gr. Í slíku tilviki skal ný, fjárhagsleg trygging eða jafngild trygging ná yfir frekari tilflutning til endurnýtingar- eða förgunarstöðvar nema lögbært viðtökuyfirvald sé þess fullvisst að ekki sé þörf fyrir slíka fjárhagslega tryggingu eða jafngilda tryggingu. Við slíkar aðstæður skal lögbært viðtökuyfirvald bera ábyrgð á skyldum vegna ólöglegs tilflutnings eða vegna endurviðtöku ef ekki er unnt að ljúka tilflutningnum eða frekari endurnýtingu eða förgun eins og fyrirhugað var.

7. Lögbært yfirvald í Bandalaginu, sem hefur samþykkt fjárhagslegu trygginguna eða jafngildu trygginguna, skal hafa aðgang að henni og nota þetta fjármagn, m.a. vegna greiðslna til annarra viðkomandi yfirvalda, í því skyni að standa við skuldbindingar sínar í tengslum við 23. og 25. gr.

8. Ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu skv. 13. gr. er heimilt að stofna til fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildrar tryggingar sem tekur til hluta af sameiginlegu tilkynningunni í stað einnar tryggingar sem tekur til allrar sameiginlegu tilkynningarinnar. Í slíkum tilvikum gildir fjárhagslega tryggingin eða jafngilda tryggingin um tilflutning eigi síðar en við upphaf tilkynnta tilflutningsins sem hún tekur til.

Fjárhagslegu tryggingunni eða jafngildu tryggingunni skal aflétt þegar viðkomandi lögbært yfirvald hefur móttekið vottorðið, sem um getur í e-lið 16. gr., eða, eftir því sem við á, e-lið 15. gr., að því er varðar bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun viðkomandi úrgangs. Ákvæði 6. mgr. gildir að breyttu breytanda.

9. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvæði landslaga sem samþykkt eru samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Framsending tilkynningarinnar af hálfu lögbærs sendingaryfirvalds

1. Þegar tilkynningin hefur verið fyllt rétt út, eins og lýst er í annarri undirgrein 2. liðar 4. gr., skal lögbært sendingaryfirvald halda eftir afriti af tilkynningunni og framsenda tilkynninguna til lögbærs viðtökuyfirvalds ásamt afritum til lögbærs umflutningsyfirvalds eða lögbærra umflutningsyfirvalda og láta tilkynnandann vita um framsendinguna. Þetta skal gert innan þriggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

2. Ef tilkynningin er ekki rétt fyllt út skal lögbært sendingaryfirvald óska eftir upplýsingum og gögnum frá tilkynnandanum í samræmi við aðra undirgrein 2. liðar 4. gr.

Þetta skal gert innan þriggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar.

Í slíkum tilvikum skal lögbært sendingaryfirvald hafa þrjá virka daga frá viðtöku upplýsinganna og/eða gagnanna, sem óskað er eftir, til að uppfylla 1. mgr.

3. Þegar tilkynningin hefur verið fyllt rétt út, eins og lýst er í annarri undirgrein 2. liðar 4. gr., getur lögbært sendingaryfirvald ákveðið, innan þriggja virkra daga, að halda ekki áfram með tilkynninguna ef það andmælir tilflutningnum í samræmi við 11. og 12. gr.

Það skal þegar í stað láta tilkynnandann vita um ákvörðun sína og um þessi andmæli.

4. Ef lögbært sendingaryfirvald hefur ekki sent tilkynninguna eins og krafist er skv. 1. mgr. innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar skal það gefa tilkynnandanum rökstudda ástæðu þess, fari hann fram á það. Þetta gildir ekki ef óskin um upplýsingar, sem um getur í 2. mgr., hefur ekki verið uppfyllt.

8. gr.

Beiðni viðkomandi lögbærra yfirvalda um upplýsingar og gögn og staðfesting lögbærs viðtökuyfirvalds

1. Ef eitt af viðkomandi lögbærum yfirvöldum telur, eftir að hafa tekið við tilkynningu frá lögbæru sendingaryfirvaldi, að þörf sé á viðbótarupplýsingum og -gögnum, eins og um getur í annarri undirgrein 3. liðar 4. gr., skal það óska eftir slíkum upplýsingum og gögnum frá tilkynnanda og upplýsa önnur lögbær yfirvöld um slíka beiðni. Þetta skal gert innan þriggja virkra daga frá viðtöku tilkynningarinnar. Í slíkum tilvikum skulu viðkomandi lögbær yfirvöld hafa þrjá virka daga frá viðtöku upplýsinganna og gagnanna, sem óskað er eftir, til að gera lögbæru viðtökuyfirvaldi grein fyrir þessu.

2. Þegar lögbært viðtökuyfirvald telur að tilkynningin hafi verið fyllt rétt út, eins og lýst er í annarri undirgrein 3. liðar 4. gr., skal það senda staðfestingu til tilkynnandans og afrit til annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda. Þetta skal gert innan þriggja virkra daga frá viðtöku tilkynningar sem hefur verið fyllt rétt út.

3. Ef lögbært viðtökuyfirvald hefur ekki staðfest tilkynninguna, eins og krafist er skv. 2. mgr., innan 30 daga frá viðtöku tilkynningarinnar skal það gefa tilkynnandanum rökstudda ástæðu þess, fari hann fram á það.

9. gr.

Samþykki lögbærra viðtöku-, sendingar- og umflutningsyfirvalda og tímamörk fyrir flutning, endurnýtingu eða förgun

1. Lögbær viðtöku-, sendingar- og umflutningsyfirvöld skulu, innan 30 daga frá því að lögbært viðtökuyfirvald hefur sent staðfestinguna í samræmi við 8. gr., taka eina af eftirfarandi tilhlýðilega rökstuddu ákvörðunum skriflega að því er varðar tilkynnta tilflutninginn:

a) samþykki án skilyrða,

b) samþykki með skilyrðum í samræmi við 10. gr. eða

c) andmæli í samræmi við 11. og 12. gr.

Ef lögbært umflutningsyfirvald hefur ekki hreyft andmælum innan fyrrgreindra 30 daga tímamarka telst þegjandi samþykki liggja fyrir.

2. Lögbær viðtöku-, sendingar- og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvöld skulu senda ákvörðun sína og ástæðurnar að baki henni skriflega til tilkynnandans innan 30 daga tímamarkanna, sem um getur í 1. mgr., ásamt afritum til hinna viðkomandi yfirvaldanna.

3. Lögbær viðtöku-, sendingar- og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvöld skulu láta í ljós skriflegt samþykki sitt með því að stimpla, undirrita og dagsetja á viðeigandi hátt tilkynningarskjalið eða afrit þess.

4. Skriflegt samþykki fyrir fyrirhuguðum tilflutningi fellur úr gildi einu almanaksári eftir að það var gefið út eða á tilteknum degi sem ber upp síðar og er tilgreindur á tilkynningarskjalinu. Þetta gildir hins vegar ekki ef viðkomandi lögbær yfirvöld tilgreina styttra tímabil.

5. Þegjandi samþykki fyrir fyrirhuguðum tilflutningi fellur úr gildi einu almanaksári eftir að 30 daga tímamörkin, sem um getur í 1. mgr., renna út.

6. Fyrirhugaður tilflutningur má aðeins fara fram eftir að kröfurnar í a- og b-lið 16. gr. hafa verið uppfylltar og meðan þegjandi eða skriflegt samþykki allra viðkomandi yfirvalda er í gildi.

7. Endurnýting eða förgun úrgangs í tengslum við fyrirhugaðan tilflutning skal eiga sér stað eigi síðar en einu almanaksári eftir viðtöku úrgangsins í viðkomandi stöð, nema viðkomandi lögbær yfirvöld hafi tilgreint styttra tímabil.

8. Viðkomandi lögbær yfirvöld skulu draga til baka samþykki sitt ef þau hafa vitneskju um:

a) að samsetning úrgangsins sé ekki eins og tilkynnt var eða

b) að skilyrðin, sem sett eru fyrir tilflutningnum, séu ekki uppfyllt eða

c) að úrgangurinn sé ekki endurnýttur eða honum sé ekki fargað í samræmi við leyfi stöðvarinnar sem framkvæmir fyrrnefnda aðgerð eða

d) að úrgangurinn verði eða hafi þegar verið fluttur til eða endurnýttur eða honum hafi verið fargað á hátt sem ekki er í samræmi við upplýsingarnar sem lagðar voru fram í tilkynningar- og flutningsskjölunum eða fylgdu þeim.

9. Afturköllun samþykkis skal eiga sér stað með opinberri tilkynningu til tilkynnandans og afrit skal sent öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum og viðtakanda.

10. gr.

Skilyrði fyrir tilflutningi

1. Lögbærum sendingar-, viðtöku og umflutningsyfirvöldum er heimilt, innan 30 daga eftir að lögbært viðtökuyfirvald hefur sent staðfestinguna í samræmi við 8. gr., að mæla fyrir um skilyrði í tengslum við samþykki þeirra fyrir tilkynntum tilflutningi. Slík skilyrði geta byggst á einni eða fleiri af þeim ástæðum sem tilgreindar eru í 11. eða 12. gr.

2. Lögbærum sendingar-, viðtöku og umflutningsyfirvöldum er einnig heimilt, innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr., að setja skilyrði að því er varðar flutning úrgangs innan eigin lögsögu. Slík skilyrði fyrir flutningi skulu ekki vera strangari en þau sem mælt er fyrir um varðandi sambærilega tilflutninga, sem fram fara að öllu leyti innan lögsögu þeirra, og vera í samræmi við gildandi samninga, einkum viðeigandi alþjóðasamninga.

3. Lögbær sendingar-, viðtöku og umflutningsyfirvöld geta einnig innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr., mælt fyrir um skilyrði þess efnis að samþykki þeirra teljist dregið til baka ef fjárhagslega tryggingin eða jafngilda tryggingin er ekki í gildi í síðasta lagi við upphaf tilkynnta tilflutningsins eins og krafist er í 3. mgr. 6. gr.

4. Lögbæra yfirvaldið, sem mælir fyrir um skilyrðin, skal senda þau skriflega til tilkynnandans ásamt afritum til viðkomandi lögbærra yfirvalda.

Viðkomandi lögbært yfirvald skal tilgreina skilyrðin í tilkynningarskjalinu eða láta þau fylgja með.

5. Lögbært viðtökuyfirvald getur einnig, innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr., mælt fyrir um skilyrði þess efnis að stöðin, sem tekur við úrganginum, skuli skrá reglulega ílag, frálag og/eða jöfnuð að því er varðar úrgang og tengdar endurnýtingar- eða förgunaraðgerðir eins og kemur fram í tilkynningunni og um gildistíma tilkynningarinnar. Aðili, sem ber lagalega ábyrgð á stöðinni, skal undirrita slíkar skýrslur og skulu þær sendar lögbærum viðtökuyfirvöldum innan eins mánaðar frá því að tilkynntum endurnýtingar- eða förgunaraðgerðum lýkur.

11. gr.

Andmæli gegn tilflutningi úrgangs sem ætlaður er til förgunar

1. Þegar tilkynning er lögð fram varðandi fyrirhugaðan tilflutning úrgangs sem ætlaður er til förgunar geta lögbær viðtöku- og sendingaryfirvöld, innan 30 daga frá því að lögbæra viðtökuyfirvaldið sendi staðfestingu í samræmi við 8. gr., hreyft rökstuddum andmælum á grundvelli einnar eða fleiri af eftirtöldum ástæðum og í samræmi við sáttmálann:

a) fyrirhugaður tilflutningur eða förgun er ekki í samræmi við ráðstafanir sem eru gerðar til að banna alveg eða að hluta eða andmæla kerfisbundið slíkum tilflutningi og eru til framkvæmdar nándarreglunni og meginreglunum um að setja endurnýtingu og sjálfsnægtir í forgang á vettvangi Bandalagsins og í hverju aðildarríki fyrir sig í samræmi við tilskipun 2006/12/EB,

b) fyrirhugaður tilflutningur eða förgun er ekki í samræmi við landslöggjöf um umhverfisvernd, allsherjarreglu, almannaöryggi eða heilsuvernd að því er varðar aðgerðir sem gerðar eru í landinu þar sem andmælum er hreyft,

c) tilkynnandinn eða viðtakandinn hefur áður verið sakfelldur vegna ólöglegs tilflutnings eða annars ólöglegs athæfis í tengslum við umhverfisvernd. Í slíku tilviki geta lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld hafnað öllum tilflutningum, sem viðkomandi aðili á þátt í, í samræmi við landslöggjöf,

d) tilkynnandinn eða stöðin hefur ítrekað verið staðin að því að fara ekki að 15. og 16. gr. í tengslum við fyrri tilflutninga,

e) aðildarríkið óskar þess að nýta sér rétt sinn skv. 1. mgr. 4. gr. Basel-samningsins til að banna innflutning hættulegs úrgangs eða úrgangs sem er tilgreindur í II. viðauka samningsins,

f) fyrirhugaður tilflutningur eða förgun samrýmist ekki skuldbindingum vegna alþjóðasamninga sem viðkomandi aðildarríki (eitt eða fleiri) eða Bandalagið gerir,

g) fyrirhugaður tilflutningur eða förgun er ekki í samræmi við tilskipun 2006/12/EB, einkum ekki við 5. og 7. gr., þó að teknu tilliti til landfræðilegra aðstæðna eða hversu brýn þörf er á sérhæfðum stöðvum fyrir tilteknar tegundir úrgangs:

i. til að beita meginreglunni um sjálfsnægtir á vettvangi Bandalagsins og í hverju aðildarríki fyrir sig eða

ii. í tilvikum þar sem sérhæfða stöðin verður að farga úrgangi frá nálægari upptökum og lögbært yfirvald hefur sett þennan úrgang í forgang eða

iii. til að tryggja að tilflutningar séu í samræmi við áætlanir um meðhöndlun úrgangs,

h) úrgangurinn verður meðhöndlaður í stöð sem fellur undir tilskipun 96/61/EB en notar ekki bestu fáanlegu tækni, sem er skilgreind í 4. mgr. 9. gr. fyrrgreindrar tilskipunar, í samræmi við leyfi stöðvarinnar,

i) úrgangurinn er blandað sorp frá heimilum (færsla um úrgang 20 03 01),

j) viðkomandi úrgangur verður ekki meðhöndlaður í samræmi við lagalega bindandi umhverfisverndarstaðla í tengslum við förgunaraðgerðir sem komið er á með löggjöf Bandalagsins (einnig í tilvikum þar sem tímabundnar undanþágur eru veittar).

2. Lögbær umflutningsyfirvöld geta, innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr., hreyft rökstuddum andmælum sem byggjast aðeins á b-, c-, d- og f-lið 1. mgr.

3. Ef hættulegur úrgangur fellur til árlega í svo litlu magni í sendingaraðildarríki að uppsetning nýrra, sérhæfðra förgunarstöðva í viðkomandi ríki yrði óhagkvæm gildir a-liður 1. mgr. ekki.

Lögbært viðtökuyfirvald skal hafa samvinnu við lögbært sendingaryfirvald, ef það síðara telur að beita skuli þessari málsgrein en ekki a-lið 1. mgr., í því skyni að leysa málið tvíhliða.

Ef ekki finnst nein viðunandi lausn getur hvort aðildarríkið sem er vísað málinu til framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal skera úr um málið í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

4. Ef lögbær yfirvöld líta svo á að vandamálin, sem leiddu til andmæla þeirra, hafi verið leyst innan 30 daga tímamarkanna, sem um getur í 1. mgr., skulu þau þegar í stað láta tilkynnandann vita skriflega og senda afrit til viðtakanda og annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda.

5. Ef þau vandamál, sem leiða til andmælanna, hafa ekki verið leyst innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr. fellur tilkynningin úr gildi. Ef tilkynnandinn ætlar engu að síður að láta tilflutninginn eiga sér stað skal leggja fram nýja tilkynningu, nema öll viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynnandinn komi sér saman um annað.

6. Tilkynna skal þegar í stað um þær ráðstafanir sem aðildarríkin gera í samræmi við a-lið 1. mgr. í því skyni að banna alveg eða að hluta eða andmæla kerfisbundið tilflutningi úrgangs sem ætlaður er til förgunar, eða í samræmi við e-lið 1. gr., til framkvæmdastjórnarinnar sem upplýsir hin aðildarríkin.

12. gr.

Andmæli gegn tilflutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar

1. Þegar tilkynning er lögð fram varðandi fyrirhugaðan tilflutning úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar geta lögbær viðtöku- og sendingaryfirvöld, innan 30 daga frá því að lögbæra viðtökuyfirvaldið sendi staðfestingu í samræmi við 8. gr., hreyft rökstuddum andmælum á grundvelli einnar eða fleiri af eftirtöldum ástæðum í samræmi við sáttmálann:

a) fyrirhugaður tilflutningur eða endurnýting er ekki í samræmi við tilskipun 2006/12/EB, einkum ekki í samræmi við 3., 4., 7. og 10. gr.,

b) fyrirhugaður tilflutningur eða endurnýting er ekki í samræmi við landslöggjöf um umhverfisvernd, allsherjarreglu, almannaöryggi eða heilsuvernd að því er varðar aðgerðir sem gerðar eru í landinu þar sem andmælum er hreyft,

c) fyrirhugaður tilflutningur eða endurnýting er ekki í samræmi við landslöggjöf í sendingarlandinu að því er varðar endurnýtingu úrgangs, þ.m.t. þegar fyrirhugaður tilflutningur varðar úrgang til endurnýtingar í stöð þar sem meðhöndlunarkröfur fyrir viðkomandi úrgang eru ekki eins strangar og í sendingarlandinu, með tilliti til þeirrar nauðsynjar að tryggja að innri markaðurinn starfi eðlilega.

Þetta gildir ekki ef:

i. fyrir hendi er samsvarandi löggjöf Bandalagsins, einkum í tengslum við úrgang, og ef kröfur, sem eru a.m.k. eins strangar og þær sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, hafa verið settar í landslöggjöf til innleiðingar slíkrar löggjafar Bandalagsins,

ii. endurnýtingin í viðtökulandinu fer fram við skilyrði sem jafngilda í meginatriðum þeim sem mælt er fyrir um í löggjöf sendingarlandsins,

iii. ekki hefur verið tilkynnt um landslöggjöf í sendingarlandi, aðra en þá sem i. liður tekur til, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta á sviði tæknistaðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([1]), þegar þess er krafist í fyrrgreindri tilskipun,

d) tilkynnandinn eða viðtakandinn hefur áður verið sakfelldur vegna ólöglegs tilflutnings eða annars ólöglegs athæfis í tengslum við umhverfisvernd. Í slíku tilviki geta lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld hafnað öllum tilflutningum, sem viðkomandi aðili á þátt í, í samræmi við landslöggjöf,

e) tilkynnandinn eða stöðin hefur ítrekað verið staðin að því að fara ekki að 15. og 16. gr. í tengslum við fyrri tilflutninga

f) fyrirhugaður tilflutningur eða endurnýting samrýmist ekki skuldbindingum vegna alþjóðasamninga sem viðkomandi aðildarríki (eitt eða fleiri) eða Bandalagið gerir,

g) hlutfallið milli endurnýtanlegs og óendurnýtanlegs úrgangs, áætlað verðmæti endurnýtts efnis eða kostnaður við endurnýtingu og kostnaður við förgun þess hluta sem ekki er endurnýtanlegur réttlætir ekki endurnýtingu að teknu tilliti til efnahagslegra og/eða umhverfislegra sjónarmiða,

h) úrgangurinn, sem verið er að flytja til, er ætlaður til förgunar en ekki endurnýtingar,

i) úrgangurinn verður meðhöndlaður í stöð sem fellur undir tilskipun 96/61/EB en notar ekki bestu fáanlegu tækni, sem er skilgreind í 4. mgr. 9. gr. fyrrgreindrar tilskipunar, í samræmi við leyfi stöðvarinnar,

j) viðkomandi úrgangur verður ekki meðhöndlaður í samræmi við lagalega bindandi umhverfisverndarstaðla í tengslum við endurnýtingaraðgerðir eða lagalegar skuldbindingar um endurnýtingu eða endurvinnslu sem komið er á með löggjöf Bandalagsins (einnig í tilvikum þar sem tímabundnar undanþágur eru veittar),

k) viðkomandi úrgangur verður ekki meðhöndlaður í samræmi við áætlanir um meðhöndlun úrgangs, sem eru gerðar skv. 7. gr. tilskipunar 2006/12/EB, í því skyni að tryggja framkvæmd lagalega bindandi skuldbindinga um endurnýtingu eða endurvinnslu sem kveðið er á um í löggjöf Bandalagsins.

2. Lögbær umflutningsyfirvöld geta, innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr., hreyft rökstuddum andmælum gegn fyrirhuguðum tilflutningi sem byggjast aðeins á b-, d-, e- og f-lið 1. mgr.

3. Ef lögbær yfirvöld telja innan 30 daga tímamarkanna, sem um getur í 1. mgr., að vandamálin sem leiddu til andmæla þeirra hafi verið leyst skulu þau þegar í stað láta tilkynnandann vita skriflega og senda afrit til viðtakanda og annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda.

4. Ef þau vandamál, sem leiða til andmælanna, hafa ekki verið leyst innan 30 daga tímamarkanna sem um getur í 1. mgr. fellur tilkynningin úr gildi. Ef tilkynnandinn ætlar engu að síður að láta tilflutninginn eiga sér stað skal leggja fram nýja tilkynningu, nema öll viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynnandinn komi sér saman um annað.

5. Aðildarríkin skulu gera framkvæmdastjórninni, í samræmi við 51. gr., grein fyrir andmælum frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við c-lið 1. mgr.

6. Sendingaraðildarríkið skal upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um þá landslöggjöf sem lögbær yfirvöld geta byggt andmæli sín á í samræmi við c-lið 1. mgr. og jafnframt taka fram að hvaða úrgangi og endurnýtingaraðgerðum andmælin beinast áður en skírskotað er til slíkrar löggjafar til að hreyfa rökstuddum andmælum.

13. gr.

Sameiginleg tilkynning

1. Tilkynnandi getur lagt fram sameiginlega tilkynningu fyrir nokkra tilflutninga ef eftirfarandi gildir um hvern tilflutning:

a) allur úrgangurinn hefur í meginatriðum sambærilega eðlisfræðilega og efnafræðilega eiginleika og

b) allur úrgangurinn er sendur sama viðtakanda og sömu stöð og

c) tilflutningsleiðin, sem tilgreind er í tilkynningarskjalinu, er ætíð sú sama.

2. Ef ekki er unnt, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, að fylgja sömu flutningsleið skal tilkynnandinn láta viðkomandi lögbær yfirvöld vita eins fljótt og auðið er og, verði því við komið, áður en að tilflutningurinn hefst, ef þegar er vitað um þörf á breytingum.

Ef breyting á flutningsleið er kunn áður en tilflutningurinn hefst og hún varðar önnur lögbær yfirvöld en þau sem sameiginlega tilkynningin tekur til er ekki heimilt að nota sameiginlegu tilkynninguna og skal þá leggja fram nýja tilkynningu.

3. Viðkomandi lögbær yfirvöld geta sett það sem skilyrði fyrir samþykki sínu fyrir sameiginlegri tilkynningu að frekari upplýsingar og gögn verði veitt í samræmi við aðra undirgrein 2. og 3. liðar 4. gr.

14. gr.

Fyrirframsamþykktar endurnýtingarstöðvar

1. Lögbær viðtökuyfirvöld, sem hafa lögsögu yfir tilteknum endurnýtingarstöðvum, geta veitt slíkum stöðvum fyrirframsamþykki.

([1]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37. Tilskipuninni var síðast breytt með aðildarlögunum frá 2003.

Slíkar ákvarðanir skulu takmarkast við tiltekið tímabil og skal vera unnt að afturkalla þær hvenær sem er.

2. Ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu, sem lögð er fram í samræmi við 13. gr., er lögbæru viðtökuyfirvaldi heimilt í samráði við önnur viðkomandi lögbær yfirvöld að framlengja gildistíma samþykkisins, sem um getur í 4. og 5. mgr. 9. gr., um allt að þrjú ár.

3. Lögbær yfirvöld, sem ákveða að veita stöð fyrirframsamþykki í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu upplýsa framkvæmdastjórnina og, eftir því sem við á, skrifstofu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um:

a) heiti, skráningarnúmer og heimilisfang endurnýtingarstöðvarinnar,

b) lýsingu á þeirri tækni sem notuð er, þ.m.t. R-kóði eða -kóðar,

c) úrgang, sem tilgreindur er í IV. viðauka og IV. viðauka A, eða þann úrgang sem ákvörðunin gildir um,

d) heildarmagn sem hefur verið fyrirframsamþykkt,

e) gildistíma,

f) allar breytingar á fyrirframsamþykki,

g) allar breytingar á tilkynntum upplýsingum og

h) afturköllun fyrirframsamþykkis.

Í þessu skyni skal nota skjalið sem sett er fram í VI. viðauka.

4. Þrátt fyrir 9., 10. og 12. gr. skal samþykki viðkomandi lögbærra yfirvalda, sem gefið er í samræmi við 9. gr., skilyrði, sem sett eru í samræmi við 10. gr., eða andmæli, sem borin eru upp i samræmi við 12. gr,. háð tímamörkum sem nema sjö virkum dögum frá því að lögbært viðtökuyfirvald hefur sent staðfestinguna í samræmi við 8. gr.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. getur lögbært sendingaryfirvald komist að þeirri niðurstöðu að þörf sé á meiri tíma til að fá frekari upplýsingar eða gögn frá tilkynnandanum.

Í slíkum tilvikum skal lögbært yfirvald láta tilkynnandann vita skriflega innan sjö virkra daga og senda afrit til annarra viðkomandi lögbærra yfirvalda.

Heildartíminn, sem þörf er á, skal ekki vera lengri en 30 dagar frá því að lögbært viðtökuyfirvald hefur sent staðfestinguna í samræmi við 8. gr.

15. gr.

Viðbótarákvæði um bráðabirgðaendurnýtingu og -förgun

Tilflutningar úrgangs til bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar skulu háðir eftirfarandi viðbótarákvæðum:

a) Ef tilflutningur úrgangs er ætlaður til bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar skulu allar þær stöðvar, þar sem bráðabirgðaendurnýting og -förgun og endurnýting og förgun, sem ekki er til bráðabirgða, er fyrirhuguð, einnig tilgreindar í tilkynningarskjalinu auk upphaflegrar bráðabirgðaendurnýtingar- eða -förgunaraðgerðar.

b) Lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld mega því aðeins samþykkja tilflutning úrgangs til bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar að engin ástæða sé til að hreyfa andmælum, í samræmi við 11. eða 12. gr., við tilflutningi úrgangs til stöðvanna sem framkvæma síðari bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun eða endurnýtingu eða förgun sem ekki er til bráðabirgða.

c) Innan þriggja daga frá því að stöðin, sem sér um þessa bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun, tekur við úrganginum skal hún leggja fram skriflega staðfestingu þess efnis að hún hafi tekið við úrganginum.

Þessi staðfesting skal koma fram í flutningsskjalinu eða fylgja því. Fyrrgreinda stöðin skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessari staðfestingu til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

d) Eins skjótt og unnt er, en eigi síðar en 30 dögum eftir að bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun lýkur og eigi síðar en einu almanaksári eftir viðtöku úrgangsins, eða fyrr í samræmi við 7. mgr. 9. gr., skal stöðin, sem sér um viðkomandi meðhöndlun, staðfesta á eigin ábyrgð að bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun sé lokið.

Þetta vottorð skal koma fram í flutningsskjalinu eða fylgja því.

Fyrrgreinda stöðin skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessu vottorði til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

e) Þegar endurnýtingar- eða förgunarstöð, sem framkvæmir bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun, afhendir úrganginn til síðari bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar eða endurnýtingar eða förgunar, sem ekki er til bráðabirgða, stöð sem staðsett er í viðtökulandinu skal hún fá eins fljótt og auðið er, en eigi síðar en einu almanaksári eftir afhendingu úrgangsins eða fyrr í samræmi við 7. mgr. 9. gr., vottorð frá viðkomandi stöð um að endurnýtingu eða förgun, sem ekki er til bráðabirgða, sé lokið.

Fyrrgreinda stöðin, sem framkvæmir bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun, skal tafarlaust senda viðeigandi vottorð til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda, þar sem tilflutningurinn, sem vottorðið varðar, er tilgreindur.

f) Þegar afhending, sem lýst er í e-lið, fer fram á stöð sem staðsett er í:

i. upphaflegu sendingarlandi eða í öðru aðildarríki skal krafist nýrrar tilkynningar í samræmi við ákvæði þessa bálks eða

ii. í þriðja landi skal krafist nýrrar tilkynningar í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar, auk þess sem ákvæði er varða viðkomandi lögbær yfirvöld skulu einnig gilda um upphaflegt, lögbært yfirvald í upphaflegu sendingarlandi.

16. gr.

Kröfur í kjölfar samþykkis fyrir tilflutningi

Eftir að hlutaðeigandi lögbær yfirvöld hafa samþykkt tilkynntan tilflutning skulu öll hlutaðeigandi fyrirtæki fylla út flutningsskjalið, eða flutningsskjölin ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu, í viðeigandi reiti, undirrita það eða þau og halda eftir afriti eða afritum. Uppfylla skal eftirfarandi kröfur:

a) Tilkynnandi skal fylla út flutningsskjalið: hafi tilkynnandi fengið samþykki frá lögbæru sendingar-, viðtöku- og umflutningsríki eða, að því er varðar umflutningsyfirvald, getur gert ráð fyrir þegjandi samþykki, skal hann tilgreina raundagsetningu tilflutningsins og aðrar nauðsynlegar upplýsingar í flutningsskjalinu eftir því sem við verður komið.

b) Fyrirframupplýsingar um raunverulegt upphaf tilflutnings: tilkynnandinn skal senda undirrituð afrit af útfylltu flutningsskjalinu, eins og lýst er í a-lið, til viðkomandi lögbærra yfirvalda og viðtakandans a.m.k. þremur virkum dögum fyrir upphaf tilflutningsins.

c) Skjöl sem skulu fylgja hverjum flutningi: tilkynnandinn skal halda eftir afriti af flutningsskjalinu. Flutningsskjalið og afrit af tilkynningarskjalinu, sem inniheldur skriflega samþykkið og skilyrði viðkomandi lögbærra yfirvalda, skulu fylgja hverjum tilflutningi. Stöðin, sem tekur við úrganginum, skal halda eftir flutningsskjalinu.

d) Skrifleg staðfesting stöðvar á viðtöku úrgangs: innan þriggja daga frá viðtöku úrgangsins skal stöðin leggja fram skriflega staðfestingu þess efnis að hún hafi tekið við úrganginum.

Þessi staðfesting skal koma fram í flutningsskjalinu eða fylgja því.

Stöðin skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessari staðfestingu til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

e) Vottorð stöðvarinnar um endurnýtingu eða förgun sem ekki er til bráðabirgða: eins skjótt og unnt er, en eigi síðar en 30 dögum eftir að endurnýtingu eða -förgun, sem ekki er til bráðabirgða, lýkur og eigi síðar en einu almanaksári eftir viðtöku úrgangsins, eða fyrr í samræmi við 7. mgr. 9. gr., skal stöðin, sem sér um viðkomandi meðhöndlun, staðfesta á eigin ábyrgð að endurnýtingu eða -förgun, sem ekki er til bráðabirgða, sé lokið.

Þetta vottorð skal koma fram í flutningsskjalinu eða fylgja því.

Stöðin skal senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessu vottorði til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

17. gr.

Breytingar á tilflutningnum eftir samþykki

1. Ef einhverjar mikilvægar breytingar eru gerðar á tilhögun og/eða skilyrðum að því er varðar samþykkta tilflutninginn, þ.m.t. breytingar á fyrirhuguðu magni, flutningsleið, leiðarvali, dagsetningu tilflutnings eða flytjanda, skal tilkynnandi þegar í stað upplýsa viðkomandi lögbær yfirvöld og viðtakanda um það og, ef unnt er, áður en tilflutningur hefst.

2. Í slíkum tilvikum skal leggja fram nýja tilkynningu, nema viðkomandi lögbær yfirvöld telji að fyrirhugaðar breytingar kalli ekki á nýja tilkynningu.

3. Ef slíkar breytingar varða önnur lögbær yfirvöld en þau sem málið varðar í upphaflegu tilkynningunni skal leggja fram nýja tilkynningu.

2. KAFLI

Almennar upplýsingakröfur

18. gr.

Úrgangur sem tilteknar upplýsingar skulu fylgja

1. Úrgangur, sem um getur í 2. og 4. mgr. 3. gr. og ætlunin er að flytja til, skal háður eftirfarandi kröfum um málsmeðferð:

a) Svo rekja megi tilflutninga slíks úrgangs skal sá sem heyrir undir lögsögu sendingarríkis og stendur fyrir tilflutningnum tryggja að skjalið, sem finnst í VII. viðauka, fylgi úrganginum.

b) Skjalið í VII. viðauka skal undirritað af hálfu þess sem stendur fyrir tilflutningnum áður en tilflutningurinn fer fram og af hálfu endurnýtingarstöðvarinnnar eða rannsóknarstofunnar og viðtakandans þegar tekið er við viðkomandi úrgangi.

2. Samningurinn, sem um getur í VII. viðauka milli þess sem stendur fyrir tilflutningnum og viðtakanda sem sér um endurnýtingu úrgangsins, skal vera í gildi við upphaf tilflutningsins og í honum skal vera skuldbinding af hálfu þess sem stendur fyrir tilflutningnum eða, ef viðkomandi getur ekki lokið tilflutningi eða endurnýtingu úrgangs (t.d. ef hann er ógjaldfær), af hálfu viðtakanda ef tilflutningur úrgangs eða endurnýting hans getur ekki farið fram eins og fyrirhugað var eða ef tilflutningurinn telst ólöglegur:

a) um að taka úrganginn til baka eða tryggja að hann verði endurnýttur á annan hátt og

b) annast, ef nauðsyn krefur, geymslu úrgangsins í millitíðinni.

Sá sem stendur fyrir tilflutningnum eða viðtakandinn skal leggja fram afrit af samningnum, fari viðkomandi lögbært yfirvald fram á það.

3. Aðildarríkin geta, með tilliti til eftirlits, framfylgdar, áætlanagerðar og hagskýrslugerðar og í samræmi við landslöggjöf, krafist upplýsinga, sem um getur í 1. mgr., um tilflutninga sem falla undir þessa grein.

4. Fara skal með upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., sem trúnaðarmál sé þess krafist í löggjöf Bandalagsins og landslöggjöf.

3. KAFLI

Almennar kröfur

19. gr.

Bann við blöndun úrgangs meðan á tilflutningi stendur

Frá því að tilflutningur hefst og til viðtöku í endurnýtingar- eða förgunarstöð skal sá úrgangur, sem tilgreindur er í tilkynningarskjalinu eða sem um getur í 18. gr., ekki blandaður með öðrum úrgangi.

20. gr.

Geymsla skjala og upplýsinga

1. Lögbær yfirvöld, tilkynnandi, viðtakandi og stöðin, sem tekur við úrganginum, skulu geyma öll skjöl sem lögbær yfirvöld senda eða send eru til þeirra í tengslum við tilkynntan tilflutning, í Bandalaginu í a.m.k. þrjú ár frá upphafi tilflutnings.

2. Sá sem stendur fyrir tilflutningnum, viðtakandinn og stöðin sem tekur við úrganginum skulu geyma upplýsingar, sem veittar eru skv. 1. mgr. 18. gr., í Bandalaginu í a.m.k. þrjú ár frá þeim degi sem tilflutningurinn hefst.

21. gr.

Almennur aðgangur að tilkynningum

Lögbært sendingar- eða viðtökuyfirvald getur veitt almenningi aðgang að upplýsingum um tilkynningar um tilflutninga, sem það hefur samþykkt, með viðeigandi hætti, s.s. á Netinu, séu slíkar upplýsingar ekki trúnaðarmál samkvæmt landslögum eða löggjöf Bandalagsins.

4. KAFLI

Endurviðtökuskylda

22. gr.

Endurviðtaka þegar tilflutningur getur ekki farið fram eins og fyrirhugað var

1. Ef eitt af viðkomandi lögbærum yfirvöldum verður þess vart að tilflutningur úrgangs, þ.m.t. endurnýting hans eða förgun, getur ekki farið fram eins og fyrirhugað var í samræmi við skilyrði í tilkynningar- og flutningsskjölunum og/eða samninginn, sem um getur í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og 5. gr., skal þegar í stað tilkynna það lögbæru sendingaryfirvaldi. Ef endurnýtingar- eða förgunarstöð hafnar tilfluttum úrgangi, sem hún hefur tekið við, skal hún þegar í stað upplýsa lögbært viðtökuyfirvald um það.

2. Lögbært sendingaryfirvald skal sjá til þess, nema í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr., að tilkynnandinn, eins og hann er tilgreindur í samræmi við röðunina í 15. lið 2. gr., eða, ef því verður ekki komið við, sjálft lögbæra yfirvaldið eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess, flytji viðkomandi úrgang aftur inn á svæði innan lögsögu lögbæra sendingaryfirvaldsins eða á annan stað innan sendingarlandsins.

Þetta skal eiga sér stað innan 90 daga eða annars tímabils, sem viðkomandi lögbær yfirvöld koma sér saman um, frá því að lögbært sendingaryfirvald verður vart við eða lögbær viðtöku- eða umflutningsyfirvöld hafa látið vita skriflega af því að samþykktur tilflutningur úrgangs eða endurnýting hans eða förgun geti ekki farið fram og tilkynnt um ástæður þess. Þetta getur byggst á upplýsingum sem lagðar eru fyrir lögbær viðtöku- eða umflutningsyfirvöld, m.a. frá öðrum lögbærum yfirvöldum.

3. Endurviðtökuskyldan í 2. mgr. gildir ekki ef lögbært sendingar-, umflutnings- og viðtökuyfirvald, sem taka þátt í förgun eða endurnýtingu úrgangsins, eru þess fullviss að tilkynnandi geti endurnýtt eða fargað úrganginum á annan hátt í viðtökulandinu eða annars staðar eða, verði því ekki komið við, lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess.

Endurviðtökuskyldan í 2. mgr. gildir ekki ef úrgangurinn, sem er fluttur til, hefur við meðhöndlun í viðkomandi stöð verið blandaður öðrum úrgangi á óafturkræfan hátt áður en viðkomandi lögbært yfirvald hefur fengið vitneskju um að ekki sé unnt að ljúka tilkynnta tilflutningnum eins og um getur í

1. mgr. Endurnýta skal slíka blöndu eða farga henni á annan hátt í samræmi við fyrstu undirgrein.

4. Ef um er að ræða endurviðtöku sem um getur í 2. mgr. skal leggja fram nýja tilkynningu, nema viðkomandi lögbær yfirvöld komi sér saman um að tilhlýðilega rökstudd beiðni frá upphaflegu, lögbæru sendingaryfirvaldi sé fullnægjandi.

Þar sem við á skal upprunalegur tilkynnandi eða, ef því verður ekki komið við, annar einstaklingur eða lögaðili sem tilgreindur er í samræmi við 15. lið 2. gr., eða, ef því verður ekki komið við, upprunalegt, lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess, leggja fram nýja tilkynningu.

Ekkert lögbært yfirvald skal leggjast gegn eða andmæla endursendingu úrgangs úr tilflutningi, sem ekki er unnt að ljúka, né tengdri endurnýtingu eða förgun.

5. Ef um er að ræða annars konar ráðstafanir utan upphaflegs viðtökulands, sem um getur í 3. mgr., skal upphaflegur tilkynnandi, ef við á, leggja fram nýja tilkynningu eða, ef því verður ekki komið við, annar einstaklingur eða lögaðili, sem tilnefndur er í samræmi við 15. lið 2. gr. eða, ef því verður ekki komið við, upphaflegt, lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess.

Þegar tilkynnandi leggur fram slíka nýja tilkynningu skal tilkynningin einnig lögð fyrir lögbært yfirvald í upprunalega sendingarlandinu.

6. Ef um er að ræða annars konar ráðstafanir í upphaflegu viðtökulandi, sem um getur í 3. mgr., þarf ekki að leggja fram nýja tilkynningu og er tilhlýðilega rökstudd beiðni fullnægjandi. Upphaflegur tilkynnandi skal senda slíka tilhlýðilega rökstudda beiðni um samþykki fyrir annars konar ráðstöfun til lögbærs viðtöku- og sendingaryfirvalds eða, ef því verður ekki komið við, upphaflegt, lögbært sendingaryfivald skal senda hana til lögbærs viðtökuyfirvalds.

7. Ef ekki á að leggja fram neina nýja tilkynningu í samræmi við 4. eða 6. mgr. skal upprunalegur tilkynnandi eða, ef því verður ekki komið við, annar einstaklingur eða lögaðili sem tilgreindur er í samræmi við 15. lið 2. gr., eða, ef því verður ekki komið við, upprunalegt lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess fylla út nýtt flutningsskjal í samræmi við 15. eða 16. gr.

Ef upprunalegt sendingaryfirvald leggur fram nýja tilkynningu í samræmi við 4. eða 5. mgr. skal ekki krafist nýrrar, fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildrar tryggingar.

8. Skylda tilkynnandans og viðbótarskylda sendingarlandsins til að taka úrganginn til baka eða koma annars konar endurnýtingu eða förgun í kring skal falla niður þegar stöðin gefur út vottorð um endurnýtingu eða förgun, sem ekki er til bráðabirgða, eins og um getur í e-lið 16. gr. eða, eftir því sem við á, í e-lið 15. gr. Ef um er að ræða bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun, sem um getur í 6. mgr. 6. gr., skal viðbótarskylda sendingarlandsins falla niður þegar stöðin gefur út vottorðið sem um getur í d-lið 15. gr.

Ef stöð gefur út vottorð um endurnýtingu eða förgun á einhvern þann hátt sem leiðir til ólöglegs tilflutnings með þeim afleiðingum að fjárhagslegri tryggingu er aflétt gildir 3. mgr. 24. gr. og 2. mgr. 25. gr.

9. Ef úrgangur úr tilflutningi sem ekki er unnt að ljúka, þ.m.t. endurnýting hans eða förgun, uppgötvast innan aðildarríkis er lögbæru yfirvaldi, sem hefur lögsögu yfir því svæði þar sem úrgangurinn uppgötvaðist, skylt að sjá til þess að gerðar séu ráðstafanir er varða örugga geymslu úrgangsins þar til hann er endursendur eða hann er endurnýttur eða honum er fargað á annan hátt sem er ekki til bráðabirgða.

23. gr.

Kostnaður við endurviðtöku þegar ekki er unnt að ljúka tilflutningi

1. Kostnaður vegna endursendingar úrgangs í tengslum við tilflutning, sem ekki er unnt að ljúka, þ.m.t. kostnaður við flutning, endurnýtingu eða förgun skv. 2. eða 3. mgr. 22. gr., og geymslukostnaður skv. 9. mgr. 22. gr. frá þeim degi þegar lögbært sendingaryfirvald fær vitneskju um að ekki sé unnt að ljúka tilflutningi úrgangs eða endurnýtingu eða förgun hans, skal:

a) falla á tilkynnandann, sem tilgreindur er í samræmi við röðunina í 15. lið 2. gr., eða, ef því verður ekki komið við,

b) falla á annan einstakling eða lögaðila eftir því sem við á, eða, ef því verður ekki komið við,

c) falla á lögbært sendingaryfirvald, eða, ef því verður ekki komið við,

d) skiptast samkvæmt samkomulagi milli viðkomandi lögbærra yfirvalda.

2. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði Bandalagsins og ákvæði varðandi bótaábyrgð í einstökum aðildarríkjum.

24. gr.

Endurviðtaka þegar tilflutningur er ólöglegur

1. Ef lögbært yfirvald uppgötvar tilflutning sem það telur vera ólöglegan skal það þegar í stað upplýsa önnur viðkomandi lögbær yfirvöld um það.

2. Ef tilkynnandinn ber ábyrgð á ólöglegum tilflutningi skal lögbært sendingaryfirvald sjá til þess að:

a) tilkynnandi í reynd taki viðkomandi úrgang til baka eða, ef engin tilkynning hefur verið lögð fram,

b) tilkynnandi að lögum taki viðkomandi úrgang til baka eða, ef því verður ekki komið við,

c) lögbært sendingaryfirvald taki sjálft viðkomandi úrgang til baka eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess, eða, ef því verður ekki komið við,

d) lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess endurnýti eða fargi viðkomandi úrgangi á annan hátt í viðtöku- eða sendingarlandinu, eða, ef því verður ekki komið við,

e) lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess endurnýti eða fargi viðkomandi úrgangi á annan hátt í öðru landi ef öll viðkomandi lögbær yfirvöld samþykkja það.

Þessi endurviðtaka, endurnýting eða förgun skal eiga sér stað innan 30 daga eða annars tímabils, sem viðkomandi lögbær yfirvöld koma sér saman um, frá því að lögbært sendingaryfirvald verður vart við eða lögbær viðtöku- eða umflutningsyfirvöld hafa skriflega látið vita um ólöglegan tilflutning og upplýst um ástæður þess. Þetta getur byggst á upplýsingum sem lagðar eru fyrir lögbær viðtöku- eða umflutningsyfirvöld, m.a. frá öðrum lögbærum yfirvöldum.

Ef um er að ræða endurviðtöku sem um getur í a-, b- og c-lið skal leggja fram nýja tilkynningu, nema viðkomandi lögbær yfirvöld komi sér saman um að tilhlýðilega rökstudd beiðni frá upphaflegu, lögbæru sendingaryfirvaldi sé fullnægjandi.

Einstaklingur eða yfirvald, sem skráð er í a-, b- eða c-lið, skal leggja fram nýju tilkynninguna og í þessari röð.

Ekkert lögbært yfirvald skal leggjast gegn því eða hreyfa andmælum við því að úrgangur í ólöglegum tilflutningi sé endursendur. Ef um er að ræða annars konar tilhögun, sem um getur í d- og e-lið og lögbært sendingaryfirvald grípur til, skal upphaflegt, lögbært sendingaryfirvald eða einstaklingur eða lögaðili fyrir hönd þess leggja fram nýja tilkynningu nema viðkomandi lögbær yfirvöld komi sér saman um að tilhlýðilega rökstudd beiðni frá fyrrgreindu yfirvaldi sé fullnægjandi.

3. Ef viðtakandi ber ábyrgð á ólöglegum tilflutningi skal lögbært viðtökuyfirvald tryggja að viðkomandi úrgangur sé endurnýttur eða honum fargað á umhverfisvænan hátt:

a) af viðtakanda, eða, ef því verður ekki komið við,

b) af sjálfu lögbæra yfirvaldinu eða einstaklingi eða lögaðila fyrir hönd þess.

Þessi endurnýting eða förgun skal fara fram innan 30 daga eða annars tímabils, sem viðkomandi lögbær yfirvöld koma sér saman um, frá því að lögbært viðtökuyfirvald verður vart við eða lögbær sendingar- eða umflutningsyfirvöld hafa látið vita skriflega um ólöglegan tilflutning og upplýst um ástæður þess. Þetta getur byggst á upplýsingum sem lagðar eru fyrir lögbær sendingar- og umflutningsyfirvöld, m.a. frá öðrum lögbærum yfirvöldum.

Í þessu skyni skulu viðkomandi lögbær yfirvöld vinna saman eins og nauðsyn krefur að endurnýtingu eða förgun úrgangsins.

4. Ef ekki á að leggja fram neina nýja tilkynningu skal sá sem ber ábyrgð á endurviðtökunni eða, ef því verður ekki komið við, upprunalegt lögbært sendingaryfirvald fylla út nýtt flutningsskjal í samræmi við 15. eða 16. gr.

Ef upprunalegt lögbært sendingaryfirvald leggur fram nýja tilkynningu skal ekki krafist nýrrar, fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildrar tryggingar.

5. Í þeim tilvikum, þar sem hvorki tilkynnandi né viðtakandi er ábyrgur fyrir ólöglega tilflutningnum, skulu viðkomandi lögbær yfirvöld gæta þess sérstaklega að hafa samvinnu um að sjá til þess að viðkomandi úrgangur verði endurnýttur eða að honum verði fargað.

6. Ef um er að ræða bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun, sem um getur í 6. mgr. 6. gr., þar sem ólöglegur tilflutningur uppgötvast eftir að bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun er lokið fellur niður sú viðbótarskylda sendingarlandsins um að taka úrganginn til baka eða skipuleggja annars konar endurnýtingu eða förgun þegar stöðin hefur gefið út vottorðið sem um getur í d-lið 15. gr.

Ef stöð gefur út vottorð um endurnýtingu eða förgun á einhvern þann hátt sem leiðir til ólöglegs tilflutnings með þeim afleiðingum að fjárhagslegu tryggingunni er aflétt gildir 3. mgr. og 2. mgr. 25. gr.

7. Ef úrgangur úr ólöglegum tilflutningi uppgötvast innan aðildarríkis er lögbæru yfirvaldi, sem hefur lögsögu yfir því svæði þar sem úrgangurinn uppgötvaðist, skylt að sjá til þess að gerðar séu ráðstafanir er varða örugga geymslu úrgangsins þar til hann er endursendur eða hann er endurnýttur eða honum er fargað á annan hátt sem er ekki til bráðabirgða.

8. Ákvæði 34. og 36. gr. gilda ekki í þeim tilvikum þar sem úrgangur, sem hefur verið fluttur til ólöglega, er fluttur til baka til sendingarlandsins og viðkomandi sendingarland fellur undir bannákvæðin sem sett eru fram í fyrrgreindum greinum.

9. Ef um er að ræða ólöglegan tilflutning, sem skilgreindur er í g-lið 35. liðar 2. gr., skal sá sem skipuleggur tilflutninginn vera bundinn sömu skuldbindingum í þessari grein og tilkynnandinn.

10. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði Bandalagsins og ákvæði í einstökum aðildarríkjum varðandi bótaábyrgð.

25. gr.

Kostnaður við endurviðtöku þegar tilflutningur er ólöglegur

1. Kostnaður vegna endurviðtöku úrgangs úr ólöglegum tilflutningi, þ.m.t. kostnaður við flutning hans, endurnýtingu eða förgun skv. 2. mgr. 24. gr., og geymslukostnaður skv. 7. mgr. 24. gr. frá þeim degi sem lögbært sendingaryfirvald fær vitneskju um að tilflutningur sé ólöglegur, skal falla á:

a) tilkynnanda í reynd, sem tilgreindur er í samræmi við röðunina í 15. lið 2. gr., eða, ef engin tilkynning hefur verið lögð fram,

b) tilkynnanda að lögum eða annan einstakling eða lögaðila eftir því sem við á eða, ef þessu verður ekki komið við,

c) lögbært sendingaryfirvald.

2. Kostnaður vegna endurnýtingar eða förgunar skv. 3. mgr. 24. gr., þ.m.t. hugsanlegur flutnings- eða geymslukostnaður skv. 7. mgr. 24. gr., skal falla á:

a) viðtakanda eða, ef því verður ekki komið við,

b) lögbært viðtökuyfirvald.

3. Kostnaður vegna endurnýtingar eða förgunar skv. 5. mgr. 24. gr., þ.m.t. hugsanlegur flutnings- eða geymslukostnaður skv. 7. mgr. 24. gr., skal falla á:

a) tilkynnanda, sem tilgreindur er í samræmi við röðunina í 15. lið 2. gr., og/eða viðtakanda, eftir því hver ákvörðun viðkomandi lögbærra yfirvalda er eða, ef þessu verður ekki komið við,

b) annan einstakling eða lögaðila eftir því sem við á eða, ef því verður ekki komið við,

c) lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld.

4. Ef um er að ræða ólöglegan tilflutning, sem skilgreindur er í g-lið 35. liðar 2. gr., skal sá sem skipuleggur tilflutninginn vera bundinn sömu skuldbindingum í þessari grein og tilkynnandinn.

5. Þessi grein skal ekki hafa áhrif á ákvæði Bandalagsins og ákvæði í einstökum aðildarríkjum varðandi bótaábyrgð.

5. KAFLI

Almenn stjórnsýsluákvæði

26. gr.

Samskiptamáti

1. Eftirfarandi upplýsingar og skjöl má senda með pósti:

a) tilkynningu um fyrirhugaðan tilflutning skv. 4. og 13. gr.,

b) beiðni um upplýsingar og skjöl skv. 4., 7. og 8. gr.,

c) upplýsingar og skjöl skv. 4., 7. og 8. gr.,

d) skriflegt samþykki fyrir tilkynntum tilflutningi skv. 9. gr.,

e) skilyrði fyrir tilflutningi skv. 10. gr.,

f) andmæli gegn tilflutningi skv. 11. og 12. gr.,

g) upplýsingar um ákvörðun um að veita fyrirframsamþykki til tiltekinna endurnýtingarstöðva skv. 3. mgr. 14. gr.,

h) skriflega staðfestingu á viðtöku úrgangs skv. 15. og 16. gr.,

i) vottorð um endurnýtingu eða förgun úrgangs skv. 15. og 16. gr.,

j) fyrirframupplýsingar um hvenær tilflutningurinn hefst í reynd skv. 16. gr.,

k) upplýsingar um breytingar á tilflutningi eftir samþykki skv. 17. gr. og

l) skrifleg samþykki og flutningsskjöl sem skal senda skv. IV., V. og VI. bálki.

2. Ef viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynnandi koma sér saman um það er heimilt að leggja fram gögnin, sem um getur í 1. mgr., á eftirfarandi hátt:

a) með símbréfi eða

b) með símbréfi sem fylgt er eftir með póstsendu bréfi eða

c) með tölvupósti með stafrænni undirskrift. Í því tilviki skal stafræn undirskrift koma í stað hvers kyns stimpils eða undirskriftar, sem krafist er, eða

d) með tölvupósti án stafrænnar undirskriftar sem fylgt er eftir með póstsendu bréfi.

3. Skjölin, sem skulu fylgja hverjum flutningi í samræmi við c-lið 16. gr. og 18. gr., mega vera á rafrænu formi með stafrænni undirskrift ef unnt er að kalla þau fram hvenær sem er meðan á flutningi stendur og ef viðkomandi lögbær yfirvöld samþykkja það.

4. Ef viðkomandi lögbær yfirvöld og tilkynnandinn koma sér saman um það er heimilt að leggja fram og skiptast á þeim upplýsingum og gögnum, sem um getur í 1. mgr., með rafrænum gagnaskiptum með rafrænni undirskrift eða rafrænni sannvottun í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/93/EB frá 13. desember 1999 um ramma Bandalagsins varðandi rafrænar undirskriftir ([1]) eða með sambærilegu rafrænu sannvottunarkerfi sem veitir sama öryggi. Í slíkum tilvikum má gera skipulagsráðstafanir varðandi rafræn gagnaskipti.

27. gr.

Tungumál

1. Allar tilkynningar, upplýsingar, skjöl eða aðrar orðsendingar, sem lagðar eru fram samkvæmt ákvæðum þessa bálks, skulu vera á tungumáli sem viðkomandi lögbær yfirvöld samþykkja.

2. Ef viðkomandi lögbær yfirvöld fara þess á leit skal tilkynnandinn láta þeim í té löggilta þýðingu yfir á tungumál sem þau samþykkja.

28. gr.

Ágreiningur um flokkunarmál

1. Ef lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld geta ekki komið sér saman um það hvort flokka skuli tiltekið efni sem úrgang eða ekki skal fara með það eins og það væri úrgangur. Þetta skal ekki hafa áhrif á rétt viðtökulandsins til að meðhöndla tilflutta efnið í samræmi við landslöggjöf eftir viðtöku tilflutta efnisins að því tilskildu að slík löggjöf sé í samræmi við lög Bandalagsins eða þjóðarétt.

2. Ef lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld geta ekki komið sér saman um það hvort tilkynntur úrgangur falli undir III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B eða IV. viðauka skal úrgangurinn falla undir IV. viðauka.

3. Ef lögbær sendingar- og viðtökuyfirvöld geta ekki komið sér saman um hvort flokka skuli tilkynntu úrgangsmeðhöndlunina sem endurnýtingu eða förgun gilda ákvæðin um förgun.

4. Ákvæði 1.–3. mgr. gilda aðeins að því er varðar þessa reglugerð og þau skulu ekki hafa áhrif á rétt hagsmunaaðila til að leysa hugsanlegar deilur um þessi álitaefni fyrir dómstólum.

29. gr.

Umsýslukostnaður

Heimilt er að krefja tilkynnanda um greiðslu fyrir viðeigandi og hlutfallslegum umsýslukostnaði vegna málsmeðferðar við tilkynningu og eftirlit og fyrir venjulegum kostnaði við viðeigandi greiningar og skoðanir.

30. gr.

Landamærasamningar

1. Í undantekningartilvikum, og ef sérstakar land- eða lýðfræðilegar aðstæður réttlæta það, geta aðildarríkin gert tvíhliða samninga um að auðvelda málsmeðferð við tilkynningu að því er varðar tilflutning á sérstöku úrgangsflæði í tengslum við tilflutning yfir landamæri á næstu hentugu stöð á landamærasvæðinu milli viðkomandi aðildarríkjanna tveggja.

2. Einnig má gera slíka tvíhliða samninga ef tilflutningur úrgangs á sér stað frá sendingarlandinu og hann er meðhöndlaður þar en er fluttur um annað aðildarríki.

3. Aðildarríkin geta einnig gert slíka samninga við lönd sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

4. Tilkynna skal um slíka samninga til framkvæmdastjórnarinnar áður en þeir öðlast gildi.

6. KAFLI

Tilflutningur innan Bandalagsins með umflutningi um þriðju lönd

31. gr.

Tilflutningur úrgangs sem ætlaður er til förgunar

Ef tilflutningur úrgangs til förgunar fer fram innan Bandalagsins með umflutningi um eitt eða fleiri þriðju lönd skal lögbært sendingaryfirvald, auk þess að fara að ákvæðum þessa bálks, spyrja lögbært yfirvald í þriðju löndunum hvort það óskar þess að senda skriflegt samþykki sitt fyrir fyrirhugaða tilflutningnum:

a) að því er varðar aðila að Basel-samningnum: innan 60 daga, nema viðkomandi hafi afsalað sér þessum rétti í samræmi við skilmála samningsins eða

b) að því er varðar lönd sem ekki eru aðilar að Basel-samningnum: innan tiltekins tímabils sem lögbæru yfirvöldin koma sér saman um.

([1]) Stjtíð. EB L 13, 19.1.2000, bls. 12.

32. gr.

Tilflutningur úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar

1. Ef tilflutningur úrgangs til endurnýtingar fer fram innan Bandalagsins með umflutningi um eitt eða fleiri þriðju lönd, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, gildir 31. gr.

2. Þegar tilflutningur úrgangs til endurnýtingar fer fram innan Bandalagsins, þ.m.t. milli staða innan sama aðildarríkis, með umflutningi um eitt eða fleiri þriðju lönd sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, má veita þegjandi samþykki, sem um getur í 9. gr., og ef engum andmælum hefur verið hreyft eða nein skilyrði sett getur tilflutningurinn hafist 30 dögum eftir að lögbært viðtökuyfirvald hefur sent staðfestinguna í samræmi við 8. gr.

III. BÁLKUR

TILFLUTNINGAR SEM FARA EINUNGIS FRAM INNAN AÐILDARRÍKJANNA

33. gr.

Beiting þessarar reglugerðar að því er varðar tilflutninga sem fara eingöngu fram innan aðildarríkjanna

1. Aðildarríkin skulu koma á viðeigandi kerfi til að hafa umsjón og eftirlit með tilflutningi á úrgangi sem fer eingöngu fram innan lögsögu þeirra. Þetta kerfi skal taka mið af þörf á samræmi við kerfi Bandalagsins sem komið er á með II. og VII. bálki.

2. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um sín kerfi til að hafa umsjón og eftirlit með tilflutningi á úrgangi. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa hin aðildarríkin um það.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að nota kerfið, sem kveðið er á um í II. og VII. bálki, innan eigin lögsögu.

IV. BÁLKUR

ÚTFLUTNINGUR FRÁ BANDALAGINU TIL ÞRIÐJU LANDA

1. KAFLI

Útflutningur úrgangs til förgunar

34. gr.

Útflutningur bannaður nema til EFTA-ríkja1. Banna skal allan útflutning úrgangs, sem er ætlaður til förgunar, frá Bandalaginu.

2. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um útflutning úrgangs sem ætlaður er til förgunar í EFTA-löndum sem eru einnig aðilar að Basel-samningnum.

3. Hins vegar skal einnig banna útflutning úrgangs sem ætlaður er til förgunar í EFTA-landi sem er aðili að Basel-samningnum:

a) ef EFTA-landið bannar innflutning á slíkum úrgangi eða

b) ef lögbært sendingaryfirvald hefur ástæðu til að ætla að úrgangurinn verði ekki meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt, eins og um getur í 49. gr., í viðkomandi viðtökulandi.

4. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á endurviðtökuskylduna sem mælt er fyrir um í 22. og 24. gr.

35. gr.

Málsmeðferð að því er varðar útflutning til EFTA-landa

1. Ef úrgangur er fluttur frá Bandalaginu og ætlaður til förgunar í EFTA-löndum sem eru aðilar að Basel-samningnum gilda ákvæði II. bálks að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr.

2. Eftirfarandi aðlaganir gilda:

a) lögbært umflutningsyfirvald utan Bandalagsins skal hafa 60 daga frá því að það sendi staðfestingu um viðtöku tilkynningarinnar til að óska eftir viðbótarupplýsingum um tilkynnta tilflutninginn og, ef viðkomandi land hefur ákveðið að krefjast ekki skriflegs fyrirframsamþykkis og hefur tilkynnt hinum aðilunum um það í samræmi við 4. mgr. 6. gr. Basel-samningsins, til að veita þegjandi samþykki eða skriflegt samþykki með eða án skilyrða og

b) lögbært sendingaryfirvald í Bandalaginu skal því aðeins taka ákvörðun um samþykki fyrir tilflutningnum, eins og um getur í 9. gr., að því hafi borist skriflegt samþykki frá lögbæru viðtökuyfirvaldi og, eftir því sem við á, þegjandi eða skriflegt samþykki frá lögbæru umflutningsyfirvaldi utan Bandalagsins og í fyrsta lagi 61 degi eftir að lögbært umflutningsyfirvald hefur sent staðfestinguna. Lögbært sendingaryfirvald getur tekið ákvörðunina áður en 61 dags tímamörkin eru liðin ef það hefur skriflegt samþykki frá öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

3. Eftirfarandi viðbótarákvæði gilda:

a) lögbært umflutningsyfirvald í Bandalaginu skal senda staðfestingu til tilkynnanda um að það hafi tekið við tilkynningu hans,

b) lögbær sendingaryfirvöld og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvöld í Bandalaginu skulu senda stimplað afrit af ákvörðunum þeirra um samþykki fyrir tilflutningnum til útflutnings- og brottflutningstollstöðvar í Bandalaginu,

c) flytjandi skal afhenda afrit af flutningsskjalinu í útflutnings- og brottflutningstollstöðinni í Bandalaginu,

d) um leið og úrgangurinn er farinn úr Bandalaginu skal brottflutningstollstöð Bandalagsins senda stimplað afrit af flutningsskjalinu til lögbærs sendingaryfirvalds í Bandalaginu þess efnis að úrgangurinn sé farinn úr Bandalaginu,

e) ef lögbæru sendingaryfirvaldi í Bandalaginu hafa ekki borist neinar upplýsingar frá stöðinni um viðtöku úrgangsins 42 dögum eftir að úrgangurinn er farinn úr Bandalaginu skal það þegar í stað upplýsa lögbært viðtökuyfirvald um það og

f) í samningnum, sem um getur í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr., skal mælt fyrir um:

   i. að ef stöð gefur út rangt förgunarvottorð, sem verður þess valdandi að fjárhagslegu tryggingunni er aflétt, skal viðtakandi bera þann kostnað sem hlýst af þeirri skyldu að skila úrganginum til svæðis í lögsögu lögbæra sendingaryfirvaldsins og kostnað vegna endurnýtingar eða förgunar á annan og umhverfisvænan hátt,

   ii. að innan þriggja daga frá viðtöku úrgangs til förgunar skuli stöðin senda undirrituð afrit af útfyllta flutningsskjalinu, að undanskildu förgunarvottorði, sem um getur í iii. undirlið, til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda og

   iii. að eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 30 dögum eftir að förgun lýkur og eigi síðar en einu almanaksári eftir viðtöku úrgangsins skal stöðin staðfesta á eigin ábyrgð að förgun sé lokið og skal hún senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessari staðfestingu til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

4. Tilflutningurinn má aðeins fara fram ef:

a) tilkynnandi hefur fengið skriflegt samþykki frá lögbæru sendingar-, viðtöku og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvaldi utan Bandalagsins og ef þau skilyrði, sem mælt er fyrir um, hafa verið uppfyllt,

b) samningur hefur verið gerður milli tilkynnandans og viðtakandans og hann er í gildi, eins og krafist er í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr.,

c) fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu hefur verið komið á og er í gildi eins og krafist er í annarri undirgrein 5. liðar í 4. gr. og í 6. gr. og

d) vistvæn meðhöndlun, sem um getur í 49. gr., hefur verið tryggð.

5. Þegar úrgangur er fluttur út skal hann ætlaður til förgunar í stöð sem starfar eða hefur leyfi til að starfa í viðtökulandinu samkvæmt gildandi landslögum.

6. Ef ólöglegur tilflutningur uppgötvast á útflutningstollstöð eða brottflutningstollstöð í Bandalaginu skal hún þegar í stað upplýsa lögbært yfirvald í því landi, þar sem tollstöðin er staðsett, um það sem skal:

a) þegar í stað upplýsa lögbært sendingaryfirvald í Bandalaginu um það og

b) sjá til þess að úrgangurinn sé kyrrsettur þar til lögbært sendingaryfirvald hefur ákveðið annað og hefur látið lögbært yfirvald í landinu, þar sem tollstöðin er staðsett og úrgangurinn er kyrrsettur, vita skriflega um þá ákvörðun.

2. KAFLI

Útflutningur úrgangs til endurnýtingar

1. þáttur

Útflutningur til landa sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar

36. gr.

Útflutningsbann

1. Útflutningur úrgangs frá Bandalaginu til endurnýtingar í löndum, sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, er bannaður að því er varðar eftirfarandi úrgang:

a) úrgangur, sem tilgreindur er sem hættulegur í V. viðauka,

b) úrgangur, sem tilgreindur er í 3. hluta V. viðauka,

c) hættulegur úrgangur sem ekki fellur undir neina eina færslu í V. viðauka,

d) blöndur af hættulegum úrgangi og blöndur af hættulegum úrgangi sem er blandaður hættulausum úrgangi sem ekki fellur undir neina eina færslu í V. viðauka,

e) úrgangur, sem viðtökulandið hefur tilkynnt að sé hættulegur skv. 3. gr. Basel-samningsins,

f) úrgangur, sem viðtökulandið hefur bannað innflutning á, eða

g) úrgangur, sem lögbært sendingaryfirvald hefur ástæðu til að ætla að verði ekki meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt, eins og um getur í 49. gr., í viðkomandi viðtökulandi.

2. Þetta ákvæði skal ekki hafa áhrif á endurviðtökuskylduna sem sett er fram í 22. og 24. gr.

3. Aðildarríkin geta í undantekningartilvikum samþykkt ákvæði til að ákvarða, á grundvelli skriflegra sönnunargagna, sem tilkynnandi leggur fram á viðeigandi hátt, að tiltekinn, hættulegur úrgangur, sem er tilgreindur í V. viðauka, sé undanþeginn útflutningsbanni ef hann býr ekki yfir neinum þeirra eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, með tilliti til, að því er varðar eiginleika H3 til H8, H10 og H11 sem eru skilgreindir í fyrrgreindum viðauka, þeirra viðmiðunarmarka sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang samkvæmt 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang ([1]).

4. Sú staðreynd að úrgangur er ekki tilgreindur sem hættulegur í V. viðauka eða að hann er tilgreindur í skrá B í 1. hluta V. viðauka skal ekki koma í veg fyrir, í undantekningartilvikum, að honum sé lýst sem hættulegum og að hann sæti af þeim sökum útflutningsbanni ef hann býr yfir einhverjum þeirra eiginleika, sem tilgreindir eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, með tilliti til, að því er varðar eiginleika H3 til H8, H10 og H11 sem eru skilgreindir í þeim viðauka, þeirra viðmiðunarmarka sem mælt er fyrir um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB eins og kveðið er á um í öðrum undirlið 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE og í inngangsmálsgrein III. viðauka við þessa reglugerð.

5. Í þeim tilvikum, sem um getur í 3. og 4. mgr., skulu viðkomandi aðildarríki láta fyrirhugað viðtökuland vita áður en ákvörðun er tekin. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slík tilvik fyrir lok hvers almanaksárs. Framkvæmdastjórnin skal framsenda upplýsingarnar til allra aðildarríkjanna og skrifstofu Basel-samningsins. Á grundvelli framlögðu upplýsinganna getur framkvæmdastjórnin sett fram athugasemdir og aðlagað V. viðauka eftir því sem við á í samræmi við 58. gr.

37. gr.

Málsmeðferð við útflutning úrgangs sem tilgreindur er í III. viðauka eða III. viðauka A

1. Ef um er að ræða úrgang, sem er tilgreindur í III. viðauka eða III. viðauka A, og útflutningur hans er ekki bannaður skv. 36. gr. skal framkvæmdastjórnin senda, innan 20 daga frá gildistöku þessarar reglugerðar, skriflega beiðni til hvers lands, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunar, og óska eftir:

i. skriflegri staðfestingu um að heimilt sé að flytja úrganginn frá Bandalaginu til endurnýtingar í viðkomandi landi og

ii. upplýsingum um þá eftirlitsaðferð sem verður hugsanlega notuð í viðtökulandinu.

Hverju landi, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, skulu gefnir eftirfarandi valkostir:

a) bann eða

b) málsmeðferð fyrir skriflega fyrirframtilkynningu og fyrirframsamþykki skv. 35. gr. eða

c) ekkert eftirlit í viðtökulandinu.

2. Fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin samþykkja reglugerð þar sem tillit er tekið til allra svara sem berast skv. 1. mgr. og hún skal veita nefndinni, sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB, viðeigandi upplýsingar.

Ef land hefur ekki gefið út staðfestingu, sem um getur í 1. mgr., eða ef ekki hefur af einhverri ástæðu verið haft samband við viðkomandi land gildir b-liður 1. mgr.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra samþykktu reglugerðina reglulega.

3. Ef land gefur til kynna í svari sínu að tilteknir tilflutningar úrgangs séu ekki undir neinu eftirliti gildir 18. gr. um slíka tilflutninga að breyttu breytanda.

4. Þegar úrgangur er fluttur út skal hann fara til endurnýtingar í stöð sem starfar eða hefur leyfi til að starfa í viðtökulandinu samkvæmt gildandi landslögum.

5. Ef um er að ræða tilflutning úrgangs, sem ekki fellur undir neina eina færslu í III. viðauka, eða tilflutning blandna úrgangstegunda, sem ekki falla undir neina eina færslu í III. viðauka eða III. viðauka A, eða tilflutning úrgangs sem fellur undir III. viðauka B, og að því tilskildu að útflutningurinn sé ekki bannaður skv. 36. gr., gildir b-liður 1. mgr. þessarar greinar.

2. þáttur

Útflutningur til landa sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar

38. gr.

Útflutningur úrgangs sem tilgreindur er í III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka og IV. viðauka A

1. Ef úrgangur, sem tilgreindur er í III. viðauka, III. viðauka A, III. viðauka B, IV. viðauka og IV. viðauka A, óflokkaður úrgangur eða blöndur úrgangstegunda, sem ekki falla undir neina eina færslu í III. viðauka, IV. viðauka eða IV. viðauka A, eru flutt út frá Bandalaginu til endurnýtingar í löndum, sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, með eða án umflutnings um lönd sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, gilda ákvæði II. bálks að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru í 2., 3. og 5. mgr.

2. Eftirfarandi aðlaganir gilda:

a) blöndur úrgangstegunda, sem eru tilgreindar í III. viðauka A og ætlaðar til bráðabirgðameðhöndlunar, skulu sæta málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki ef frekari bráðabirgðaendurnýting eða -förgun eða endurnýting eða förgun, sem ekki er til bráðabirgða, á að fara fram í landi sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

([1]) Stjtíð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2001/573/EB (Stjtíð. EB L 203, 28.7.2001, bls. 18).

b) úrgangur, sem tilgreindur er í III. viðauka B, skal sæta málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki,

c) samþykkið, sem krafist er í samræmi við 9. gr., má veita á formi þegjandi samþykkis frá lögbæru viðtökuyfirvaldi utan Bandalagsins.

3. Að því er varðar útflutning úrgangs, sem tilgreindur er í IV. viðauka og IV. viðauka A, gilda eftirfarandi viðbótarákvæði:

a) lögbær sendingaryfirvöld og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvöld í Bandalaginu skulu senda stimplað afrit af ákvörðunum sínum um samþykki fyrir tilflutningnum til útflutnings- og brottflutningstollstöðvar Bandalagsins,

b) flytjandi skal afhenda afrit af flutningsskjalinu í útflutnings- og brottflutningstollstöðinni í Bandalaginu,

c) um leið og úrgangurinn er farinn frá Bandalaginu skal útflutningstollstöð Bandalagsins senda stimplað afrit af flutningsskjalinu til lögbærs sendingaryfirvalds í Bandalaginu þess efnis að úrgangurinn sé farinn úr Bandalaginu,

d) ef lögbæru sendingaryfirvaldi í Bandalaginu hafa ekki borist neinar upplýsingar frá stöðinni um viðtöku úrgangsins 42 dögum eftir að úrgangurinn er farinn frá Bandalaginu skal það þegar í stað upplýsa lögbært viðtökuyfirvald um það og

e) í samningnum, sem um getur í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr., skal mælt fyrir um:

i. að ef stöð gefur út rangt endurnýtingarvottorð, sem verður þess valdandi að fjárhagslegu tryggingunni er aflétt, skal viðtakandi bera kostnað sem hlýst af þeirri skyldu að skila úrganginum til svæðis í lögsögu lögbæra sendingaryfirvaldsins og kostnað vegna endurnýtingar eða förgunar á annan og umhverfisvænan hátt,

ii. að innan þriggja daga frá viðtöku úrgangs til endurnýtingar skuli stöðin senda undirrituð afrit af útfyllta flutningsskjalinu, að undanskildu vottorði um endurnýtingu sem um getur í iii. undirlið, til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda og

iii. að eins skjótt og unnt er og eigi síðar en 30 dögum eftir að endurnýtingu lýkur og eigi síðar en einu almanaksári eftir viðtöku úrgangsins skal stöðin staðfesta á eigin ábyrgð að endurnýtingu sé lokið og skal hún senda undirrituð afrit af flutningsskjalinu með þessari staðfestingu til tilkynnandans og viðkomandi lögbærra yfirvalda.

4. Tilflutningurinn má aðeins fara fram ef:

a) tilkynnandi hefur fengið skriflegt samþykki frá lögbæru sendingar-, viðtöku og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvaldi eða ef lögbær viðtöku- og umflutningsyfirvöld utan Bandalagsins hafa gefið þegjandi samþykki sitt eða ef hægt er að gera ráð fyrir því og ef þau skilyrði, sem mælt er fyrir um, hafa verið uppfyllt,

b) farið er að b-, c- og d-lið 4. mgr. 35. gr.

5. Ef útflutningur, sem lýst er í 1. mgr., á úrgangi, sem tilgreindur er í IV. viðauka og IV. viðauka A, á sér stað með umflutningi um land, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, gilda eftirfarandi aðlaganir:

a) lögbært umflutningsyfirvald, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, skal hafa 60 daga frá því að það sendi staðfestingu um viðtöku tilkynningarinnar til að óska eftir viðbótarupplýsingum um tilkynnta tilflutninginn og, ef viðkomandi land hefur ákveðið að krefjast ekki skriflegs fyrirframsamþykkis og hefur tilkynnt hinum aðilunum um það í samræmi við 4. mgr. 6. gr. Basel-samningsins, til að veita þegjandi samþykki eða skriflegt samþykki með eða án skilyrða og

b) lögbært sendingaryfirvald í Bandalaginu skal því aðeins taka ákvörðun um samþykki fyrir tilflutningnum, eins og um getur í 9. gr., að því hafi borist þegjandi eða skriflegt samþykki frá lögbæru umflutningsyfirvaldi sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar og í fyrsta lagi 61 degi eftir að lögbært umflutningsyfirvald hefur sent staðfestinguna. Lögbært sendingaryfirvald getur tekið ákvörðunina áður en 61 dags tímamörkin eru liðin ef það hefur skriflegt samþykki frá öðrum viðkomandi lögbærum yfirvöldum.

6. Þegar úrgangur er fluttur út skal hann fara til endurnýtingar í stöð sem starfar eða hefur leyfi til að starfa í viðtökulandinu samkvæmt gildandi landslögum.

7. Ef ólöglegur tilflutningur uppgötvast á útflutningstollstöð eða brottflutningstollstöð í Bandalaginu skal hún þegar í stað upplýsa lögbært yfirvald í því landi, þar sem tollstöðin er staðsett, um það sem skal:

a) þegar í stað upplýsa lögbært sendingaryfirvald í Bandalaginu um það og

b) sjá til þess að úrgangurinn sé kyrrsettur þar til lögbært sendingaryfirvald hefur ákveðið annað og hefur látið lögbært yfirvald í landinu, þar sem tollstöðin er staðsett og úrgangurinn er kyrrsettur, vita skriflega um þá ákvörðun.

3. KAFLI

Almenn ákvæði

39. gr.

Útflutningur til Suðurskautslandsins

Útflutningur úrgangs frá Bandalaginu til Suðurskautslandsins er bannaður.

40. gr.

Útflutningur til landa og umdæma handan hafsins

1. Útflutningur frá Bandalaginu á úrgangi til förgunar í löndum eða umdæmum handan hafsins er bannaður.

2. Að því er varðar útflutning úrgangs til endurnýtingar í löndum eða umdæmum handan hafsins gildir bannið, sem sett er fram í 36. gr., að breyttu breytanda.

3. Að því er varðar útflutning úrgangs til endurnýtingar í löndum eða umdæmum handan hafsins, sem bannið, sem sett er fram í 2. mgr., tekur ekki til, gilda ákvæði II. bálks að breyttu breytanda.

V. BÁLKUR

INNFLUTNINGUR TIL BANDALAGSINS FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

1. KAFLI

Innflutningur úrgangs til förgunar

41. gr.

Bann við innflutningi, nema frá löndum, sem eru aðilar að Basel-samningnum eða samningur hefur verið gerður við, eða frá öðrum svæðum þar sem ríkir hættuástand eða stríð

1. Banna skal innflutning til Bandalagsins á úrgangi til förgunar, nema frá:

a) löndum, sem eru aðilar að Basel-samningnum, eða

b) öðrum löndum, sem Bandalagið, eða Bandalagið og aðildarríki þess, hefur gert tví- eða marghliða samning eða samkomulag við sem samrýmist löggjöf Bandalagsins og er í samræmi við 11. gr. Basel-samningsins, eða

c) öðrum löndum, sem einstök aðildarríki hafa gert tví- eða marghliða samninga eða samkomulag við í samræmi við 2. mgr., eða

d) öðrum svæðum, þar sem eru sérstakar aðstæður, s.s. vegna hættuástands, friðarumleitana, friðargæslu eða stríðs þannig að ekki er unnt að gera tví- eða marghliða samninga eða samkomulag skv. b- eða c-lið eða þar sem lögbært yfirvald í sendingarlandi hefur ekki verið tilnefnt eða það getur ekki beitt sér.

2. Í undantekningartilvikum er einstökum aðildarríkjum heimilt að gera tvíhliða samninga eða samkomulag um förgun tiltekins úrgangs í þeim aðildarríkjum, þegar ekki er unnt að meðhöndla slíkan úrgang á vistvænan hátt, eins og um getur í 49. gr., í sendingarlandinu.

Þessir samningar og samkomulag skulu samrýmast löggjöf Bandalagsins og vera í samræmi við 11. gr. Basel-samningsins.

Þessir samningar og samkomulag skulu tryggja að förgunaraðgerðir fari fram í stöð, sem hefur hlotið leyfi, og uppfylli kröfur um vistvæna meðhöndlun.

Þessir samningar og samkomulag skulu einnig tryggja að úrgangurinn sé framleiddur í sendingarlandinu og að förgun fari eingöngu fram í aðildarríkinu sem gerði samninginn eða samkomulagið.

Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um þessa samninga eða samkomulag áður en frá þeim er gengið. Í neyðartilvikum er þó heimilt að tilkynna um samningana eða samkomulagið allt að mánuði eftir að frá þeim hefur verið gengið.

3. Tvíhliða eða marghliða samningar eða samkomulag, sem er gert í samræmi við b- og c-lið 1. mgr., skulu byggjast á kröfunum um málsmeðferð í 42. gr.

4. Löndin, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr., skulu leggja fram tilhlýðilega rökstudda fyrirframbeiðni fyrir lögbær yfirvöld í viðtökuaðildarríki á þeim grundvelli að þau hafi ekki yfir að ráða eða ekki sé líklegt að þau geti komið sér upp þeirri tæknikunnáttu og nauðsynlegri aðstöðu til að farga úrganginum á umhverfisvænan hátt.

42. gr.

Kröfur um málsmeðferð að því er varðar innflutning frá landi, sem er aðili að Basel-samningnum, eða frá öðrum svæðum þar sem ríkir hættuástand eða stríð

1. Ef úrgangur er fluttur inn í Bandalagið til förgunar og hann er frá löndum, sem eru aðilar að Basel-samningnum, gilda ákvæði II. bálks að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr.

2. Eftirfarandi aðlaganir gilda:

a) lögbært umflutningsyfirvald utan Bandalagsins skal hafa 60 daga frá því að það sendi staðfestingu um viðtöku tilkynningarinnar til að óska eftir viðbótarupplýsingum um tilkynnta tilflutninginn og, ef viðkomandi land hefur ákveðið að krefjast ekki skriflegs fyrirframsamþykkis og hefur upplýst hina aðilana um það í samræmi við 4. mgr. 6. gr. Basel-samningsins, til að veita þegjandi samþykki eða skriflegt samþykki með eða án skilyrða, og

b) í tilvikum, sem um getur í d-lið 1. mgr. 41. gr., þar sem er hættuástand, friðarumleitanir, friðargæsla eða stríð skal ekki krefjast samþykkis lögbærra sendingaryfirvalda.

3. Eftirfarandi viðbótarákvæði gilda:

a) lögbært umflutningsyfirvald í Bandalaginu skal senda staðfestingu um viðtöku tilkynningar til tilkynnanda og senda viðkomandi lögbærum yfirvöldum afrit,

b) lögbær viðtökuyfirvöld og, þar sem við á, umflutningsyfirvöld í Bandalaginu skulu senda stimplað afrit af ákvörðunum sínum um samþykki fyrir tilflutningnum til aðflutningstollstöðvar í Bandalaginu,

c) flytjandi skal afhenda afrit af flutningsskjalinu í aðflutningstollstöð í Bandalaginu og

d) að loknum nauðsynlegum formsatriðum er varða tollamál skal aðflutningstollstöð í Bandalaginu senda stimplað afrit af flutningsskjalinu til lögbærra viðtöku- og umflutningsyfirvalda í Bandalaginu þess efnis að úrgangurinn sé kominn til Bandalagsins.

4. Tilflutningurinn má aðeins fara fram ef:

a) tilkynnandinn hefur fengið skriflegt samþykki frá lögbæru sendingar-, viðtöku- og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvaldi og ef þau skilyrði, sem mælt er fyrir um, hafa verið uppfyllt,

b) samningur hefur verið gerður milli tilkynnanda og viðtakanda og er í gildi, eins og krafist er í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr.

c) fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu hefur verið komið á og hún er í gildi, eins og krafist er í annarri undirgrein 5. liðar 4. gr. og í 6. gr. og

d) vistvæn meðhöndlun, eins og um getur í 49. gr., hefur verið tryggð.

5. Ef ólöglegur tilflutningur uppgötvast á aðflutningstollstöð í Bandalaginu skal hún þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi í því landi þar sem tollstöðin er staðsett sem skal:

a) þegar í stað tilkynna það lögbæru viðtökuyfirvaldi í Bandalaginu sem skal tilkynna það lögbæru sendingaryfirvaldi utan Bandalagsins og

b) sjá til þess að úrgangurinn sé kyrrsettur þar til lögbært sendingaryfirvald utan Bandalagsins hefur ákveðið annað og hefur sent þá ákvörðun skriflega til lögbærs yfirvalds í landinu þar sem tollstöðin er staðsett og úrgangurinn er kyrrsettur.

2. KAFLI

Innflutningur úrgangs til endurnýtingar

43. gr.

Bann við innflutningi, nema frá löndum, sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða sem eru aðilar að Basel-samningnum eða samningur hefur verið gerður við, eða frá öðrum svæðum þar sem ríkir hættuástand eða stríð

1. Banna skal allan innflutning í Bandalagið á úrgangi til endurnýtingar nema frá:

a) löndum sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar,

b) öðrum löndum sem eru aðilar að Basel-samningnum,

c) öðrum löndum sem Bandalagið, eða Bandalagið og aðildarríki þess, hefur gert tví- eða marghliða samning eða samkomulag við sem samrýmist löggjöf Bandalagsins og er í samræmi við 11. gr. Basel-samningsins,

d) öðrum löndum sem einstaka aðildarríki hefur gert tví- eða marghliða samninga eða samkomulag við í samræmi við 2. mgr. eða

e) öðrum svæðum þar sem eru sérstakar aðstæður s.s. vegna hættuástands, friðarumleitana, friðargæslu eða stríðs þannig að ekki er unnt að gera tví- eða marghliða samninga eða samkomulag skv. b- eða c-lið eða þar sem lögbært yfirvald í sendingarlandi hefur ekki verið tilnefnt eða það getur ekki beitt sér.

2. Í undantekningartilvikum er einstökum aðildarríkjum heimilt að gera tvíhliða samninga eða samkomulag um endurnýtingu tiltekins úrgangs í þeim aðildarríkjum, þegar ekki er unnt að meðhöndla slíkan úrgang á vistvænan hátt, eins og um getur í 49. gr., í sendingarlandinu.

Í slíkum tilvikum gildir 2. mgr. 41. gr.

3. Tvíhliða eða marghliða samningar eða samkomulag, sem er gert í samræmi við c- og d-lið 1. mgr., skulu byggjast á kröfum um málsmeðferð í 42. gr., að svo miklu leyti sem það á við.

44. gr.

Kröfur um málsmeðferð að því er varðar innflutning frá landi sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða frá öðrum svæðum þar sem ríkir hættuástand eða stríð

1. Ef úrgangur til endurnýtingar er fluttur inn í Bandalagið frá löndum og um lönd, sem falla undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, gilda ákvæði II. bálks að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru í 2. og 3. mgr.

2. Eftirfarandi aðlaganir gilda:

a) samþykki, sem krafist er í samræmi við 9. gr., má veita á formi þegjandi samþykkis frá lögbæru sendingaryfirvaldi utan Bandalagsins,

b) tilkynnandi getur lagt fram skriflega fyrirframtilkynningu í samræmi við 4. gr. og

c) í þeim tilvikum, sem um getur í e-lið 1. mgr. 43. gr., þar sem um er að ræða hættuástand, friðarumleitanir, friðargæslu eða stríð, skal ekki krefjast samþykkis lögbærra sendingaryfirvalda.

3. Að auki skal fara að b-, c- og d-lið 3. mgr. 42. gr.

4. Tilflutningurinn má aðeins fara fram ef:

a) tilkynnandi hefur fengið skriflegt samþykki frá lögbæru sendingar-, viðtöku- og, eftir því sem við á, umflutningsyfirvaldi eða ef lögbært sendingaryfirvald utan Bandalagsins hefur gefið þegjandi samþykki sitt eða ef hægt er að gera ráð fyrir því og ef þau skilyrði, sem mælt er fyrir um, hafa verið uppfyllt,

b) samningur hefur verið gerður milli tilkynnanda og viðtakanda og er í gildi, eins og krafist er í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr,

c) fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu hefur verið komið á og hún er í gildi, eins og krafist er í annarri undirgrein 5. liðar 4. gr. og í 6. gr. og

d) vistvæn meðhöndlun, eins og um getur í 49. gr., hefur verið tryggð.

5. Ef ólöglegur tilflutningur uppgötvast á aðflutningstollstöð í Bandalaginu skal hún þegar í stað tilkynna það lögbæru yfirvaldi í því landi þar sem tollstöðin er staðsett sem skal:

a) þegar í stað tilkynna það lögbæru viðtökuyfirvaldi í Bandalaginu sem skal tilkynna það lögbæru sendingaryfirvaldi utan Bandalagsins og

b) sjá til þess að úrgangurinn sé kyrrsettur þar til lögbært sendingaryfirvald utan Bandalagsins hefur ákveðið annað og hefur sent þá ákvörðun skriflega til lögbærs yfirvalds í landinu þar sem tollstöðin er staðsett og úrgangurinn er kyrrsettur.

45. gr.

Kröfur um málsmeðferð að því er varðar innflutning frá landi, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar en er aðili að Basel-samningnum, eða frá öðrum svæðum þar sem ríkir hættuástand eða stríð

Ef úrgangur til endurnýtingar er fluttur inn í Bandalagið:

a) frá landi sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar eða

b) um eitthvert land, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, en er aðili að Basel-samningnum,

gildir 42. gr. að breyttu breytanda.

3. KAFLI

Almenn ákvæði

46. gr.

Innflutningur frá löndum og umdæmum handan hafsins

1. Ef úrgangur er fluttur inn í Bandalagið frá löndum eða umdæmum handan hafsins gildir II. bálkur að breyttu breytanda.

2. Einu eða fleiri löndum og umdæmum handan hafsins og aðildarríkinu, sem þau tengjast, er heimilt að beita innlendri málsmeðferð að því er varðar tilflutning frá landi eða umdæmi handan hafsins til viðkomandi aðildarríkis.

3. Aðildarríkin, sem beita 2. mgr., skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um innlendar málsmeðferðir sem beitt er.

VI. BÁLKUR

FLUTNINGUR UM BANDALAGIÐ FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM OG TIL ÞEIRRA

1. KAFLI

Umflutningur úrgangs til förgunar

47. gr.

Umflutningur úrgangs gegnum Bandalagið til förgunar

Ef úrgangur, sem ætlaður er til förgunar, er fluttur til gegnum aðildarríki frá þriðju löndum og til þeirra gildir 42. gr. að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru hér að neðan:

a) fyrsta og síðasta lögbæra umflutningsyfirvaldið í Bandalaginu skal senda, þar sem við á, stimplað afrit af ákvörðun um samþykki fyrir tilflutningnum eða, ef þau hafa gefið þegjandi samþykki, afrit af staðfestingunni í samræmi við a-lið 3. mgr. 42. gr. til aðflutnings- og brottflutningstollstöðvar í Bandalaginu og

b) um leið og úrgangurinn er farinn úr Bandalaginu skal brottflutningstollstöð Bandalagsins senda stimplað afrit af flutningsskjalinu til lögbærra umflutningsyfirvalda í Bandalaginu þess efnis að úrgangurinn sé farinn úr Bandalaginu.

2. KAFLI

Umflutningur úrgangs til endurnýtingar

48. gr.

Umflutningur úrgangs gegnum Bandalagið til endurnýtingar

1. Ef úrgangur, sem ætlaður er til endurnýtingar, er fluttur til um aðildarríki frá landi, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunar, og til þess gildir 47. gr. að breyttu breytanda.

2. Ef úrgangur, sem ætlaður er til endurnýtingar, er fluttur til gegnum aðildarríki frá landi, sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunar, og til þess gildir 44. gr. að breyttu breytanda með þeim aðlögunum og viðbótum sem tilgreindar eru hér á eftir:

a) fyrsta og síðasta lögbæra umflutningsyfirvaldið í Bandalaginu skal senda, þar sem við á, stimplað afrit af ákvörðun um samþykki fyrir tilflutningnum eða, ef þau hafa gefið þegjandi samþykki, afrit af staðfestingunni í samræmi við a-lið 3. mgr. 42. gr. til aðflutnings- og brottflutningstollstöðvar í Bandalaginu og

b) um leið og úrgangurinn er farinn úr Bandalaginu skal brottflutningstollstöð Bandalagsins senda stimplað afrit af flutningsskjalinu til lögbærra umflutningsyfirvalda í Bandalaginu þess efnis að úrgangurinn sé farinn úr Bandalaginu.

3. Þegar úrgangur, sem ætlaður er til endurnýtingar, er fluttur til gegnum aðildarríki frá landi, sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, til lands, sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar, eða öfugt, gildir 1. mgr. að því er varðar landið sem fellur ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar og þá gildir 2. mgr. að því er varðar landið sem fellur undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

VII. BÁLKUR

ÖNNUR ÁKVÆÐI

1. KAFLI

Frekari skyldur

49. gr.

Umhverfisvernd

1. Framleiðandi, tilkynnandi og aðrir sem koma að tilflutningi úrgangs og/eða endurnýtingu eða förgun hans skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allur sá úrgangur, sem þeir flytja til, sé meðhöndlaður þannig að heilbrigði manna sé ekki stofnað í hættu og á umhverfisvænan hátt meðan á tilflutningi, endurnýtingu og förgun stendur. Þegar tilflutningur fer fram í Bandalaginu skal einkum uppfylla kröfurnar í 4. gr. tilskipunar 2006/12/EB og í annarri löggjöf Bandalagsins um úrgang.

2. Ef um er að ræða útflutning frá Bandalaginu skal lögbært sendingaryfirvald í Bandalaginu:

a) krefjast þess að úrgangurinn, sem fluttur er út, sé meðhöndlaður á umhverfisvænan hátt meðan á tilflutningi stendur og við endurnýtingu, eins og um getur í 36. og 38. gr., eða förgun, eins og um getur í 34. gr., í því þriðja landi sem er viðtökuland og leitast við að tryggja að svo verði gert,

b) banna útflutning úrgangs til þriðju landa ef það hefur ástæðu til að ætla að úrgangurinn verði ekki meðhöndlaður í samræmi við kröfurnar í a-lið.

Ganga má m.a. út frá því að meðhöndlunin sé umhverfisvæn að því er varðar viðkomandi endurnýtingu eða förgun úrgangs ef tilkynnandi eða lögbært yfirvald í viðtökulandi getur sýnt fram á að stöðin, sem tekur við úrganginum, sé rekin í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisverndarstaðla sem eru í meginatriðum jafngildir þeim stöðlum sem settir eru í löggjöf Bandalagsins.

Þessi forsenda skal hins vegar ekki hafa áhrif á heildarmat á umhverfisvænni meðhöndlun meðan á tilflutningi stendur, þ.m.t. endurnýting eða förgun í þriðja landi sem er jafnframt viðtökuland.

Í því skyni að fá leiðbeiningar um umhverfisvæna meðhöndlun má taka mið af viðmiðunarreglunum í VIII. viðauka.

3. Ef um er að ræða innflutning í Bandalagið skal lögbært viðtökuyfirvald í Bandalaginu:

a) setja fram kröfu um nauðsynlegar ráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd til að tryggja að úrgangur, sem fluttur er inn í lögsögu þess, sé meðhöndlaður án þess að stofna heilbrigði manna í hættu og án þess að notaðar séu vinnsluaðferðir eða -ferli sem gætu skaðað umhverfið og í samræmi við 4. gr. tilskipunar 2006/12/EB og aðra löggjöf Bandalagsins um úrgang meðan á tilflutningi stendur og við endurnýtingu eða förgun í viðtökulandinu,

b) banna innflutning úrgangs frá þriðju löndum ef það hefur ástæðu til að ætla að úrgangurinn verði ekki meðhöndlaður í samræmi við kröfurnar í a-lið.

50. gr.

Framfylgd í aðildarríkjunum

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um landslöggjöf sína í tengslum við að koma í veg fyrir og við að

koma upp um ólöglega tilflutninga og um viðurlög við slíkum tilflutningum.

2. Aðildarríkin skulu með ráðstöfunum til framfylgdar þessari reglugerð m.a. kveða á um skoðun starfsstöðva og fyrirtækja í samræmi við 13. gr. tilskipunar 2006/12/EB og um skyndiskoðanir í tengslum við tilflutninga úrgangs eða tengda endurnýtingu eða förgun hans.

3. Eftirlit með tilflutningum getur einkum farið fram:

a) á upphafsstað í samvinnu við framleiðanda, úrgangshafa eða tilkynnanda,

b) á ákvörðunarstað í samvinnu við viðtakanda eða stöð,

c) á landamærum Bandalagsins og/eða

d) meðan á tilflutningi stendur innan Bandalagsins.

4. Eftirlit með tilflutningum skal fela í sér skoðun á skjölum, staðfestingu á auðkenni og, ef við á, eftirlit með ástandi úrgangsins.

5. Aðildarríkin skulu vinna saman, tvö eða fleiri, til að auðveldara sé að koma í veg fyrir eða koma upp um ólöglega tilflutninga.

6. Aðildarríkin tilgreina þá af fastráðnum starfsmönnum sínum sem bera ábyrgð á þeirri samvinnu, sem um getur í 5. mgr., og tengiliði að því er varðar eftirlit með ástandi sem um getur í 4. mgr.

Senda skal upplýsingarnar til framkvæmdastjórnarinnar sem skal dreifa samantekinni skrá til fulltrúanna sem um getur í 54. gr.

7. Að beiðni aðildarríkis er öðru aðildarríki heimilt að grípa til aðgerða til framfylgdar gagnvart aðilum sem eru grunaðir um að stunda ólöglegan tilflutning úrgangs og eru staðsettir í viðkomandi aðildarríki.

51. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkja

1. Fyrir lok hvers almanaksárs skal hvert aðildarríki senda framkvæmdastjórninni afrit af skýrslunni fyrir næstliðið almanaksár sem það hefur, í samræmi við 3. mgr. 13. gr. Basel-samningsins, tekið saman og lagt fyrir skrifstofu samningsins.

2. Fyrir lok hvers almanaksárs skulu aðildarríkin einnig semja skýrslu fyrir næstliðið ár, sem byggist á viðbótarspurningalistanum í IX. viðauka, og senda hana til framkvæmdastjórnarinnar.

3. Leggja skal skýrslurnar, sem aðildarríkin taka saman í samræmi við 1. og 2. mgr., fyrir framkvæmdastjórnina á rafrænu formi.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli þessara skýrslna, taka saman skýrslu á þriggja ára fresti um beitingu þessarar reglugerðar af hálfu Bandalagsins og aðildarríkja þess.

52. gr.

Alþjóðleg samvinna

Aðildarríki skulu í samráði við framkvæmdastjórnina, eftir því sem við á og nauðsyn krefur, hafa samvinnu við aðra aðila að Basel-samningnum og aðrar milliríkjastofnanir, m.a. með skiptum á upplýsingum, stuðningi við umhverfisvæna tækni og þróun viðeigandi reglna um góðar starfsvenjur.

53. gr.

Tilnefning lögbærra yfirvalda

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem eru ábyrg fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar. Hvert aðildarríki skal tilnefna aðeins eitt lögbært umflutningsyfirvald.

54. gr.

Tilnefning fulltrúa

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu hvert um sig tilnefna einn eða fleiri fulltrúa sem bera ábyrgð á því að upplýsa eða ráðleggja einstaklingum eða fyrirtækjum sem leggja fram fyrirspurnir. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar skal senda fulltrúum aðildarríkjanna þær fyrirspurnir sem lagðar eru fyrir hann og varða aðildarríkin, og öfugt.

55. gr.

Tilnefning aðflutnings- og brottflutningstollstöðva í Bandalaginu

Aðildarríkjunum er heimilt að tilnefna sérstakar aðflutnings- og brottflutningstollstöðvar í Bandalaginu að því er varðar tilflutning úrgangs inn í Bandalagið og út úr því. Ef aðildarríki ákveða að tilnefna slíkar tollstöðvar má tilflutningur úrgangs inn í Bandalagið og út úr því ekki fara fram annars staðar en um þessar landamærastöðvar í aðildarríki.

56. gr.

Tilkynning um tilnefningar og upplýsingar um þær

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefningu:

a) lögbærra yfirvalda, skv. 53. gr.,

b) fulltrúa, skv. 54. gr., og

c) þar sem við á, aðflutnings- og brottflutningstollstöð í Bandalaginu, skv. 55. gr.

2. Í tengslum við þessar tilnefningar skulu aðildarríkin veita framkvæmdastjórninni eftirfarandi upplýsingar:

a) nafn eða nöfn,

b) póstfang eða -föng,

c) tölvupóstfang eða -föng,

d) símanúmer,

e) bréfasímanúmer og

f) tungumál sem lögbær yfirvöld samþykkja.

3. Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á þessum upplýsingum.

4. Leggja skal þessar upplýsingar, auk allra breytinga á upplýsingunum, fyrir framkvæmdastjórnina rafrænt og á pappír, ef farið er fram á það.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta á vefsíðu sinni skrá yfir tilnefnd, lögbær yfirvöld, fulltrúa og aðflutnings- og brottflutningstollstöðvar í Bandalaginu og uppfæra þessar skrár eftir því sem við á.

2. KAFLI

Önnur ákvæði

57. gr.

Fundur með fulltrúum

Framkvæmdastjórnin skal, ef aðildarríkin fara fram á það eða ef talin er þörf á því, halda reglulega fundi með fulltrúunum til að taka til athugunar spurningar sem upp koma við framkvæmd þessarar reglugerðar. Viðkomandi hagsmunaaðilum skal boðið á slíka fundi, eða hluta slíkra funda, ef öll aðildarríkin og framkvæmdastjórnin koma sér saman um að það eigi við.

58. gr.

Breyting á viðaukum

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta viðaukunum með reglugerðum og í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB, til að taka mið af vísinda- og tækniframförum. Enn fremur gildir eftirfarandi:

a) Breyta skal I., II. og III. viðauka, III. viðauka A og IV. og V. viðauka til að taka tillit til þeirra breytinga sem samþykktar hafa verið samkvæmt Basel-samningnum og ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar; auk þess skal ljúka við I. viðauka C um sértækar leiðbeiningar um útfyllingu tilkynningar- og flutningsskjala eigi síðar en á gildistökudegi þessarar reglugerðar með hliðsjón af leiðbeiningum Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

b) Heimilt er að bæta óflokkuðum úrgangi við í III. viðauka B, IV. viðauka eða V. viðauka til bráðabirgða þar til tekin hefur verið ákvörðun um að færa hann á skrá í viðeigandi viðaukum við Basel-samninginn eða ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

c) Að beiðni aðildarríkis skal athuga hvort færa eigi blöndur tveggja eða fleiri úrgangstegunda, sem tilgreindar eru í III. viðauka, á skrá í III. viðauka A, í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 3. gr., til bráðabirgða þar til tekin hefur verið ákvörðun um að færa þær á skrá í viðeigandi viðaukum við Basel-samninginn eða ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Upphaflegu færslurnar, sem til stendur að færa á skrá í III. viðauka A, skulu færðar inn eigi síðar en á gildistökudegi þessarar reglugerðar, verði því við komið, og aldrei síðar en sex mánuðum eftir þann dag. Í III. viðauka A getur verið ákvæði þess efnis að ein eða fleiri færslur þar gildi ekki um útflutning til landa sem falla ekki undir ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

d) Skilgreina skal undantekningartilvikin, sem um getur í 3. mgr. 3. gr., og ef nauðsyn krefur skal bæta slíkum úrgangi við í IV. viðauka A og V. viðauka og fella hann brott úr III. viðauka.

e) Breyta skal V. viðauka til að hann endurspegli samþykktar breytingar á skránni yfir hættulegan úrgang sem var samþykkt í samræmi við 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 91/689/EBE.

f) Breyta skal VIII. viðauka þannig að hann endurspegli viðeigandi alþjóðasamþykktir og -samninga.

2. Þegar IX. viðauka er breytt skal nefndin, sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál ([1]), taka að fullu þátt í umfjöllunninni.

3. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

59. gr.

Viðbótarráðstafanir

1. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja eftirfarandi viðbótarráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð:

a) aðferð til að reikna út fjárhagslega tryggingu eða jafngilda tryggingu sem sett er fram í 6. gr.,

b) viðmiðunarreglur fyrir beitingu g-liðar 1. mgr. 12. gr.,

c) frekari skilyrði og kröfur í tengslum við fyrirframsamþykktar endurnýtingarstöðvar sem um getur í 14. gr.,

d) viðmiðunarreglur fyrir beitingu 15. gr. í tengslum við að sanngreina og rekja úrgang sem tekur verulegum breytingum við bráðabirgðaendurnýtingu eða -förgun,

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

e) viðmiðunarreglur um samvinnu lögbærra yfirvalda að því er varðar ólöglega tilflutninga sem um getur í 24. gr.,

f) tæknilegar og skipulagslegar kröfur fyrir verklega framkvæmd rafrænna upplýsingaskipta við framlagningu skjala og upplýsinga í samræmi við 4. mgr. 26. gr.,

g) frekari leiðbeiningar að því er varðar notkun tungumála sem um getur í 27. gr.,

h) frekari skýringar á kröfum um málsmeðferð í II. bálki að því er varðar beitingu þeirra í tengslum við útflutning, innflutning og umflutning úrgangs frá Bandalaginu, til þess og um það,

i) frekari leiðbeiningar að því er varðar óskilgreind, lagaleg hugtök.

2. Ákvarða skal slíkar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

3. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

60. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 15. júlí 2006 skal framkvæmdastjórnin ljúka endurskoðun sinni á tengslunum milli annars vegar gildandi löggjafar á sviði sem nær yfir heilbrigði dýra og manna, þ.m.t. tilflutningur úrgangs sem reglugerð (EB) nr. 1774/2002 tekur til, og hins vegar ákvæða þessarar reglugerðar. Ef nauðsyn krefur skulu viðeigandi tillögur fylgja þessari endurskoðun þannig að aðferðir og eftirlitskerfi við tilflutning slíks úrgangs verði á sambærilegu stigi.

2. Innan fimm ára frá 12. júlí 2007 skal framkvæmdastjórnin endurskoða framkvæmd c-liðar 1. mgr. 12. gr., þ.m.t. áhrif hans á umhverfisvernd og starfsemi innri markaðarins. Ef nauðsyn krefur skulu endurskoðuninni fylgja viðeigandi tillögur um breytingar á þessu ákvæði.

61. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 259/93 og ákvörðun 94/774/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 12. júlí 2007.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina (EBE) nr. 259/93 sem tilvísanir í þessa reglugerð.

3. Ákvörðun 1999/412/EB er hér með felld úr gildi frá og með 1. janúar 2008.

62. gr.

Bráðabirgðareglur

1. Allur tilflutningur, sem hefur verið tilkynntur og lögbært viðtökuyfirvald hefur staðfest fyrir 12. júlí 2007, fellur undir ákvæði reglugerðar (EBE) nr. 259/93.

2. Öllum tilflutningi, sem viðkomandi lögbær yfirvöld hefur samþykkt samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 259/93, skal lokið innan árs frá 12. júlí 2007.

3. Skýrslugjöf skv. 2. mgr. 41. gr. reglugerðar (EBE) nr. 259/93 og 51. gr. þessarar reglugerðar fyrir árið 2007 skal byggjast á spurningalistanum í ákvörðun 1999/412/EB.

63. gr.

Bráðabirgðafyrirkomulag fyrir tiltekin aðildarríki

1. Fram til 31. desember 2010 skulu allir tilflutningar til Lettlands á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. og IV. viðauka, og tilflutningar á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum, falla undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki í samræmi við II. bálk.

Þrátt fyrir 12. gr. skulu lögbær yfirvöld hreyfa andmælum við tilflutningi á úrgangi til endurnýtingar, sem er tilgreindur í III. og IV. viðauka, og tilflutningi á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum og er ætlaður fyrir stöð sem hefur fengið bráðabirgðaundanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 96/61/EB á því tímabili sem bráðabirgðaundanþágan gildir fyrir viðtökustöðina.

2. Fram til 31. desember 2012 skulu allir tilflutningar til Póllands á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. viðauka, falla undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki í samræmi við II. bálk.

Fram til 31. desember 2007 geta lögbær yfirvöld, þrátt fyrir 12. gr., hreyft andmælum við tilflutningi til Póllands á eftirfarandi úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. og IV. viðauka, í samræmi við ástæður fyrir andmælum sem mælt er fyrir um í 11. gr.:

B2020 og GE020 (glerúrgangur)

B2070

B2080

B2100

B2120

B3010 og GH013 (plastúrgangur í föstu formi)

B3020 (pappírsúrgangur)

B3140 (notaðir hjólbarðar)

Y46

Y47

A1010 og A1030 (aðeins þeir undirliðir þar sem vísað er til arsens og kvikasilfurs)

A1060

A1140

A2010

A2020

A2030

A2040

A3030

A3040

A3070

A3120

A3130

A3160

A3170

A3180 (gildir aðeins um fjölklóruð naftalín (PCN))

A4010

A4050

A4060

A4070

A4090

AB030

AB070

AB120

AB130

AB150

AC060

AC070

AC080

AC150

AC160

AC260

AD150

Heimilt er að framlengja þetta tímabil, þó eigi lengur en til 31. desember 2012, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB, nema að því er varðar glerúrgang, pappírsúrgang og notaða hjólbarða.

Fram til 31. desember 2012 er lögbærum yfirvöldum heimilt, þrátt fyrir 12. gr., að hreyfa andmælum í samræmi við ástæðurnar fyrir andmælum sem mælt er fyrir um í 11. gr. við eftirfarandi tilflutningum til Póllands:

a) á eftirfarandi úrgangi til endurnýtingar sem tilgreindur er í IV. viðauka:

A2050

A3030

A3180, nema fjölklóruð naftalín (PCN)

A3190

A4110

A4120

RB020

og á:

b) úrgangi til endurnýtingar sem ekki er tilgreindur í viðaukunum.

Þrátt fyrir 12. gr. skulu lögbær yfirvöld hreyfa andmælum við tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem er tilgreindur í III. og IV. viðauka, og tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum og ætlaður er fyrir stöð sem hefur fengið bráðabirgðaundanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 96/61/EB á því tímabili sem bráðabirgðaundanþágan gildir fyrir viðtökustöðina.

3. Fram til 31. desember 2011 skulu allir tilflutningar til Slóvakíu á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. og IV. viðauka, og tilflutningar á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum, falla undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki í samræmi við II. bálk.

Þrátt fyrir 12. gr. skulu lögbær yfirvöld hreyfa andmælum við tilflutningi á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III.

og IV. viðauka, og tilflutningi á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum og ætlaður er fyrir stöð sem hefur fengið bráðabirgðaundanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipana 94/67/EB ([1]) og 96/61/EB, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ([2]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið ([3]), á því tímabili sem bráðabirgðaundanþágan gildir fyrir viðtökustöðina.

4. Fram til 31. desember 2014 skulu allir tilflutningar til Búlgaríu á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. viðauka, falla undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki í samræmi við II. bálk.

B2070

B2080

B2100

B2120

Y46

Y47

A1010 og A1030 (aðeins þeir undirliðir þar sem vísað er til arsens og kvikasilfurs)

A1060

A1140

A2010

A2020

A2030

A2040

A3030

A3040

A3070

A3120

A3130

A3160

A3170

A3180 (gildir aðeins um fjölklóruð naftalín (PCN))

A4010

A4050

A4060

A4070

A4090

AB030

AB070

AB120

AB130

AB150

AC060

AC070

AC080

AC150

AC160

AC260

AD150

Heimilt er að framlengja þetta tímabil allt til 31. desember 2012 í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

Fram til 31. desember 2009 er lögbærum yfirvöldum í Búlgaríu heimilt, þrátt fyrir 12. gr., að hreyfa andmælum í samræmi við ástæðurnar fyrir andmælum, sem mælt er fyrir um í 11. gr., við eftirfarandi tilflutningum til Búlgaríu:

a) á eftirfarandi úrgangi til endurnýtingar sem tilgreindur er í IV. viðauka:

A2050

A3030

A3180, nema fjölklóruð naftalín (PCN)

A3190

([1]) Stjtíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 34.
([2]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.
([3]) Stjtíð. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

A4110

A4120

RB020

og á:

b) úrgangi til endurnýtingar sem ekki er tilgreindur í viðaukunum.

Þrátt fyrir 12. gr. skulu lögbær yfirvöld í Búlgaríu hreyfa andmælum við tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem er tilgreindur í III. og IV. viðauka, og tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum og ætlaður er fyrir stöð sem hefur fengið bráðabirgðaundanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 96/61/EB eða tilskipunar 2001/80/EB á því tímabili sem bráðabirgðaundanþágan gildir fyrir viðtökustöðina.

5. Fram til 31. desember 2015 skulu allir tilflutningar til Rúmeníu á úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. viðauka, falla undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki í samræmi við II. bálk.

Fram til 31. desember 2011 er lögbærum yfirvöldum í Rúmeníu heimilt, þrátt fyrir 12. gr., að hreyfa andmælum við tilflutningum til Rúmeníu á eftirfarandi úrgangi til endurnýtingar, sem tilgreindur er í III. og IV. viðauka, í samræmi við ástæðurnar fyrir andmælum sem mælt er fyrir um í 11. gr.:

B2070

B2100, nema súrálsúrgangur

B2120

B4030

Y46

Y47

A1010 og A1030 (aðeins þeir undirliðir þar sem vísað er til arsens, kvikasilfurs og þallíums)

A1060

A1140

A2010

A2020

A2030

A3030

A3040

A3050

A3060

A3070

A3120

A3130

A3140

A3150

A3160

A3170

A3180 (gildir aðeins um fjölklóruð naftalín (PCN))

A4010

A4030

A4040

A4050

A4080

A4090

A4100

A4160

AA060

AB030

AB120

AC060

AC070

AC080

AC150

AC160

AC260

AC270

AD120

AD150

Heimilt er að framlengja þetta tímabil allt til 31. desember 2015 í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

Fram til 31. desember 2011 er lögbærum yfirvöldum í Rúmeníu heimilt, þrátt fyrir 12. gr., að hreyfa andmælum í samræmi við ástæður fyrir andmælum sem mælt er fyrir um í 11. gr. við eftirfarandi tilflutningum til Rúmeníu:

a) á eftirfarandi úrgangi til endurnýtingar sem tilgreindur er í IV. viðauka:

A2050

A3030

A3180, nema fjölklóruð naftalín (PCN)

A3190

A4110

A4120

RB020

og á:

b) úrgangi til endurnýtingar sem ekki er tilgreindur í viðaukunum.

Heimilt er að framlengja þetta tímabil allt til 31. desember 2015 í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 2006/12/EB.

Þrátt fyrir 12. gr. skulu lögbær yfirvöld í Rúmeníu hreyfa andmælum við tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem er tilgreindur í III. og IV. viðauka, og tilflutningum á úrgangi til endurnýtingar, sem ekki er tilgreindur í þessum viðaukum og ætlaður er fyrir stöð sem hefur fengið bráðabirgðaundanþágu frá tilteknum ákvæðum tilskipunar 96/61/EB, tilskipunar 2000/76/EB eða tilskipunar 2001/80/EB á því tímabili sem bráðabirgðaundanþágan gildir fyrir viðtökustöðina.

6. Þegar vísað er til II. bálks í þessari grein í tengslum við úrgang, sem er tilgreindur í III. viðauka, gilda 3. gr. (2. mgr.), 4. gr. (5. liður, önnur undirgrein) og 6., 11., 22., 23., 24., 25. og 31. gr. ekki.

64. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. júlí 2007.

2. Ef aðildardag Búlgaríu og Rúmeníu ber upp síðar en þann gildistökudag, sem tilgreindur er í 1. mgr., gildir 4. og 5. mgr. 63. gr. frá aðildardegi, þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar.

3. Með fyrirvara um samþykki viðkomandi aðildarríkja er heimilt að beita 4. mgr. 26. gr. fyrir 12. júlí 2007.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 14. júní 2006.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BORRELL FONTELLES

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

H. WINKLER

forseti.

I. VIÐAUKI A

Tilkynningarskjal fyrir flutninga/tilflutninga á úrgangi milli landa **ESB**

1. Útflytjandi - tilkynnandi Skráningarnúmer:

Heiti:

Heimilisfang:

Tengiliður:

Sími: Bréfasími:

Tölvupóstfang:

2. Innflytjandi – viðtakandi

Skráningarnúmer:

Heiti:

Heimilisfang:

Tengiliður:

Sími: Bréfasími:

Tölvupóstfang:

8. Fyrirhugaður flytjandi:

Skráningarnúmer:

Heiti ([7]):

Heimilisfang:

Tengiliður:

Sími: Bréfasími:

Tölvupóstfang:

Flutningsmáti ([5]):

9. Tilreiðandi (generator)/tilreiðendur/framleiðandi (producer)/framleiðendur úrgangs [1, 7, 8]:

Skráningarnúmer:

Heiti:

Heimilisfang:

Tengiliður:

Sími: Bréfasími:

Tölvupóstfang:

Framleiðslustaður og -ferli ([6]):

10. Förgunarstöð ([2]): ☐ **eða endurnýtingarstöð** ([2]) ☐

Skráningarnúmer:

Heiti:

Heimilisfang:

Tengiliður:

Sími: Bréfasími:

Tölvupóstfang:

Raunverulegur förgunar- eða endurnýtingarstaður:

3. Tilkynning:

Tilkynning um

A. i. Einn tilflutning ☐

ii. Marga tilflutninga ☐

B. i. Förgun ([1]): ☐

ii. Endurnýting: ☐

C. Fyrirframsamþykkt endurnýtingarstöð ([2, 3]) Já ☐ Nei ☐

4. Fyrirhugaður heildarfjöldi tilflutninga

5. Fyrirhugað heildarmagn (kg/lítrar) ([4]):

6. Fyrirhuguð tímalengd tilflutninga ([4]):

Fyrsti tilflutningur: Síðasti tilflutningur:

7. Gerð(ir) umbúða ([5]):

Sérkröfur um meðhöndlun: ([6]) Já ☐ Nei ☐

11. Förgunar-/endurnýtingaraðgerð(ir)

D-kóði/R-kóði ([5]):

Tækni sem er notuð ([6]):

Ástæða fyrir útflutningi ([1, 6])

12. Heiti og samsetning úrgangsins ([6]):

13. Eðliseiginleikar ([5]):

14. Auðkenning úrgangs *(tilgreinið viðeigandi kóða)*

i. VIII. viðauki við Basel-samninginn (eða IX. viðauki ef við á):

ii. OECD-kóði (ef hann er ekki sá sami og í i. lið):

iii. EB-skrá yfir úrgang:

iv. Landskóði í útflutningslandi:

v. Landskóði í innflutningslandi:

vi. Annað (tilgreinið):

vii. Y-kóði:

viii. H-kóði ([5]):

ix. SÞ-flokkur ([5]):

x. SÞ-númer:

xi. SÞ-sendingarheiti

xii. Tollnúmer (Samræmd tollskrá):

15. Viðkomandi lönd/ríki (a), kenninúmer lögbærra yfirvalda ef við á (b), tilteknir brottflutnings- eða aðflutningsstaðir (c)

Útflutnings-/sendingarríki	Umflutningsríki (aðflutningur og brottflutningur)						Innflutnings-/viðtökuríki
(a)							
(b)							
(c)							

16. Aðflutnings- og/eða brottflutnings- og/eða útflutningstollstöð (Evrópubandalagið):

Aðflutningur: Brottflutningur: Útflutningur:

17. Yfirlýsing útflytjanda/tilkynnanda eða tilreiðanda/framleiðanda ([1]):

Ég staðfesti að framangreindar upplýsingar eru tæmandi og réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund.

Ég staðfesti jafnframt að skriflega hefur verið gengist undir löglega aðfararhæfar samningsskuldbindingar og að allar viðeigandi tryggingar eða aðrar fjárhagslegar tryggingar eru eða verða í gildi sem taka til flutningsins yfir landamæri.

Nafn útflytjanda/tilkynnanda Undirskrift Dagsetning

Nafn tilreiðanda/framleiðanda: Undirskrift Dagsetning

18. Fjöldi viðauka:

FYLLIST ÚT AF LÖGBÆRUM YFIRVÖLDUM

19. Staðfesting frá viðkomandi lögbæru yfirvaldi í innflutnings-/viðtökulandi, umflutningslandi ([1]), útflutnings-/sendingarlandi ([9]):

Land:

Tilkynning barst hinn:

Staðfesting send hinn:

Heiti lögbærs yfirvalds:

Stimpill og/eða undirritun:

20. Skriflegt samþykki ([1, 8]) fyrir flutningnum frá lögbæru yfirvaldi í *(land)*:

Samþykki veitt hinn:

Samþykki gildir frá: til:

Sértæk skilyrði: Nei ☐ Ef já: sjá reit 21 ([6]) ☐

Heiti lögbærs yfirvalds:

Stimpill og/eða undirritun:

21. Sértæk skilyrði fyrir samþykki fyrir flutningi eða ástæður fyrir synjun samþykkis:

([1]) Krafist samkvæmt Basel-samningnum.
([2]) Ef um er að ræða aðgerðir R12/R13 eða D13–D15 skal einnig láta fylgja samsvarandi upplýsingar um stöð eða stöðvar R1–R11 eða D1–12 ef þess er krafist.
([3]) Fyllist út fyrir flutninga innan OECD-svæðisins og eingöngu ef ii. liður B-liðar gildir.
([4]) Ef um er að ræða marga tilflutninga skal láta ítarlega skrá fylgja með.
([5]) Sjá skrá yfir skammstafanir og kóða á næstu síðu.
([6]) Ef nauðsyn krefur skal láta ítarlegri upplýsingar fylgja með
([7]) Ef fleiri en einn: látið skrá fylgja með.
([8]) Ef þess er krafist í landslöggjöf.
([9]) Ef við á samkvæmt ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

Skrá yfir skammstafanir og kóða sem notuð eru í tilkynningarskjalinu

FÖRGUNARAÐGERÐIR (11. reitur)

D 1	Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun)
D2	Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífrænt niðurbrot fljótandi úrgangs eða eðju í jarðvegi)
D3	Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrulegar jarðsprungur)
D4	Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða eðju í pytti, tjarnir eða lón)
D5	Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnsþétt, þakin holrými sem eru skilin hvert frá öðru og umhverfinu)
D6	Losun í vatn, þó ekki í sjó
D7	Losun í sjó, þ.m.t. niðurgröftur á hafsbotni
D8	Líffræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessari skrá, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í þessari skrá
D9	Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessari skrá, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í þessari skrá (t.d. uppgufun, þurrkun, glæðing)
D10	Brennsla á landi
D11	Brennsla á sjó
D12	Varanleg geymsla (t.d. það þegar gámum er komið fyrir í námu)
D13	Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá
D14	Umpökkun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá
D15	Geymsla þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá

ENDURNÝTINGARAÐGERÐIR (11. reitur)

R1	Notkun sem eldsneyti (á annan hátt en með beinni brennslu) eða á annan hátt til orkuframleiðslu/Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu
R2	Endurheimt eða endurmyndun leysa
R3	Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar
R4	Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda
R5	Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna
R6	Endurmyndun sýrna eða basa
R7	Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun
R8	Endurnýting efnisþátta úr hvötum
R9	Hreinsun á notaðri olíu eða önnur endurnotkun olíu
R10	Dreifing á land til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi
R11	Notkun leifa sem fást með einhverri þeirri aðgerð sem fellur undir R1 til R10
R12	Skipti á úrgangi með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R1 til R11
R13	Uppsöfnun efnis með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá.

GERÐ UMBÚÐA (7. reitur)

1. Fat
2. Trétunna
3. Brúsi
4. Kassi
5. Poki
6. Samsettar umbúðir
7. Þrýstigeymir
8. Í lausu
9. Annað (tilgreinið)

FLUTNINGSMÁTI (8. reitur)

R = Á vegum

T = Með járnbrautum

S = Sjóleiðis

A = Loftleiðis

W = Á skipgengum vatnaleiðum

EÐLISEIGINLEIKAR (13. reitur)

1. Duftkennt/duft
2. Fast
3. Límkennt/seigfljótandi
4. Þunnfljótandi
5. Vökvi
6. Loftkennt
7. Annað (tilgreinið)

H-KÓÐI OG SÞ-FLOKKUR (14. reitur)

SÞ-flokkur	H-kóði	Eiginleikar
1	H1	Sprengifimt
3	H3	Eldfimir vökvar
4.1	H4.1	Eldfim, föst efni
4.2	H4.2	Efni eða úrgangur sem hætt er við sjálfsíkviknun
4.3	H4.3	Efni eða úrgangur sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir ef snerting verður við vatn
5.1	H5.1	Eldnærandi
5.2	H5.2	Lífræn peroxíð
6.1	H6.1	(Bráð)eitrað
6.2	H6.2	Smitandi efni
8	H8	Ætandi efni
9	H10	Losun eitraðra lofttegunda við snertingu við loft eða vatn
9	H11	Hægvirk eða langvinn eituefni
9	H12	Visteitruð efni
9	H13	Getur eftir förgun gefið frá sér sigvatn eða annað efni sem býr yfir einhverjum af ofangreindum eiginleikum

Frekari upplýsingar, einkum í tengslum við auðkenningu úrgangs (14. reitur), þ.e. um kóðana í VIII. og IX. viðauka við Basel-samninginn, OECD-kóðana og Y-kóðana, má finna í leiðbeiningum/notendahandbók sem fæst hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og skrifstofu Basel-samningsins.

1. VIÐAUKI B

Flutningsskjal fyrir flutning/tilflutning ESB-úrgangs milli landa **ESB**

1. Svarar til tilkynningar nr.:	**2. Raðnúmer/heildarfjöldi tilflutninga:**
3. Útflytjandi – tilkynnandi Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:	**4. Innflytjandi – viðtakandi** Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
5. Raunmagn: kg: lítrar:	**6. Rétt dagsetning tilflutnings:**
7. Umbúðir Gerð(-ir) *(1)*: Fjöldi pakkninga: **Sértækar kröfur um meðhöndlun:** *(2)* Já ☐ Nei ☐	

8 a) Fyrsti flytjandi *(3)***:** Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:	**8 b) Annar flytjandi:** Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:	**8 c) Síðasti flytjandi:** Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang:
- - - - - Fyllist út af fulltrúa flytjanda - - - - -		*Fleiri en þrír flytjendur (2)* ☐
Flutningsmáti *(1)*: Dagsetning flutnings: Undirskrift:	Flutningsmáti *(1)*: Dagsetning flutnings: Undirskrift:	Flutningsmáti *(1)*: Dagsetning flutnings: Undirskrift:

9. Tilreiðandi/tilreiðendur/framleiðandi/framleiðendur úrgangs *(4, 5, 6)*: Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang: Framleiðslustaður *(2)*:	**12. Heiti og samsetning úrgangsins** *(2)*:
	13. Eðliseiginleikar *(1)*:
10. Förgunarstöð ☐ **eða endurnýtingarstöð** ☐ Skráningarnúmer: Nafn: Heimilisfang: Tengiliður: Sími: Bréfasími: Tölvupóstfang: Raunverulegur förgunar- eða endurnýtingarstaður *(2)*:	**14. Auðkenning úrgangs** *(fyllið út með viðeigandi kóðum)* i. VIII. viðauki við Basel-samninginn (eða IX. viðauki ef það á við): ii. OECD-kóði (ef hann er ekki sá sami og i.): iii. EB-skrá yfir úrgang: iv. Landskóði í útflutningslandi: v. Landskóði í innflutningslandi: vi. Annað (tilgreinið): vii. Y-kóði: viii. H-kóði ([5]): ix. SÞ-flokkur ([5]): x. SÞ-númer: xi. SÞ-sendingarheiti xii. Tollnúmer (Samræmd tollskrá):
11. Förgunar-/endurnýtingaraðgerð(ir) D-kóði/R-kóði *(1)*:	

15. Yfirlýsing útflytjanda/tilkynnanda – tilreiðanda/framleiðanda *(4)*:

Ég staðfesti að framangreindar upplýsingar eru fullnægjandi og réttar og gefnar samkvæmt bestu vitund. Ég staðfesti jafnframt að skriflega hefur verið gengist undir löglega aðfararhæfar samningsskuldbindingar, að allar viðeigandi tryggingar eða aðrar fjárhagslegar tryggingar eru í gildi sem taka til flutningsins yfir landamæri og að öll nauðsynleg samþykki hafa verið fengin hjá lögbærum yfirvöldum í viðkomandi löndum.

Nafn: Undirskrift:

Dagsetning:

16. Til notkunar fyrir hvern þann sem tekur þátt í flutningum milli landa ef frekari upplýsinga er þörf:

FYLLIST ÚT AF HÁLFU FÖRGUNAR- EÐA ENDURNÝTINGARSTÖÐVAR

17. Tekið við tilflutningi í förgunarstöð ☐ **eða endurnýtingarstöð** ☐

Móttekið hinn: Samþykkt ☐ Hafnað*: ☐

Móttekið magn: kg: lítrar:

* hafið samband við lögbær yfirvöld þegar í stað

Áætluð dagsetning fyrir förgun/endurnýtingu:

Förgunar-/endurnýtingaraðgerð *(1)*:

Dagsetning:

Nafn:

Undirskrift:

18. Ég staðfesti að förgun/endurnýting þess úrgangs sem lýst er hér að framan er lokið.

Dagsetning:

Nafn:

Undirskrift og stimpill:

1) Sjá skrá yfir skammstafanir og kóða á næstu síðu.

2) Ef nauðsyn krefur skal láta ítarlegri upplýsingar fylgja

3) Ef flytjendur eru fleiri en þrír skal láta þær upplýsingar, sem krafist er í 8. reit (a,b,c), fylgja með.

4) Krafist samkvæmt Basel-samningnum.

5) Ef fleiri en einn skal láta skrá fylgja með.

6) Ef þess er krafist í landslöggjöf.

FYLLIST ÚT AF HÁLFU TOLLSTÖÐVA (ef þess er krafist í landslöggjöf)			
19. ÚTFLUTNINGS-/SENDINGARLAND EÐA BROTTFLUTNINGSTOLLSTÖÐ		**20. INNFLUTNINGS-/VIÐTÖKULAND EÐA AÐFLUTNINGSTOLLSTÖÐ**	
Úrgangurinn, sem er lýst í þessu flutningsskjali, var fluttur úr landi hinn: Undirskrift: Stimpill:		Úrgangurinn, sem er lýst í þessu flutningsskjali, var fluttur inn í landið hinn: Undirskrift: Stimpill:	
21. STIMPILL TOLLSTÖÐVA UMFLUTNINGSLANDA			
Heiti lands:		Heiti lands:	
Aðflutningur:	Brottflutningur:	Aðflutningur:	Brottflutningur:
Heiti lands:		Heiti lands:	
Aðflutningur:	Brottflutningur:	Aðflutningur:	Brottflutningur:

Skrá yfir skammstafanir og kóða sem notuð eru í flutningsskjalinu

FÖRGUNARAÐGERÐIR (11. reitur)

D 1 Losun ofan jarðar sem neðan (t.d. urðun)

D 2 Meðhöndlun í jarðvegi (t.d. lífrænt niðurbrot fljótandi úrgangs eða eðju í jarðvegi)

D 3 Dæling djúpt niður í jarðlög (t.d. dæling fljótandi úrgangsefna í borholur, saltstöpla eða náttúrulegar jarðsprungur)

D 4 Losun í yfirborðsvatn (t.d. losun fljótandi úrgangs eða eðju í pytti, tjarnir eða lón)

D 5 Losun á sérhönnuðum urðunarstöðum (t.d. í vatnsþétt, þakin holrými sem eru skilin hvert frá öðru og umhverfinu)

D 6 Losun í vatn, þó ekki í sjó

D 7 Losun í sjó, þ.m.t. niðurgröftur á hafsbotni

D 8 Líffræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessari skrá, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í þessari skrá

D 9 Eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun, sem ekki er tilgreind annars staðar í þessari skrá, þar sem til verða efnasambönd eða blöndur sem er fargað með einhverjum af þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í þessari skrá (t.d. uppgufun, þurrkun, glæðing)

D 10 Brennsla á landi

D 11 Brennsla á sjó

D 12 Varanleg geymsla (t.d. það þegar gámum er komið fyrir í námu)

D 13 Blöndun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá

D 14 Umpökkun áður en gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá

D 15 Geymsla þangað til gripið er til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá

Endurnýtingaraðgerðir (11. reitur)

R 1 Notkun sem eldsneyti (á annan hátt en með beinni brennslu) eða á annan hátt til orkuframleiðslu/Notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu

R 2 Endurheimt eða endurmyndun leysa

R 3 Endurvinnsla eða endurheimt lífrænna efna sem eru ekki notuð sem leysar

R 4 Endurvinnsla eða endurheimt málma og málmsambanda

R S Endurvinnsla eða endurheimt annarra ólífrænna efna

R 6 Endurmyndun sýrna eða basa

R 7 Endurnýting efnisþátta sem eru notaðir til að draga úr mengun

R 8 Endurnýting efnisþátta úr hvötum

R 9 Hreinsun á notaðri olíu eða önnur endurnotkun olíu

R 10 Dreifing á land til hagsbóta fyrir landbúnað eða vistkerfi

R 11 Notkun leifa sem fást með einhverri þeirri aðgerð sem fellur undir R 1 til R 10

R 12 Skipti á úrgangi með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í liðum R 1 til R 11

R 13 Uppsöfnun efnis með það í huga að grípa til einhverra þeirra aðgerða sem um getur í þessari skrá

GERÐ UMBÚÐA (7. reitur)

1. Fat
2. Trétunna
3. Brúsi
4. Kassi
5. Poki
6. Samsettar umbúðir
7. Þrýstigeymir
8. Í lausu
9. Annað (tilgreinið)

FLUTNINGSMÁTI (8. reitur)

R = Á vegum	T = Með járnbrautum
S = Sjóleiðis	A = Loftleiðis
W = Á skipgengum vatnaleiðum	

EÐLISEIGINLEIKAR (13. reitur)

1. Duftkennt/duft
2. Fast
3. Límkennt/seigfljótandi
4. Þunnfljótandi
5, Vökvi
6. Loftkennt
7. Annað (tilgreinið)

H-KÓÐI OG SÞ-FLOKKUR (14. reitur)

SÞ-flokkur	H-kóði	Eiginleikar
1	H1	Sprengifimt
3	H3	Eldfimir vökvar
4.1	H4.1	Eldfim, föst efni
4.2	H4.2	Efni eða úrgangur sem hætt er við sjálfsíkviknun
4.3	H4.3	Efni eða úrgangur sem gefur frá sér eldfimar lofttegundir ef snerting verður við vatn
5.1	H5.1	Eldnærandi
5.2	H5.2	Lífræn peroxíð
6.1	H6.1	(Bráð)eitrað
6.2	H6.2	Smitandi efni
8	H8	Ætandi efni
9	H10	Losun eitraðra lofttegunda við snertingu við loft eða vatn
9	H11	Hægvirk eða langvinn eiturefni
9	H12	Visteitruð efni
9	H13	Getur eftir förgun gefið frá sér sigvatn eða annað efni sem býr yfir einhverjum af ofangreindum eiginleikum

Frekari upplýsingar, einkum í tengslum við auðkenningu úrgangs (14. reitur) þ.e. um kóðana í VIII. og IX. viðauka við Basel-samninginn, OECD-kóðana og Y-kóðana, má finna í leiðbeiningum/notendahandbók sem hægt er að fá hjá Efnahags- og framfarastofnuninni og skrifstofu Basel-samningsins.

I. VIÐAUKI C

SÉRTÆKAR LEIÐBEININGAR UM ÚTFYLLINGU TILKYNNINGAR- OG FLUTNINGSSKJALA

II. VIÐAUKI

Upplýsingar og skjöl í tengslum við tilkynningu

1. hluti: Upplýsingar sem skulu vera í tilkynningarskjalinu eða fylgja því:

1. Raðnúmer tilkynningarskjals eða annað samþykkt auðkenni og fyrirhugaður heildarfjöldi tilflutninga.

2. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang, skráningarnúmer og tengiliður tilkynnanda.

3. Ef tilkynnandi er ekki framleiðandi: nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og tengiliður framleiðanda.

4. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang og tengiliður söluaðila eða miðlara ef tilkynnandi hefur gefið honum umboð í samræmi við 15. lið 2. gr.

5. Heiti, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang, skráningarnúmer og tengiliður endurnýtingar- eða förgunarstöðvar ásamt upplýsingum um þá tækni sem hún notar og hugsanleg staða hennar sem fyrirframsamþykktrar stöðvar í samræmi við 14. gr.

   Ef úrgangurinn er ætlaður til bráðabirgðaendurnýtingar eða -förgunar skal veita sambærilegar upplýsingar um allar stöðvar þar sem fyrirhuguð er bráðabirgðaendurnýting eða -förgun og endurnýting eða förgun sem ekki er til bráðabirgða.

   Ef endurnýtingar- eða förgunarstöðin er tilgreind í 5. flokki í I. viðauka við tilskipun 96/61/EB skal leggja fram sönnun um gilt leyfi sem gefið er út í samræmi við 4. og 5. gr. þeirrar tilskipunar (t.d. yfirlýsingu þess efnis að slíkt leyfi liggi fyrir).

6. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang, skráningarnúmer og tengiliður viðtakanda.

7. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer, tölvupóstfang, skráningarnúmer og tengiliður fyrirhugaðs flytjanda/fyrirhugaðra flytjenda og/eða fulltrúa hans/þeirra.

8. Sendingarland og viðkomandi lögbært yfirvald.

9. Umflutningslönd og viðkomandi lögbær yfirvöld.

10. Viðtökuland og viðkomandi lögbært yfirvald.

11. Stök tilkynning eða sameiginleg tilkynning. Ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu: umbeðinn gildistími.

12. Dagsetning(ar) þegar fyrirhugað er að hefja tilflutning(a).

13. Fyrirhugaður flutningsmáti.

14. Fyrirhugað leiðarval (brottflutningsstaður og aðflutningsstaður í hverju viðkomandi landi, þ.m.t. aðflutnings- og/eða brottflutningstollstöðvar og/eða útflutningstollstöðvar í Bandalaginu) og fyrirhuguð leið (milli brottflutnings- og aðflutningsstaða), þ.m.t. aðrar leiðir, sem koma til greina, einnig við ófyrirséðar aðstæður.

15. Sönnun fyrir því að flytjandi eða flytjendur hafi verið skráðir til flutninga úrgangs (t.d. yfirlýsing þess efnis að slík skráning liggi fyrir).

16. Tilgreining úrgangsins í viðeigandi skrá, uppruni, lýsing, samsetning og allir hættulegir eiginleikar sem hann kann að búa yfir. Ef úrgangur er af mismunandi uppruna skal einnig leggja fram ítarlega skrá yfir úrganginn.

17. Áætlað hámarks- og lágmarksmagn.

18. Fyrirhuguð gerð umbúða.

19. Ítarlegar upplýsingar um endurnýtingar- eða förgunaraðgerðir sem um getur í II. viðauka A og II. viðauka B við tilskipun 2006/12/EB.

20. Ef úrgangurinn er ætlaður til endurnýtingar:

a) fyrirhuguð aðferð við förgun þess hluta sem ekki er unnt að endurnýta,

b) magn endurnýttra efna sem hlutfall af óendurnýtanlegum úrgangi,

c) áætlað verðmæti endurnýttra efna,

d) kostnaður við endurnýtingu og kostnaður við förgun þess hluta sem ekki er unnt að endurnýta.

21. Sönnun fyrir tryggingu að því er varðar bótaábyrgð vegna tjóns sem þriðju aðilar verða fyrir (t.d. yfirlýsing þess efnis að slík trygging liggi fyrir).

22. Sönnun fyrir því að samningur (eða yfirlýsing þess efnis að slíkur samningur liggi fyrir) hafi verið gerður milli tilkynnanda og viðtakanda um endurnýtingu eða förgun úrgangsins og að hann sé í gildi á tilkynningartímanum, eins og krafist er í annarri undirgrein 4. liðar 4. gr. og í 5. gr.

23. Afrit af samningnum eða sönnun fyrir samningnum (eða yfirlýsing þess efnis að slíkur samningur liggi fyrir) milli framleiðanda, nýs framleiðanda eða söfnunaraðila og söluaðila eða miðlara ef söluaðili eða miðlari gegnir hlutverki tilkynnanda.

24. Sönnun fyrir því að fjárhagslegri tryggingu eða jafngildri tryggingu (eða yfirlýsing þess efnis að hún sé fyrir hendi ef lögbært yfirvald heimilar það) hafi verið komið á og sé í gildi á tilkynningartímanum eða, ef lögbæra yfirvaldið sem samþykkir fjárhagslegu trygginguna eða jafngildu trygginguna heimilar það, í síðasta lagi við upphaf tilflutningsins, eins og krafist er í annarri undirgrein 5. liðar 4. gr. og í 6. gr.

25. Staðfesting tilkynnanda þess efnis að upplýsingarnar séu fullnægjandi og réttar samkvæmt hans bestu vitund.

26. Ef tilkynnandi er ekki framleiðandinn, í samræmi við i. lið a-liðar 15. liðar 2. gr., skal tilkynnandinn sjá til þess að framleiðandinn, eða einn af þeim sem tilgreindir eru í ii. eða iii. lið a-liðar 15. liðar 2. gr., þar sem því verður komið við, skrifi einnig undir tilkynningarskjalið sem sett er fram í I. viðauka A.

2. hluti: Upplýsingar sem skulu vera í flutningsskjalinu eða fylgja því:

Leggja skal fram allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 1. hluta, uppfærðar í samræmi við eftirfarandi liði, ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem tilgreindar eru:

1. Raðnúmer og heildarfjöldi tilflutninga.

2. Dagsetning þegar tilflutningur hefst.

3. Flutningsmáti.

4. Nafn, heimilisfang, símanúmer, bréfasímanúmer og tölvupóstfang flytjanda eða flytjenda.

5. Leiðarval (brottflutningsstaður og aðflutningsstaður í hverju viðkomandi landi, þ.m.t. aðflutnings- og/eða brottflutningstollstöðvar og/eða útflutningstollstöðvar í Bandalaginu) og leið (milli brottflutnings- og aðflutningsstaða), þ.m.t. aðrar leiðir, sem koma til greina, einnig við ófyrirséðar aðstæður.

6. Magn.

7. Gerð umbúða.

8. Sérstakar varúðarráðstafanir sem flytjandi eða flytjendur skulu grípa til.

9. Yfirlýsing frá tilkynnanda þess efnis að öll nauðsynleg samþykki hafi fengist frá lögbærum yfirvöldum í viðkomandi löndum. Þessi yfirlýsing skal undirrituð af tilkynnanda.

10. Viðeigandi undirskriftir í hvert sinn sem ábyrgð færist milli aðila.

3. hluti: Viðbótarupplýsingar og -gögn sem lögbær yfirvöld geta óskað eftir:

1. Tegund og gildistími leyfisins sem endurnýtingar- eða förgunarstöðin starfar eftir.

2. Afrit af leyfinu sem gefið er út í samræmi við 4. og 5. gr. tilskipunar 96/61/EB.

3. Upplýsingar um þær ráðstafanir sem skal gera til að tryggja öryggi í flutningum.

4. Flutningaleiðin milli tilkynnanda og stöðvar, þ.m.t. aðrar leiðir, sem koma til greina, einnig við ófyrirséðar aðstæður, og, ef um er að ræða samþættan flutning, hvar flutningurinn á sér stað.

5. Upplýsingar um kostnað við flutning milli tilkynnanda og stöðvar.

6. Afrit af skráningargögnum flytjanda eða flytjenda að því er varðar flutning úrgangs.

7. Efnagreining á samsetningu úrgangsins.

8. Lýsing á framleiðsluferli úrgangsins.

9. Lýsing á meðhöndlunarferlinu í stöðinni sem tekur við úrganginum.

10. Fjárhagsleg trygging eða jafngild trygging eða afrit af þeim gögnum.

11. Upplýsingar um það hvernig fjárhagsleg trygging eða jafngild trygging, sem krafist er í annarri undirgrein 5. liðar 4. gr. og í 6. gr., er reiknuð.

12. Afrit af samningunum sem um getur í 22. og 23. lið í 1. hluta.

13. Afrit af tryggingaskírteini er varðar bótaábyrgð í tengslum við tjón sem þriðju aðilar verða fyrir.

14. Aðrar upplýsingar sem varða mat á tilkynningunni í samræmi við þessa reglugerð og landslöggjöf.

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÚRGANG SEM FELLUR UNDIR ALMENNU UPPLÝSINGAKRÖFURNAR SEM MÆLT ER FYRIR UM Í 18. GR.

(ÚRGANGUR Í „GRÆNNI“ SKRÁ) ([1])

Hvort sem úrgangur er tilgreindur í þessari skrá eða ekki þarf hann ekki að falla undir almennu upplýsingakröfurnar, sem mælt er fyrir um í 18. gr., ef hann er mengaður öðrum efnum í þeim mæli að það:

a) auki áhættu vegna úrgangsins svo mjög að hann falli undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki, með tilliti til hættulegu eiginleikanna sem tilgreindir eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, eða

b) komi í veg fyrir endurnýtingu úrgangsins á umhverfisvænan hátt.

I. hluti

Eftirfarandi úrgangur fellur undir almennu upplýsingakröfurnar sem mælt er fyrir um í 18. gr.:

Úrgangur sem tilgreindur er í IX. viðauka við Basel-samninginn ([2]).

Í þessari reglugerð:

a) skal líta á allar tilvísanir í skrá A í IX. viðauka við Basel-samninginn sem tilvísun í IV. viðauka við þessa reglugerð,

b) í færslu B1020 í Basel-samningnum tekur hugtakið „fullunnið hráefni“ til alls [[3]] málmrusls sem tvístrast ekki og er tilgreint þar,

c) sá hluti í færslu B1100 í Basel-samningnum, sem vísar til „gjalls frá koparvinnslu“ o.s.frv., gildir ekki og í stað hans gildir OECD-færsla GB040 í II. hluta,

d) færsla B1110 í Basel-samningnum gildir ekki og í stað hennar gilda OECD-færslur GC010 og GC020 í II. hluta,

e) færsla B2050 í Basel-samningnum gildir ekki og í stað hennar gildir OECD-færsla GC040 í II. hluta,

f) tilvísunin í færslu B3010 í Basel-samningnum um úrgang flúraðra fjölliðna telst taka til fjölliðna og samfjölliða flúraðra etýlena (PTFE).

II. hluti

Eftirfarandi úrgangur fellur einnig undir almennu upplýsingakröfurnar sem mælt er fyrir um í 18. gr.:

Úrgangur sem inniheldur málma og fellur til við bræðslu og hreinsun málma

GB040	7112	Gjall sem fellur til við vinnslu eðalmálma og koparvinnslu og er ætlað til frekari hreinsunar
	262030	
	262090	

([1]) Þessi skrá er úr 3. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

([2]) IX. viðauka við Basel-samninginn má finna í skrá B í 1. hluta V. viðauka við þessa reglugerð.

([3]) Úrgangur „sem tvístrast ekki“ tekur ekki til úrgangs sem er duft, eðja, ryk eða föst efni sem í er hættulegur vökvaúrgangur.

Annar úrgangur sem inniheldur málma

GC010		Rafmagnssamstæður eingöngu úr málmum eða málmblöndum
GC020		Rusl úr rafeindabúnaði (t.d. prentplötur, rafeindaíhlutir og vírar) og endurunnir rafeindaíhlutir sem úr má endurvinna ódýra málma og eðalmálma
GC030	úr 890800	Skip, bátar og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs sem úr hefur verið fjarlægt allt sem kynni að flokkast sem hættuleg efni eða hættulegur úrgangur
GC050		Notaðir, fljótandi sundrunarhvatar (t.d. áloxíð, seólítar)

Glerúrgangur í formi sem tvístrast ekki

GE020	úr 7001	Úrgangur úr glertrefjum
	úr 701939	

Keramíkúrgangur í formi sem tvístrast ekki

GF010		Úrgangur úr keramíkvörum sem hafa verið brenndar eftir mótun, einnig leirílát (fyrir og/eða eftir notkun)

Annar úrgangur, einkum úr ólífrænum efnisþáttum, sem í geta verið málmar og lífræn efni

GG030	úr 2621	Botnaska og gjall frá kolakyntum orkuverum
GG040	úr 2621	Svifaska frá kolakyntum orkuverum

Plastúrgangur í föstu formi

GH013	391530	Vínylklóríðfjölliður
	úr 390410–40	

Úrgangur sem fellur til við sútun og vinnslu skinnavöru og notkun leðurs

GN010	úr 050200	Úrgangur úr burstum eða hárum ali- eða villisvína, greifingjahárum og öðru hári sem er notað við burstagerð
GN020	úr 050300	Hrosshársúrgangur, einnig sett í lag með stoðefni eða án þess
GN030	úr 050590	Úrgangur úr hömum og öðrum hlutum fugla, ásamt fiðri eða dúni, úr fjöðrum og fjaðrahlutum (einnig með jöfnuðum jöðrum) og dúni, ekki unninn frekar en hreinsaður, sótthreinsaður eða varinn skemmdum

III. VIÐAUKI A

BLANDA AF TVEIMUR EÐA FLEIRI ÚRGANGSTEGUNDUM SEM ERU TILGREINDAR Í III. VIÐAUKA OG FALLA EKKI UNDIR EINA FÆRSLU Í SAMRÆMI VIÐ 2. MGR. 3. GR.

III.VIÐAUKI B

ÚRGANGUR SEM KEMUR TIL VIÐBÓTAR ÞEIM ÚRGANGI SEM TILGREINDUR ER Í GRÆNU SKRÁNNI OG BÍÐUR ÞESS AÐ VERA FÆRÐUR Á SKRÁ Í VIÐEIGANDI VIÐAUKUM VIÐ BASEL-SAMNINGINN EÐA ÁKVÖRÐUN EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNARINNAR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 1. MGR. 58. GR.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÚRGANG SEM FELLUR UNDIR MÁLSMEÐFERÐ UM SKRIFLEGA FYRIRFRAMTILKYNNINGU OG SKRIFLEGT FYRIRFRAMSAMÞYKKI (ÚRGANGUR Í „GULRI“ SKRÁ) ([1])

I. hluti

Eftirfarandi úrgangur fellur undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki:

Úrgangur sem tilgreindur er í II. og VIII. viðauka við Basel-samninginn ([2]).

Að því er varðar þessa reglugerð:

a) Skal líta á allar tilvísanir í skrá B í VIII. viðauka við Basel-samninginn sem tilvísun í III. viðauka við þessa reglugerð.

b) Vísar setningin „þó ekki úrgangur af því tagi sem er sérstaklega tilgreindur í skrá B (IX. viðauki)“ í færslu A1010 í Basel-samningnum bæði til færslu B1020 í Basel-samningnum og athugasemdar við B1020 í b-lið I. hluta í III. viðauka við þessa reglugerð.

c) Gilda færslur A1180 og A2060 í Basel-samningnum ekki og þess í stað gilda OECD-færslur GC010, GC020 og GC040 í II. hluta í III. viðauka þar sem það á við.

d) Undir færslu A4050 í Basel-samningnum falla kerbrot úr álbræðslu þar eð þau innihalda Y33, ólífræn sýaníð. Ef sýaníðunum hefur verið eytt falla kerbrotin undir færslu AB120 í II. hluta þar eð þau innihalda Y32, ólífræn flúorsambönd, þó ekki kalsíumflúoríð.

II. hluti

Eftirfarandi úrgangur fellur einnig undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og skriflegt fyrirframsamþykki:

Úrgangur sem inniheldur málma

AA010	261900	Sindur, eldhúð og annar úrgangur sem fellur til við framleiðslu járns og stáls ([3])
AA060	262050	Vanadíumaska og -leifar ([3])
AA190	810420 úr 810430	Magnesíumúrgangur og -rusl sem er eldfimt, loftkveikjandi eða myndar eldfimar lofttegundir í hættulegu magni í snertingu við vatn

Úrgangur, einkum úr ólífrænum efnisþáttum, sem í geta verið málmar og lífræn efni

AB030		Úrgangur frá sýaníðlausum kerfum sem fellur til við yfirborðsmeðhöndlun málma
AB070		Sandur notaður í málmsteypu
AB120	úr 281290 úr 3824	Ólífræn halíðsambönd, ót.a.
AB130		Notaður blásturssandur
AB150	úr 382490	Óhreinsað kalsíumsúlfít og kalsíumsúlfat frá brennisteinshreinsun útblásturs

Úrgangur, einkum úr lífrænum efnisþáttum, sem í geta verið málmar og ólífræn efni

AC060	úr 381900	Vökvakerfisvökvar
AC070	úr 381900	Hemlavökvar
AC080	úr 382000	Frostlögur
AC150		Klórflúrkolefni
AC160		Halon

([1]) Þessi skrá er úr 4. viðbæti við ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar.

([2]) VIII. viðauka við Basel-samninginn má finna í skrá A í 1. hluta V. viðauka við þessa reglugerð. Í II. viðauka við Basel-samninginn eru eftirfarandi færslur: Y46 Sorp sem safnað er frá heimilum, nema það falli á viðeigandi hátt undir eina færslu í III. viðauka. Y47 Leifar eftir brennslu húsasorps.

([3]) Skráin tekur til úrgangs í formi ösku, leifa, gjalls, sindurs, skúms, eldhúðar, ryks, dufts, eðju og köku, nema efnið sé tilgreint skilmerkilega annars staðar.

AC170	úr 440310	Úrgangur úr meðhöndluðum korki og viði
AC250		Yfirborðsvirk efni
AC260	úr 3101	Fljótandi svínaskítur; saur
AC270		Skólpeðja
Úrgangur sem getur innihaldið hvort sem er ólífræna eða lífræna efnisþætti		
AD090	úr 382490	Úrgangur sem fellur til við framleiðslu, lögun og notkun íðefna til offsetljósmyndunar og ljósmyndunar, ót.a.
AD100		Úrgangur frá sýaníðlausum kerfum sem fellur til við yfirborðsmeðhöndlun plastefna
AD120	úr 391400 úr 3915	Jónaskiptaresín
AD150		Lífrænt efni sem finnst í náttúrunni og er notað sem síuefni (lífsíur)
Úrgangur, einkum úr ólífrænum efnisþáttum, sem í geta verið málmar og lífræn efni		
RB020	úr 6815	Trefjar, að stofni til úr keramíkefnum, með svipaða eðlisefnafræðilega eiginleika og asbest

IV. VIÐAUKI A

ÚRGANGUR SEM TILGREINDUR ER Í III. VIÐAUKA EN FELLUR UNDIR MÁLSMEÐFERÐ UM SKRIFLEGA FYRIRFRAMTILKYNNINGU OG SKRIFLEGT FYRIRFRAMSAMÞYKKI (3. MGR. 3. GR.)

V. VIÐAUKI

ÚRGANGUR SEM FELLUR UNDIR ÚTFLUTNINGSBANN Í 36. GR

Inngangur

1. Þessi viðauki gildir með fyrirvara um tilskipanir 91/689/EBE og 2006/12/EB.

2. Þessi viðauki skiptist í þrjá hluta og gilda 2. og 3. hluti eingöngu þegar 1. hluti gildir ekki. Til að ganga úr skugga um það hvort tiltekinn úrgangur sé tilgreindur í þessum viðauka þarf því fyrst að athuga hvort úrgangurinn sé tilgreindur í 1. hluta þessa viðauka og, ef hann er það ekki, hvort hann sé tilgreindur í 2. hluta og, ef hann er það ekki, hvort hann sé tilgreindur í 3. hluta.

   1. hluti skiptist í tvo undirþætti: í skrá A er úrgangur sem er flokkaður sem hættulegur skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. Basel-samningsins og sætir því útflutningsbanni og í skrá B er úrgangur sem fellur ekki undir a-lið 1. mgr. 1. gr. og sætir því ekki útflutningsbanninu.

   Ef úrgangur er tilgreindur í 1. hluta þarf að ganga úr skugga um hvort hann er tilgreindur í skrá A eða skrá B. Ef úrgangur er hvorki tilgreindur í skrá A né skrá B í 1. hluta þarf að athuga hvort hann sé annaðhvort tilgreindur sem hættulegur úrgangur í 2. hluta (þ.e. úrgangstegundir sem merktar eru með stjörnu) eða í 3. hluta og ef svo er sætir hann útflutningsbanninu.

3. Úrgangur, sem tilgreindur er í skrá B í 1. hluta eða er tilgreindur sem hættulaus úrgangur í 2. hluta (þ.e. úrgangur sem er ekki merktur með stjörnu), sætir útflutningsbanninu ef hann er mengaður öðrum efnum í svo miklum mæli að

   a) áhættan, sem tengist úrganginum með tilliti til hættulegu eiginleikanna, sem tilgreindir eru í III. viðauka við tilskipun 91/689/EBE, aukist svo mjög að hann falli undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og fyrirframsamþykki eða

   b) það komi í veg fyrir endurnýtingu úrgangsins á umhverfisvænan hátt.

1. hluti ([1])

Skrá A (VIII. viðauki við Basel-samninginn)

A1 MÁLMÚRGANGUR OG ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR MÁLMA

A1010 Málmúrgangur og úrgangur málmblandna sem innihalda eitt af eftirfarandi:

— Antímon

— Arsen

— Beryllíum

— Kadmíum

— Blý

— Kvikasilfur

— Selen

— Tellúr

— Þallíum

en ekki úrgangur af því tagi sem er sérstaklega tilgreindur í skrá B.

([1]) Tilvísanir í skrá A og B í I., III. og IV. viðauka vísa í viðaukana við Basel-samninginn.

A1020 Úrgangur, þó ekki málmúrgangur í miklum mæli, sem hefur sem innihaldsefni eða er mengaður einu af eftirfarandi:

— antímoni, antímonsamböndum

— beryllíumi, beryllíumsamböndum

— kadmíumi, kadmíumsamböndum

— blýi, blýsamböndum

— seleni, selensamböndum

— tellúri, tellúrsamböndum

A1030 Úrgangur sem hefur sem innihaldsefni eða er mengaður einu af eftirfarandi:

— arseni, arsensamböndum

— kvikasilfri, kvikasilfurssamböndum

— þallíumi, þallíumsamböndum

A1040 Úrgangur sem hefur sem innihaldsefni eitt af eftirfarandi:

— málmkarbónýl

— sexgild krómsambönd

A1050 Eðja frá galvanhúðun

A1060 Fljótandi úrgangur frá sýruböðun málma

A1070 Leifar sem falla til við skolun í sinkvinnslu, ryk og eðja á borð við jarósít og hematít

A1080 Sinkúrgangur, sem er ekki tilgreindur í skrá B og inniheldur blý og kadmíum í svo miklum styrk að þeir eiginleikar, sem tilgreindir eru í III. viðauka, koma fram

A1090 Aska frá brennslu einangraðs koparvírs

A1100 Ryk og leifar frá reykhreinsikerfum í koparbræðslum

A1110 Notaðar raflausnir frá raflausnarhreinsun og raflausnarmálmvinnslu kopars

A1120 Úrgangseðja, nema forskautseðja, frá hreinsikerfum fyrir raflausnir í raflausnarhreinsun og raflausnarmálmvinnslu kopars

A1130 Notaðar ætingarlausnir sem innihalda uppleystan kopar

A1140 Notaðir koparklóríð- og koparsýaníðhvatar

A1150 Aska eðalmálma frá brennslu prentplatna sem eru ekki tilgreindar í skrá B ([1])

A1160 Notaðir blýgeymar, heilir eða brotnir

A1170 Óflokkaðar, notaðar rafhlöður nema blöndur rafhlaðna sem eru allar í skrá B. Notaðar rafhlöður sem eru ekki tilgreindar í skrá B og innihalda efnisþætti sem falla undir I. viðauka í þeim mæli að þær teljist hættulegar

([1]) Athugið að í mótsvarandi færslu í skrá B (B 1160) er engin undanþága tilgreind.

A1180 Notaður raf- eða rafeindabúnaður eða úrgangur úr búnaði af því tagi ([1]), sem í eru íhlutir á borð við rafgeyma og rafhlöður sem eru í skrá A, kvikasilfursrofar, gler úr myndlömpum og annars konar virkt gler og þéttar með PCB-efni, eða sem er mengaður innihaldsefnum sem eru tilgreind í I. viðauka (t.d. kadmíumi, kvikasilfri, blýi, fjölklóruðu bífenýli) í svo miklum mæli að fram kemur einhver þeirra eiginleika sem tilgreindir eru í III. viðauka (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B1110) ([2])

A1190 Notaðir málmkaplar sem eru húðaðir eða einangraðir með plasti sem inniheldur eða er mengað með koltjöru, PCB ([3]), blýi, kadmíumi, öðrum lífrænum halógensamböndum eða öðrum efnisþáttum, sem tilgreindir eru í I. viðauka, að því marki að eiginleikar í III. viðauka komi fram

A2 ÚRGANGUR, EINKUM ÚR ÓLÍFRÆNUM EFNISÞÁTTUM, SEM Í GETA VERIÐ MÁLMAR OG LÍFRÆN EFNI

A2010 Glerúrgangur úr myndlömpum og öðru virku gleri

A2020 Úrgangur úr ólífrænum flúorsamböndum í vökva- eða eðjuformi en þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B

A2030 Notaðir hvatar en þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B

A2040 Úrgangsgifs sem fellur til við ferli í efnaiðnaði og í eru innihaldsefni úr I. viðauka í þeim mæli að það hefur hættulega eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B2080)

A2050 Úrgangsasbest (ryk og trefjar)

A2060 Svifaska frá kolakyntum orkuverum sem inniheldur efni, sem eru tilgreind í I. viðauka, í svo miklum styrk að þeir eiginleikar, sem eru tilgreindir í III. viðauka, koma fram (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B2050)

A3 ÚRGANGUR, EINKUM ÚR LÍFRÆNUM EFNISÞÁTTUM, SEM Í GETA VERIÐ MÁLMAR OG ÓLÍFRÆN EFNI

A3010 Úrgangur frá framleiðslu eða vinnslu jarðolíukoks og jarðbiks

A3020 Notaðar jarðolíur sem henta ekki lengur til upphaflegrar notkunar

A3030 Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður eðju með blýsamböndum til varnar vélabanki

A3040 Notaðir varmaflutningsvökvar

A3050 Úrgangur sem fellur til við framleiðslu, lögun og notkun resína, latexkvoðu, mýkiefna og límefna, þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B4020)

A3060 Nítrósellulósaúrgangur

A3070 Úrgangsfenól, fenólsambönd, einnig klórfenól í formi vökva eða eðju

A3080 Úrgangseterar, aðrir en þeir sem eru tilgreindir í skrá B

A3090 Úrgangur sem er duft, aska, eðja og mjöl úr leðri og inniheldur sexgild krómsambönd eða sæfiefni (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B3100)

A3100 Afklippuúrgangur og annar úrgangur úr leðri eða samsetningar úr leðri sem henta ekki til framleiðslu á leðurvörum og innihalda sexgild krómsambönd eða sæfiefni (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B3090)

([1]) Þessi færsla nær ekki yfir rusl frá tækjabúnaði raforkuvera.

([2]) Styrkur fjölklóraðra bífenýla (PCB) er 50 mg/kg eða meiri.

([3]) Styrkur fjölklóraðra bífenýla er 50 mg/kg eða meiri.

A3110 Úrgangur frá vinnslu skinnavöru sem inniheldur sexgild krómsambönd, sæfiefni eða smitandi efni (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B3110)

A3120 Fisléttur hluti frá tætingu

A3130 Úrgangur lífrænna fosfórsambanda

A3140 Úrgangur óhalógenaðra, lífrænna leysa en þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B

A3150 Úrgangur halógenaðra, lífrænna leysa

A3160 Úrgangur eimingarleifa, hvort sem þær eru halógenaðar eða ekki, sem eru ekki vatnskenndar og falla til við endurheimt lífrænna leysa

A3170 Úrgangur sem fellur til við framleiðslu alifatískra, halógenaðra vetniskolefna (s.s. klórmetans, díklóretans, vínylklóríðs, vínylídenklóríðs, allýlklóríðs og epíklórhýdríns)

A3180 Úrgangur, efni og hlutir sem innihalda, eru úr eða eru menguð fjölklóruðu bífenýli (PCB), fjölklóruðu terfenýli (PCT), fjölklóruðu naftalíni (PCN) eða fjölbrómuðu bífenýli (PBB) eða öðrum fjölbrómuðum hliðstæðum þessara efnasambanda í styrk sem er 50 mg/kg eða meiri ([1])

A3190 Tjörukenndar leifar (þó ekki asfaltsement) sem falla til við hreinsun, eimingu og hvers kyns hitasundrun lífrænna efna

A3200 Bikkennt efni (asfaltúrgangur) frá vegagerð og viðhaldi vega sem inniheldur tjöru (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B2130)

A4 ÚRGANGUR SEM Í GETA VERIÐ HVORT HELDUR ÓLÍFRÆNIR EÐA LÍFRÆNIR EFNISÞÆTTIR

A4010 Úrgangur frá framleiðslu, tilreiðslu og notkun lyfjavara en þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B

A4020 Klínískur úrgangur og skyldur úrgangur, þ.e. úrgangur sem fellur til við lækningar, hjúkrun, tannlækningar, dýralækningar eða svipaða starfsemi og úrgangur sem fellur til á sjúkrahúsum og svipuðum stofnunum við rannsóknir eða meðhöndlun sjúklinga eða við rannsóknarverkefni

A4030 Úrgangur frá framleiðslu, lögun og notkun sæfiefna og plöntulyfja, einnig úrgangur varnarefna og illgresiseyða sem standast ekki forskriftir, eru komin fram yfir fyrningardagsetningu ([2]) eða henta ekki til upphaflegrar notkunar

A4040 Úrgangur frá framleiðslu, lögun og notkun viðarvarnarefna ([3])

A4050 Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður einhverju af eftirfarandi:

— ólífrænum sýaníðum, þó ekki leifum með eðalmálmum í föstu formi sem innihalda snefil af ólífrænum sýaníðum

— lífrænum sýaníðum

A4060 Úrgangur sem er blanda olíu og vatns, vetniskolefna og vatns og ýrulausnir

A4070 Úrgangur sem fellur til við framleiðslu, lögun og notkun prentlita, leysilita, fastlita, málningar, lakks og fernisolíu, þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B4010)

A4080 Sprengifimur úrgangur (þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B)

A4090 Úrgangur súrra eða basískra lausna, annar en sá sem er tilgreindur í samsvarandi færslu í skrá B (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B2120)

([1]) Styrkur, sem nemur 50 mg/kg, telst alþjóðlega viðurkennd viðmiðunarmörk fyrir allan úrgang. Mörg ríki hafa þó sett strangari viðmiðunarmörk (t.d. 20 mg/kg) fyrir tiltekinn úrgang.

([2]) „Kominn fram yfir fyrningardagsetningu“ merkir að notkun fer ekki fram fyrir þá fyrningardagsetningu sem framleiðandinn hefur tilgreint.

([3]) Þessi færsla nær ekki til timburs sem hefur verið meðhöndlað með viðarvarnarefnum.

A4100 Úrgangur frá hreinsibúnaði fyrir mengað loft í iðnaðarstarfsemi en þó ekki úrgangur af því tagi sem er tilgreindur í skrá B

A4110 Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður einhverju af eftirfarandi:

— hvers kyns efnasamböndum úr flokki fjölklóraðra díbensófúrana

— hvers kyns efnasamböndum úr flokki fjölklóraðra díbensódíoxína

A4120 Úrgangur sem inniheldur, er úr eða er mengaður peroxíðum

A4130 Notaðar umbúðir og ílát sem innihalda efni, sem eru tilgreind í I. viðauka, í þeim styrk að fram koma hættulegir eiginleikar sem eru tilgreindir í III. viðauka

A4140 Úrgangur sem er úr eða sem í eru íðefni sem standast ekki forskriftir eða eru komin fram yfir fyrningardagsetningu ([1]) og svara til flokkanna í I. viðauka og hafa hættulega eiginleika sem eru tilgreindir í III. viðauka

A4150 Úrgangur íðefna sem falla til við rannsóknir og þróunarstarf eða kennslu og sem hafa ekki verið sanngreind og/eða eru ný og áhrif þeirra á heilbrigði manna og/eða umhverfið eru ekki þekkt

A4160 Notuð, virk kol sem eru ekki tilgreind í skrá B (sjá einnig skylda færslu í skrá B, B2060)

Skrá B (IX. viðauki við Basel-samninginn)

B1 MÁLMÚRGANGUR OG ÚRGANGUR SEM INNIHELDUR MÁLMA

B1010 Úrgangur málma og málmblandna í formi sem tvístrast ekki:

— eðalmálmar (gull, silfur og platínuflokkurinn, þó ekki kvikasilfur)

— rusl úr járni og stáli

— koparrusl

— nikkelrusl

— álrusl

— sinkrusl

— tinrusl

— volframrusl

— mólýbdenrusl

— tantalrusl

— magnesíumrusl

— kóbaltrusl

— bismútrusl

— títanrusl

— sirkonrusl

— manganrusl

— germaníumrusl

— vanadíumrusl

([1]) „Kominn fram yfir fyrningardagsetningu“ merkir að notkun fer ekki fram fyrir þá fyrningardagsetningu sem framleiðandinn hefur tilgreint.

— hafníum-, indíum-, níóbíum-, reníum- og gallíumrusl

— þórínrusl

— lantaníðarusl

— krómrusl

B1020 Hreint, ómengað málmrusl, einnig málmblöndur, sem fullunnið hráefni (þynnur, plötur, bitar, stengur o.s.frv.):

— antímonrusl

— beryllíumrusl

— kadmíumrusl

— blýrusl (þó ekki blýgeymar)

— selenrusl

— tellúrrusl

B1030 Leifar sem innihalda torbrædda málma

B1031 Mólýbden-, volfram-, títan-, tantal-, níóbíum- og reníumúrgangur málma og málmblandna í tvístranlegu formi (málmduft), að undanskildum úrgangi sem tilgreindur er í færslu A1050 í skrá A, eðja frá galvanhúðun.

B1040 Rusl frá tækjabúnaði raforkuvera sem er ekki mengað smurolíu, PCB eða PCT í þeim mæli að það teljist hættulegt

B1050 Þungur hluti blandaðra málma, annarra en járns, sem inniheldur ekki efni sem eru tilgreind í I. viðauka í svo miklum styrk að fram komi eiginleikar sem tilgreindir eru í III. viðauka ([1])

B1060 Úrgangur úr seleni og tellúri sem frumefni í málmformi, einnig duft

B1070 Úrgangur úr kopar og koparblöndum í tvístranlegu formi, svo fremi hann innihaldi ekki efnisþætti sem eru tilgreindir í I. viðauka í þeim mæli að fram komi eiginleikar sem eru tilgreindir í III. viðauka

